

Sögur af brotnum strákum

Hörður Jóhannesson er sannfærður um að mörgum sem urðu á vegi hans hefði mátt bjarga hefðu þeir átt betri æsku. ➔22



Nýstárlegt úr sveppum ➔30



Makrílævintýri við Keflavík ➔28



➔46 Rýnt í dagskrá leikhúsanna

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlökönnun Gallup apríl-júní 2015

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísí og í Fréttablaðs-appinu



Þú færð appið á vísir.is/fbl eða beint í gegnum App Store, Google Play og Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

Tungumálanám

með áherslu á framburð og talmál. Staðbundið nám og fjarnám.

Skráning stendur yfir.
Tungumal.is • s 540 8400 • gsm 820 3799 • www.tungumal.is



ÁSKRIFTARKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Bókaðu áskrift með einföldum hætti á borgarleikhus.is



Veður



Hæg austlæg átt, víðast hvar í dag. Skýjað með köflum eða bjartviðri, en skúrir á stöku stað, einkum sunnan- og vestanlands síðdegis. Hiti 8 til 14 stig. **SJÁ SÍÐU 44**

Óreiða í fjármálum olli tapinu

AKUREYRI Bæjarráð Akureyrar hefur ákveðið að veita Menningarfélagi Akureyrar (MAK) 75 milljóna króna fyrirframgreiðslu vegna slæmrar fjárhagsstöðu félagsins.

Er slæm fjárhagsstaða rakin til ófullnægjandi bókhaldsvinnu og óreiðu í fjármálum sem voru í höndum Gunnars I. Gunnsteinssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra MAK, sem sagði upp í nóvember. Verður fjárhæðin dregin af framlögum bæjarins næstu tvö rekstrartímabil.

„Staðan þegar ég kom inn í félagið var þröng, nokkurs konar óvissu-ástand, og erfið fyrir starfsfólkið þannig að ég leitaði fljótlega til bæjarins eftir ráðleggingum og aðstoð,“ segir Þuríður Helga Kristjánsdóttir, núverandi framkvæmdastjóri MAK. „Bærinn veitti bæði stuðning og ráðgjöf sem endar núna í því að bærinn veitir okkur fyrirframgreiðslu.“

Í lok nóvember síðastliðins sagði Gunnar I. Gunnsteinsson upp störfum af persónulegum ástæðum, eins og sagt var í yfirlýsingu frá félaginu. Nú hefur komið á daginn að fjármálaóreiða var ein stærsta ástæða þess að Gunnar hætti.

Þuríður Helga segir það hafa



Þuríður Helga Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri MAK

tekið um tvo mánuði að ná yfirsýn yfir rekstur félagsins og hafði KPMG aðstoðað við endurskoðun til að hægt væri að átta sig á stöðunni.

„Við vonumst eftir því núna að vinna okkur úr þessari stöðu. Það eru allir starfsmenn boðnir og búnir að vinna að þessu verkefni,“ segir Þuríður Helga. – sa

Ljósín kveikt



Þessir harðduglegu menn unnu að því að setja saman sviðið fyrir tónleika kanadíska söngvarans Justins Bieber. Tvennir tónleikar verða haldnir í Kórnum í Kópavogi þann 8. og 9. september og marka þeir upphaf Evrópuhluta tónleikaferðalags Biebers. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ASÍ gagnrýnir frumvarp um húsnæðis kaup

HÚSNÆÐISMÁL Það er mat ASÍ að skattfrjáls nýting séreignarsparnaðar til kaupa á fyrstu íbúð gagnist í bráð fyrst og fremst þeim sem eiga eigið fé og hafa greiðslugetu til þess að standast greiðslumat hjá fjármálastofnun. Aðgerðin gagnist hins vegar lítið þeim sem eru í mestum vanda á húsnæðismarkaði.

Þetta kemur fram í umsögn Albýðusambandsins um lagafrumvarp um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. Að mati ASÍ felast lausnir í húsnæðismálum fyrir ungt fólk og tekjulág heimili í því að ráðast að rót vandans, sem eru háir vextir, gallað húsnæðislánakerfi og skortur á hagkvæmu leiguhúsnæði.

Því sé brýnt að forgangsraða í stuðning og uppbyggingu á leiguíbúðakerfinu sem gæfi ungu fólki tækifæri á öruggu húsnæði á viðráðanlegum kjörum. – sa



Sigurður Ingi Jóhannsson tók við embætti forsætisráðherra í apríl eftir að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sagði af sér embætti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Aukinn þrýstingur á Sigurð Inga í framboð

Þrýst er á Sigurð Inga Jóhannsson forsætisráðherra að bjóða sig fram til formanns Framsóknarflokksins. Útilokar ekki framboð. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson nýtur ekki óskoraðs trausts sem oddviti flokksins í kjördæmi sínu.

STJÓRNMÁL Vaxandi þrýstingur er á Sigurð Inga Jóhannsson, forsætisráðherra og varaformann Framsóknarflokksins, að bjóða sig fram til formanns á flokksþingi sem fara mun fram fyrir kosningarnar 29. október.

Heimildarmaður úr Framsóknarflokknum sem Fréttablaðið talaði við segist skynja vaxandi þrýsting á Sigurð Inga úr flokknum, enda talar Sigurður Ingi á öðrum nótum nú en hann hefði áður gert. Heimildarmaðurinn sagði að Eygló Harðardóttir, ritari flokksins, myndi að öllum líkindum styðja Sigurð Inga gegn Sigmundi ef hann byði sig fram. Eygló svaraði ekki skilaboðum blaðsins þegar reynt var að hafa samband við hana.

Á Fundi fólksins, sem fram fór í gær, var Sigurður Ingi spurður út í mögulegt formannsframboð á komandi flokksþingi. Hann sagðist aldrei hafa útilokað eitt né neitt. „Ég hef sagt að ég muni ekki bjóða mig fram gegn sitjandi formanni en ég sagði það jafnframt að ég hef tekið að mér öll þau verkefni sem flokkurinn hefur falið mér.“

Sigurður Ingi vildi ekki svara spurningum blaðamanns um það hvort Sigmundur Davíð yrði beðinn um að hætta við formannsframboð.

„Okkar flokkur hefur þær aðferðir að við erum ekki að skylmast í fjölmöllum. Í sumum flokkum hafa menn gengið svolítið langt í því að ráðast á forystu flokksins. Það gerum við ekki í Framsóknarflokkn-

um. Við bara fjöllum um þetta á okkar vettvangi og það munum við gera,“ sagði Sigurður Ingi.

Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins í Nordausturkjördæmi, ritaði flokksmönnum bréf í vikunni þar sem hann sagðist hafa hug á að bjóða sig fram gegn Sigmundi sem oddviti kjördæmisins. Einnig hvatti hann Sigurð Inga forsætisráðherra til að gefa kost á sér sem formaður flokksins.

Líneik Anna Sævarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins í sama kjördæmi, gefur kost á sér í 1. til 3. sæti. Þá hefur fréttavefur Stundarinnar greint frá því að þingmaðurinn Þórunn Egilsdóttir gefi líka kost á sér í 1. sæti í þessu sama kjördæmi. jonhakon@frettabladid.is

Krít

Verð frá 60.900 kr.
Á mann m.v. 4 í íbúð með 1 svefnherbergi á Gerona Mare.
Verð frá: 89.900 kr. á mann m.v. 2 í íbúð.
2 fyrir 1 á flugsætum í pakka.

8. sept. 11 nætur

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS

AFMÆLIS ÚTSALA

60
ÁRA
1956 - 2016

Þjóðum í sannkallaða útsöluveislu í tilefni 60 ára afmælis Húsasmiðjunnar

ÞJÓÐUM ÖLLUM ÓKEYPIS ÍS

Á laugardag í Húsasmiðjunni Skútuvogi kl. 13-16 og Akureyri kl. 10-16



ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

- Flísar 20-40% afsláttur
- Pottaplöntur 20-50% afsláttur
- Handverkfæri 20- 30% afsláttur
- Gjafavara Blómaaval 20-50% afsláttur
- Verkfæratöskur 20-50% afsláttur
- Ljós 25% afsláttur
- Kerti 20% afsláttur
- Stanley verkfæri 20% afsláttur
- Black & Decker rafmagnsverkfæri 25% afsláttur
- Hitachi rafmagnsverkfæri 20% afsláttur
- DeWalt rafmagnsverkfæri 20% afsláttur
- Álstigar og -tröppur 20% afsláttur
- Garðverkfæri 30% afsláttur
- Ryksugur 20% afsláttur
- Plastkassar 30% afsláttur
- Garðálfar 50% afsláttur
- Plastkörfur 25% afsláttur
- Straubretti 25% afsláttur
- Þvottasnúrur 25% afsláttur
- Luktir 20% afsláttur
- Valdar innihurðir frá Jeld Wen 20% afsláttur
- Nilfisk háprýstidælur og ryksugur 20% afsláttur
- Henrad miðstöðvarofnar 20% afsláttur
- Stanley loftpressur 25% afsláttur
- Málning 20% afsláttur
- Vegg- og loftapiljur 20% afsláttur
- Útiarinn 25% afsláttur
- Örbylgjuofnar 20% afsláttur
- Búsáhöld 25-30% afsláttur
- Fatnaður 15-20% afsláttur
- Reiðhjól 30% afsláttur
- Valdar vörur á lækkuðu verði:
Frystikistur • Parket
Blöndunartæki • Handlaugar

... og margt fleira!



*Gildir ekki af tilbodum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíki. Vörurval getur verið misjafnt milli verslanna.

40% - 40% - 50% - 20% - 30% - 40%
- BRJÁLUD TILBOÐ - BRJÁLUD TIL


Skóðu
öll tilboðin
í Húsasmiðju-
blaðinu á
www.husa.is

Byggjum á betra verði



www.husa.is

VIKAN 28.08.16-03.09.16



40-50

tilkynningar um að reynt hafi verið að tæla barn upp í bíl berast lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu árlega.


30

milljörðum króna nam velta **Vinbúðanna** í fyrra. Þar af voru tæpir **10 milljarðar** af sölu tóbaks.



1,5

milljarða bónusgreiðsla til starfsmanna Kaupþings var samþykkt.



1.800

tonn af lambkjöti eru eftir í frysti frá síðustu slátrun haustið 2015. 10.000 tonn eru framleidd árlega. 3.000 tonn eru flutt út á hverju ári.



16

stiga sigur á Sviss, 88-72, unnu strákarnir í íslenska landsliðinu í körfubolta í undankeppni EM 2017.

48%

aukning hefur orðið í sölu lúxusbíla á árinu miðað við sama tímabil í fyrra.

121

tilkynning um **kynferðisbrot** hefur borist lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu það sem af er ári. Tilkynnt var um **27 kynferðisbrot** í júlí.

Þrjú í fréttum Bónusgreiðsla, bið eftir löngu og fíkniefni

Sigurður Ingi Jóhannsson
forsætisráðherra

sagði boðaða 1,5 milljarða króna bónusgreiðslu til starfsmanna Kaupþings í raun og veru mjög taktlausu og jafnvel síðlausu. Forsætisráðherrann sagði Íslendinga illa þola óréttláta skiptingu.



Kári Stefánsson,

forstjóri
Íslenskrar
erfðagreiningar,

kvaðst vera að safna liði sem mun fylgjast grannt með því hvernig núverandi stjórnarflokkar sinna heilbrigðiskerfinu fyrir kosningar. Ef ekki verði gert raunverulegt átak muni lið hans gera allt til þess að sannfæra kjósendur um að hunsu flokkana í kosningum.



**Guðný Hrund
Karlsdóttir,**

sveitarstjóri í
Húnaþingi
vestra,

segir mælinn fullan hvað varðar viðbragðstíma lögreglunnar í neyðartilvikum. Lögreglan var í tvær klukkustundir að koma á staðinn þegar maður drukknaði í bíl í höfninni á Hvammstanga þar sem mannskapurinn var á skotæfingu.



Kannabismarkaður Kristjáníu rifinn niður í kjölfar skotárásar

Kannabissölubásar á Pusher-stræti í Kristjáníu voru teknir niður í gær af íbúum fríríkisins. Maður á þrítugsaldri skaut tvo lögreglumenn og einn ferðamann á fimmtudag og er sagður liðsmaður Íslamska ríkisins. Talsmaður íbúa segir árásina kornið sem fyllti mælinn en ein af fáum reglum ríkisins er bann við ofbeldi.

DANMÖRK Íbúar fríríkisins Kristjáníu í Danmörku rifu í gær kannabissölubása á Pusher-stræti, göngugötu sem fræg er fyrir opna sölu kannabisafurða. Lögregla kallaði á fimmtudag eftir slíkum aðgerðum í kjölfar skotárásar á strætinu. 25 ára bosniskættaður Dani skaut þá tvo lögreglumenn og einn ferðamann. Árásarmaðurinn lést af sárnum sínum í gær en eftir að hann flúði vettvang hafði lögregla upp á honum, til skothríðar kom og varð árásarmaðurinn fyrir skoti. Annar lögreglumannanna liggur enn á gjörgæslu.

Danska ríkissjónvarpið (DR) sýndi frá því þegar um þúsund íbúar Kristjáníu mættu á Pusher-stræti með sagir, borvélar og kúbein til þess að taka sölubásana niður. Risenga Manghezi, talsmaður íbúa, sagði í samtali við DR að niðurrifið væri mikilvægt. „Það er mikilvægt að gera þetta í dag og hugsa til særða lögreglumannsins. En við getum því miður ekki tryggt að básar sem þessir risi ekki á ný,“ sagði Manghezi.

„Við getum ekki tryggt að básarnir risi ekki á ný. Til þess þörfnumst við hjálpar frá öllum Dönum. Ef þið styðjið Kristjáníu þá hættið þið að kaupa kannabisið ykkar hér,“ segir í fréttatilkynningu sem Manghezi sendi út í gær. Þar fordæmir hann einnig kannabismarkaðinn og segir hann glæpsamlegan, enda er sala á kannabisi ólögleg í Danmörku.

Hulda Mader, annar talsmaður íbúa, sagði í viðtali við DR að mjög fáar reglur giltu í Kristjáníu. „Ein þeirra er engin vopn. Önnur er ekkert ofbeldi. Þessi árás var kornið sem fyllti mælinn,“ sagði Mader. „Það voru allt of margir básar og allt of



Íbúar Kristjáníu rífa niður kannabissölubása á Pusher-stræti. NORDICPHOTOS/AFP

17

milljarðar króna er talin
árleg velta kannabismarkaðar
Kristjáníu.

45 ár frá stofnun

Fríríkið Kristjánía var stofnað árið 1971 í hjarta Kaupmannahafnar. Borgaryfirvöld segja Kristjáníu kommúnu innan borgarmarkanna en lög um Kristjáníu frá árinu 1989 gefa fríríkinu nokkurt vald yfir því hvernig málum þess er háttað.

Sala kannabiseigna hefur verið nokkuð frjálslig í Kristjáníu í áratugi en frá og með árinu 2004 hafa áhlaup lögreglu verið tíð.

margir utanaðkomandi seljendur sem við þekktum ekki. Þeir voru grímuklæddir og Kristjánía skipti þá engu máli,“ bætti Mader við.

Talsmenn Amaq, áróðursdeildar hryðjuverkasamtakanna sem kenna sig við íslamskt ríki, sögðu árásarmanninn í gær hafa verið einn af hermönnum þeirra. Lögregla hafði áður greint frá því að sönnunargögn bentu til þess að maðurinn væri fylgjandi málstað Íslamska ríkisins, þó væri ósannað að það væri orsök árásarinnar. thorgnyr@frettabladid.is

LANGTÍMALEIGA

NÚNA ER RÉTTA TÆKIFÆRIÐ

Núna er rétta tækifærið til að gera langtímaleigusamning hjá Átak bílaleigu. Þeir sem gera langtímasamning til **24 mánaða** eða lengur fyrir **10. september** fá **30% afslátt** af fyrsta mánuðinum og **10.000 kr.** eldsneytisneign hjá Olís.

INNIFALIÐ Í ÞJÓNUSTUNNI

Bifreiðagjöld • tryggingar • sumardekk • vetrardekk • þjónustuskoðanir dekkjaskipti • olíuskipti • hefðbundið viðhald • 2.000 km á mánuði.

Þú færð alþrif á bílnum einu sinni í mánuði

Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • Sími: 554 6040 • atak@atak.is • www.atak.is

30%

30% afsláttur af
fyrsta mánuðinum

10

Þús. kr.
10.000 kr. inneign á
eldsneyti hjá Olís

átak

BÍLALEIGA

ALLAR
GÓLFMOTTUR
20%
AFSLÁTTUR

RÚMFATA
LAGERINN

29 ÁRA



ALLIR SÓFAR
29%
AFSLÁTTUR

ALLIR SKENKIR
OG GLERSKÁPAR
29%
AFSLÁTTUR

ALLAR
GARDÍNUR
20-40%
AFSLÁTTUR

*GILDIR TIL 04.09

ALLAR
FERDATÖSKUR
20-40%
AFSLÁTTUR

ÖLL KREP-
SÆNGURVERASETT
30%
AFSLÁTTUR

ALLAR SKÓ-
HILLUR OG FATASLÁR
20%
AFSLÁTTUR

ALLAR ÚTI-
DYRAMOTTUR
20%
AFSLÁTTUR

ALLIR
SKRIFBORDSSTÓLAR
29%
AFSLÁTTUR

ALLAR
DÚNSÆNGUR
20-50%
AFSLÁTTUR

*GILDIR TIL 04.09

ALLT KING
COLE GARN
20%
AFSLÁTTUR

ALLAR
BASTKÖRFUR
20%
AFSLÁTTUR

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

ÖLL TILBOÐ GILDA TIL 07.09 NEMA
Á GARDÍNUM* OG DÚNSÆNGUM*

ALLIR WELLPUR
HELSUKODDAR
29%
AFSLÁTTUR

BAKLEIKFIMI MÚSIKLEIKFIMI & AQUA FITNESS UNDIR LEIÐSÖGN SJÚKRAÞJÁLFA

Hefst 8. september



Í GRENSÁSLAUG, GRENSÁSVEGI 64



Í HEILSUBORG, FAXAFENI 14



Námskeið frá 8. sept. til 21. des. 2016

Heilsuborg

Bakleikfimi & Músikleikfimi:

kl 12.05 þriðjudaga og fimmtudaga (miðlungsálag - stig 2)

kl 16.20 þriðjudaga og fimmtudaga (létt álag - stig 1)

kl 17.20 þriðjudaga og fimmtudaga (meira álag - stig 3)

Grensáslaug

Bakleikfimi:

kl 12.05 mánudaga og miðvikudaga (létt álag - stig 1) **Fullt**

kl 16.15 mánudaga og föstudaga (létt álag - stig 1)

Aqua fitness - Þol og styrkur - Tónlist og fjör:

kl 17.00 mánudaga og föstudaga (miðlungs álag - stig 2)

kl 17.45 mánudaga og kl 18.00 miðvikudaga (meira álag - stig 3).



BREIÐU BÖKIN

Upplýsingar og skráning:
www.bakleikfimi.is



Gestir skáru niður grænmeti sem annars hefði farið í ruslið og gerðu úr súpu. Þannig var athygli beint að matarsóun.

Líf og fjör á Fundi fólksins

Margmenni var á lýðræðishátíðinni Fundur fólksins í gær. Eyþór Árnason, ljósmyndari Fréttablaðsins, kíkti í Norræna húsið og tók myndir af viðstöddum.



Fulltrúar þeirra stjórnmalaflokka sem eiga sæti á þingi auk Viðreisnar tóku þátt í pallborðsumræðum og svöruðu spurningum umræðustjórnanda.



Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðgjafi herra sat fyrir svörum.



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, ásamt öðrum fundargestum við listræna setningu fundarins.

Verðlaunabíllinn Hyundai i10



ENNEMM / SIA / NM76632



50.000 KR. KAUPAUKI!

Öllum nýjum Hyundai i10 fylgir
50.000 kr. bensínkort í september.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Nýr Hyundai i10 hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir glæsilega hönnun og frágang. Hyundai i10 er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Blaðamenn sem prófuðu nýjan Hyundai i10 voru á einu máli um að hér væri á ferðinni einstakur smábíll í hæsta gæðaflokki.

Hyundai i10 - Verð frá 1.890.000 kr.



HYUNDAI | NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.



Comfort útgáfa verð 2.090.000 kr. / upphitað leðurstýri / upphituð sæti / upphitaðir rafdrifnir speglar / rafdrifnar fram- og afturrúður / ESP stöðugleikastýring / hjómtæki með geislaspilara, MP3 afspilun, USB og iPod tengi. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð. *Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kaupúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

Hjólandi komast ekki ætíð á leiðarenda

SAMGÖNGUR Hjólreiðamönnum getur reynst erfitt að komast milli staða með strætó en dæmi eru um að þeim sé vísað úr vagninum með hjól sín áður en þeir eru komnir á leiðarenda.

Fram kemur í reglum Strætó að heimilt er að ferðast með reiðhjól í Strætó meðan og ef rými leyfir. Barnavagnar og hjólastólar hafa forgang og geta hjólreiðamenn því átt á hættu að vera vísað úr vagninum. Þá fá hjólreiðamenn skiptimíða og geta tekið næstu ferð á eftir.

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmda-

Þetta veldur oft pírtingi milli vagnstjóra og þeirra sem eru á hjólinu.

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó



stjóri Strætó, segir fyrirtækið ekki geta breytt reglunum þar sem rými sé takmarkað. „Okkur finnst að fólk sem er á hjóli geti hjólað leið sína, en erfiðara er fyrir þá sem eru með barnavagn að ganga á leiðarenda,“ segir hann en nokkuð margar kvartanir berast Strætó vegna svona mála.

„Þetta veldur oft pírtingi milli vagnstjóra og þeirra sem eru á hjólinu. Í gegnum tíðina hafa svona mál komið upp. Það sem við getum gert betur er að kynna þessar reglur vel svo fólk sé meðvitaðra um þetta,“ segir Jóhannes. – sg



Embassy – Housing

The American Embassy, is seeking to lease a house in the Reykjavik area as of **October 1st, 2016**. Required size is 180 – 300 square meters, 2 bathrooms, garage and permission to keep pets.

Lease period is for 3 years. Please send an e-mail to: sveinssonk@state.gov before september 12th with information about the location (street and house number) and phone number of the contact person showing the property.

Sendiráð – Húsnæði

Bandaríska Sendiráðið óskar að taka á leigu Hús á Reykjavíkursvæðinu frá **1. október 2016**. Æskileg stærð 180 – 300 fermetrar, 2 baðherbergi, Bílskúr og leyfi til að hafa gæludýr.

Leigutími 3 ár. Vinsamlegast sendið tölvupóst á: sveinssonk@state.gov fyrir 12. september með upplýsingum um staðsetningu eignarinnar (götuheiti og húsnúmer) og símanúmer þess sem sýna mundi eignina.

Endalaust sumar

ENDALAUS GSM
2.990 KR.*



ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG 30 GB GAGNAMAGN*

*Greitt er aukalega fyrir farsímanúmer erlendis, til útlanda og upplýsinganúmer. Nánari upplýsingar er að finna í GSM skilmálum á 365.is
*30 GB gagnamagn er innifalið í hverjum mánuði en endalaust gagnamagn fyrir 2.000 krónur bætt við ef farið er umfram 30 GB

1817 | 365.is | 365



Bláberin verða notuð í sérstakt haustjógúrt Örnú FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS

Bolvíkingar tíndu tvö tonn af bláberjum

Í haust mun Arna setja á markað grískt jógúrt úr aðalbláberjum sem heimamenn tíndu í sumar.

BOLUNGARVÍK Mjólkurframleiðslufyrirtækið Arna hefur fest kaup á tveimur tonnum af íslenskum aðalbláberjum sem íbúar Bolungarvíkur tíndu í sumar til þess að hefja framleiðslu á nýju grísku jógúrti.

„Sumir voru ansi drjúgir, menn voru að tína upp í nokkur hundruð kíló,“ segir Hálfán Óskarsson, framkvæmdastjóri Örnú.

Í lok júlí auglýstu forsvarsmenn Örnú að þeir vildu kaupa bláber af duglegu fólki sem hefði gaman af því að veltast um fjallshlíðarnar með berjabláma í lófunum en Arna hyggst framleiða haustjógúrt, grískt jógúrt með aðalbláberjum, sem verður pakkað í glerkrúkkur.

„Þetta er árstíðarvara sem við stefnum á að hafa á haustin og verður hún seld í takmörkuðu magni á meðan bláberin endast,“ segir Hálfán. „Þetta kemur vonandi á markað upp úr miðjum september og fer í allar búðir sem vilja taka þetta inn.“

Í sumar voru þrjú ár frá því að mjólkurframleiðsla hófst hjá Örnú

Sumir voru ansi drjúgir, menn voru að tína upp í nokkur hundruð kíló.

Hálfán Óskarsson, framkvæmdastjóri Örnú í Bolungarvík



í Bolungarvík. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá var gríðarleg aukning í eftirspurn eftir vörum frá Örnú í sumar þegar umræðan um Mjólkursamsöluna og samkeppnismál stóð sem hæst.

Hálfán segir enn mikið að gera hjá fyrirtækinu. „Það er mikil aukning hjá okkur núna. Það er stöðug aukning,“ segir hann. Hálfán sagðist í samtali við Markaðinn í ágúst búast við fimm til sex hundruð milljóna króna veltu á árinu sem er rúmlega tvöföldun frá því í fyrra. saeunn@frettabladid.is

Kláraðu innkeyrsluna fyrir haustið

Við aðstoðum þig að velja rétta efnið í innkeyrsluna.



Frí ráðgjöf landslagsarkitekta

Nýttu þér ráðgjöf landslagsarkitekta okkar. Þeir aðstoða þig við efnisval og hjálpa þér að útfæra hugmyndir þínar um fallegan garð.

Bókaðu tíma í síma 412 5050

bmvalla.is



BM-VALLÁ



BENTU Á ÞANN...



TILNEFNINGAR ÓSKAST

til Hvatningarverðlauna ÖBÍ fyrir 15. september n.k. Sjá nánar á www.obi.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

STÓRSÝNING TOYOTA Í DAG KL. 12-16

HAUSTGÍRINN

HJÁ ÖLLUM VIÐURKENNDUM SÖLUAÐILUM



Avensis Touring Sports með aukahlutapakka:

Leiðsögukerfi, dráttarveisli, farangursbox og þverbogar. **Verðmæti: 399.000 kr.**

Avensis Sedan með aukahlutapakka:

Leiðsögukerfi, króm á púst, krómlistar á allar hliðar og gluggavindhlífar. **Verðmæti: 322.000 kr.**



RAV4 2WD dísil eða Hybrid með kaupauka að eigin vali:

- Ferðaklár með sex manna tjaldi, gasgrilli og fl. í **486.000 kr. ferðapakka.**
- Dráttarklár með kerru og dráttarveisli í aukahlutapakka að **verðmæti 344.000 kr.**



Corolla á sérkjörum

Valdar gerðir úrvalsbíla á áður óséðu sértíloboðsverði.



Auris á sérkjörum

Valdar gerðir úrvalsbíla á áður óséðu sértíloboðsverði.



AYGO með 2 ára þjónustupakka:

Skoðun og smurning í tvö ár!

Fleiri glæsileg sértíloboð á sýningunni!

Við setjum í haustgír með stórsýningu hjá öllum viðurkenndum söluaðilum Toyota laugardaginn 3. september. Nú er rétti tíminn til að gera frábær kaup og ná sér í veglegan kaupauka.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

Kynntu þér **Toyota FLEX**

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

Lág
innborgun

Tryggt
fram tíðarvirði

Fastar
mánaðargreiðslur



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bílnir í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

Spurðu söluráðgjafa út í
haustgíruð sértíloboð!

Fyrstu heyrnartækin sem taka eðlilegri heyrn fram í háværu umhverfi

Siemens Pure binax eru fyrstu heyrnartæki veraldar sem gera þér kleift að heyrna betur en fólk með eðlilega heyrn. Þessi nýju tæki nota háþróaða bínaural tækni sem dregur sjálfvirkir fram einmitt það sem þú vilt heyrna en sjar jafnframt burt eða dempar þau óþarfa hljóð sem þú vilt ekki heyrna. Þú getur einnig stefnumiðað hlustunarsviði tækjanna

og þannig beint hlustun þinni að einmitt þeirri manneskju sem þú ræðir við hverju sinni. Þannig gera tækin þér auðveldara að halda uppi samræðum í háværu fjölmenni. Rannsóknir sýna enn fremur að binax tækin greina tal betur í hávaða en fólk með eðlilega heyrn getur. Binax tækin tengjast einnig snjallsímanum þínum svo þú getur stjórnað styrk, hlustunarkerfum og fleiru í gegnum símann.

Komið,
prófið og
sannfærast!

www.bestsound-technology.is

Siemens heyrnartækin

Söluaðili á Íslandi: Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Háaleitisbraut 1, s:5813855, www.hti.is

Gríðarleg eyðilegging



Íbúar Alligator Point í Flórídafylki í Bandaríkjunum virða fyrir sér skemmdir sem urðu á vegi þegar fellibylurinn Hermine gekk á land í gær. Einn lést í ofsavæðrinu, því fyrsta í fylkinu í rúman áratug. NORDICPHOTOS/AFP

Prófkjör í dag

Hafðu áhrif á framtíðina!

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fer fram í dag
laugardaginn 3. september, frá klukkan 10.00 til 18.00.

Kosið verður á 4 stöðum í borginni: Í **Valhöll**, **Álfabakka 14a**, **Hraunbæ 102b** og **Hverafold 1-3**. Nánari upplýsingar um kjörstaði, kjördeildir og frambjóðendur er að finna hér:
www.xd.is/profkjor

Kosningarétt hafa flokksbundnir sjálfstæðismenn, en 18 ára og eldri geta gengið í flokkinn á kjörstað. Stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík eru hvattir til að taka þátt í prófkjörinu og hafa áhrif á framtíðina!

1. Kjörhverfi

Vestur- og Miðbæjarhverfi, Nes- og Melahverfi og Miðbæjar- og Norður-mýrarhverfi. Öll byggðin vestan Rauðarárstígs að Miklubraut. Kjörstaður: **Valhöll**, Háaleitisbraut 1. Ath.: **EKKI** er kosið á Hótel Sögu.

2. Kjörhverfi

Hlíða- og Holtahverfi, Laugames- og Túnahverfi og Langholtshverfi. Öll byggð er afmarkast af 1. kjörhverfi í vestur og suður. Öll byggð vestan Kringlumýrarbrautar að Suðurlandsbraut og öll byggð norðan Suðurlandsbrautar. Kjörstaður: **Valhöll**, Háaleitisbraut 1.

3. Kjörhverfi

Háaleitshverfi, Smáibúða, Bústaða- og Fossvogshverfi. Hverfið afmarkast af Kringlumýrarbraut í vestur, Suðurlandsbraut í norður og Reykjanesbraut í austur. Kjörstaður: **Valhöll**, Háaleitisbraut 1.

4. Kjörhverfi

Árbæjar- og Seláshverfi, Ártúns- og Norðlingaholt. Kjörstaður: Félagsheimili Sjálfstæðisfélagsins, **Hraunbær 102b** (við hliðina á Skalla).

5. Kjörhverfi

Hóla- og Fellahverfi, Bakka- og Stekkjahverfi, Skóga- og Seljahverfi. Kjörstaður: Félagsheimili Sjálfstæðisfélaganna Mjódd, **Álfabakka 14a**.

6. Kjörhverfi

Grafarvogur, Bryggjuhverfi, Grafarholt, Úlfarsárdalur og Kjalarnes. Kjörstaður: **Hverafold 1-3**, 2. hæð.

Hagvexti spáð áfram og að skuldir lækki

Moody's hefur hækkað láns hæfismat Íslands um tvö þrep. Horfur sagðar stöðugar. Prófessor í hagfræði segir álit láns hæfismatsfyrirtækjanna enn skipta miklu máli þótt þau hafi beðið hnekki árið 2008.

EFNAHAGSMÁL Matsfyrirtækið Moody's hækkaði í fyrradag láns hæfiseinkunn íslenska ríkisins um tvö þrep, í A3 úr Baa2. Horfur eru stöðugar.

Í umsögn sinni segir Moody's að hækkan um tvö þrep endurspeglar hraða og umfang bata þjóðar-búskaparins eftir bankakreppuna 2008. Samfelldur hagvöxtur og aðhald í ríkisfjármálum hafi leitt til verulegrar lækkunar á skuldum ríkissjóðs síðast liðið ár. Moody's býst við að sú þróun haldi áfram.

Þetta nýja láns hæfismat leiðir væntanlega til þess að opinber fyrirtæki eins og Landsvirkjun og Orkuveitan munu eiga auðveldara með að fjármagna sig, en einnig munu einkafyrirtæki eiga auðveldara með fjármögnun.

„Þetta þýðir einfaldari fjármögnun fyrir þessa aðila og þetta þýðir hugsanlega betri kjör,“ segir Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík. Hann bendir þó á að markaðurinn hafi að einhverju leyti brugðist við betri stöðu Íslands. Lægra skuldatriyggingaálag sýni þetta.

Stærstu láns hæfismatsfyrirtækin, auk Moody's, eru Standard & Poor's og Fitch. Friðrik Már segir að þótt Moody's hafi alltaf verið einna jákvæðast gagnvart Íslandi sé líklegt að hinir aðilarnir fylgi á eftir. Hann segir líka að þótt láns hæfismatsfyrirtækin hafi beðið hnekki í bankakreppunni 2008, þá hafi álit þeirra enn áhrif á markaðinn.

„Þau voru harðlega gagnrýnd og það réttilega. Þeirra tekjur byggðust að verulegu leyti á því að gefa flókn-

Pað þarf að minna á að maður skyldi samt fara varlega og ekki spenna bogann of hátt.

Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði



» Ísland er komið í A-flokk sem þýðir að fjárfestum sem geta fjárfest í íslenskum skuldabréfum fjölgar.

um fjármálagjöfningum, eins og skuldabréfavafningum, einkunnir og þeir gáfu þeim einkunnir sem reyndust síðan allt of góðar. Þau gáfu líka íslensku bönkunum allt of góðar einkunnir,“ segir Friðrik.

Þrátt fyrir það sé staðan enn þannig að þegar Ísland fer í A-flokk þýðir það að fjárfestum sem geta fjárfest í íslenskum skuldabréfum fjölgar. „Það er ennþá byggt inn í kerfið að þeirra álit eru mikilvæg.“

Friðrik Már bendir á að þó að nýtt láns hæfismat sé til marks um þá umbreytingu sem hafi orðið í íslensku efnahagslífi á síðustu árum sé rétt að hvetja til varfærni. „Það þarf að minna á að maður skyldi samt fara varlega og ekki spenna bogann of hátt,“ segir hann. – jhh

Á réttri leið

VÖRÐUR, FULLTRÚARÁÐ SJÁLFSSTÆÐISFÉLAGANNA Í REYKJAVÍK
SJÁLFSSTÆÐISFLOKKURINN

D

xd.is



TAKTÍ BÍL, HJÁ HEKLU

ÞÚ GÆTIR ENDAÐ Í BOSTON



HEK BOS

HEKLA - BOSTON



Komdu og reynslu-
aktu nýjum bíl og
við setjum nafnið
þitt í pott.

Einu sinni í viku drögum
við út vinningshafa sem
fær ferð fyrir tvo til
Boston með Icelandair
að verðmæti 200.000 kr.
í formi gjafabréfs.



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Höldur · Akureyri · Bílasala · Selfoss · Bílás · Akranesi · HEKLA · Reykjanesbæ

Dýrmætur skóli



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Þeningarnir sem lagðir hafa verið í fyrirtækið Plain Vanilla, eina helstu vonarstjórnu á leikjatölvumarkaði, hafa ekki farið til spillis. Þó að milljarða hlutafé sé í óvissu og fáeinir vel upplýstir fjárfestar sitji hugsanlega eftir með sárt enníð mun þekking og reynsla starfsfólksins lifa. Fyrirtækið er dýrmætur skóli, sem erfitt er að meta til fjár.

„Gott dæmi um það í sprota- og nýsköpunarbíxi er að í hvert skipti sem þau eyðileggjast verða ekki eftir rústir af verksmiðju, heldur verður eftir fólk sem kann eitthvað og því gengur betur næst,“ sagði Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri leikjaframleiðandans CCP, á nýsköpunarþingi fyrir fáum árum.

Ástæða er til að rifja upp orð þessa farsæla forstjóra nú þegar Plain Vanilla þarf að loka starfsemi sinni hér í Reykjavík í bili vegna þess að sjónvarpsstöðin NBC hætti við gerð sjónvarpsþátta, sem áttu að byggjast á Quis-up tölvuleiknum. Starfsfólkinu, tuttugu manns, hefur verið sagt upp með lögmætum þriggja mánaða uppsagnarfræsti.

Þorsteinn B. Friðriksson, stofnandi Plain Vanilla, fer ekki leynt með vonbrigði sin vegna ákvörðunar NBC. Hann viðurkennir að fyrirtæki hans hafi lagt of mörg egg í eina körfu. En um leið bendir hann á að hér á landi er skortur á tæknimennuðu fólk og því ólíklegt að hæfileikaríkt starfsfólkið þurfi lengi að sitja auðum höndum.

Á nýsköpunarþingi rifjaði Hilmar Veigar Pétursson upp svokallað OZ ævintýri. Stórfé tapaðist þegar OZ sigldi í strand. En Hilmar Veigar benti eftirminnilega á að OZ skildi eftir sig gífurleg verðmæti – reynslu og hugvit, sem síðar siadist smátt og smátt út í atvinnulífið. Hann tilgreindi 30 fyrirtæki, sem beint tengdust OZ. Auk sjálfs óskabarnsins CCP eru þeirra á meðal nokkur af þekktustu nöfnum atvinnulífsins, með hundruð ef ekki þúsundir starfsmanna.

Við þekkjum hliðstæður. Frumherjar í íslenski kvikmyndagerð hafa mátt þola misjafna daga. Friðrik Þór, Hrafn Gunnlaugsson, Kristín Jóhannesdóttir, Ágúst Guðmundsson og Þráinn Bertelsson hafa ekki safnað í dígra sjóði þrátt fyrir gífurlegan feril. En þau hafa lagt grunninn að blómlegri atvinnugrein. Færnin í kvikmyndagerð hefur orðið til smátt og smátt á fleiri sviðum kvikmyndanna. Nýjast er, að vart telst til tíðinda lengur að íslenskir leikarar fá hlutverk í erlendum kvikmyndum. Ekki má gleyma stórum sigrum Baltasars Kormáks. Öll eiga þau frumherjunum mikið að þakka.

Samkvæmt opinberum tölum voru ársverk í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði 1.300 fyrir tveimur árum. Síðan hefur þeim fjölgað þrátt fyrir gífurlega harða alþjóðlega samkeppni. Til viðbótar hefur erlent kvikmyndagerðarfólk streymt hingað til lands undanfarin ár, flutt með sér þekkingu og reynslu.

Fróðlegt verður að fylgjast með Þorsteini B. Friðrikssyni og metnaðarfullu starfsfólki Plain Vanilla næstu misserin. Engin ástæða er til að ætla annað en að kenningar CCP forstjórans um „sprota- og nýsköpunarbíxi“ eigi við um þau. Gangi þeim allt í haginn.

Þó að milljarða hlutafé sé í óvissu og fáeinir vel upplýstir fjárfestar sitji hugsanlega eftir með sárt enníð mun þekking og reynsla starfsfólksins lifa.



Setjum Guðmund Franklín í 4-6 sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík þann 3. september

Gunnar



Mín skoðun Logi Bergmann



Kallakallarnir

Nú eru flestir flokkar að koma sér í girinn fyrir kosningar og orðið nokkuð ljóst að það verður kosid. Framboðslistar koma fram og allt að verða klárt. Meirihlutinn er örugglega vöðu fínt fólk sem hefur miklar hugsjónir og allt. En mig langar samt að bera fram eina ósk: Eigum við að reyna að fækka kallaköllunum?

Ég held að kallakallarnir séu ein helsta meinsæmin í íslenskum stjórnmálum. Þeir eru ástæðan fyrir því að þingstörfin lita stundum út eins og illa skipulagt barnaafmæli, þrátt fyrir að alltaf séu pólitikussar að tala um samvinnu-, samræðs- eða samtalsstjórnmál.

Hver man ekki eftir stjórnmálamaninum sem montaði sig af því að hafa verið á móti öllum tilögum andstæðinga sinna? Jafnvel þótt hann væri oft sammála þeim.

Bannað að taka rökum

Segjum að flokkur A leggi fram mál. Flokkar B og C mótmæla og vilja fara aðra leið. Það er mjög ólíklegt að A gefi sig, því reynslan sýnir að ef svo fer munu flokkar B og C hrósa sigri og gera lítið úr A fyrir að hafa breytt málinu. Þá sjaldan þetta gerist er hægt að bóka að einhver sérfræðingurinn úr B eða C mætir og lýsir því yfir að „A hafi nú verið beygður til að gefast upp í þessu máli“. Hvursu klikkað er það að gera lítið úr einhverjum fyrir að taka rökum? Rökum sem maður hefur sjálfur haldið fram!

Það er ekki erfitt að þekkja kallakallana. Þeir ganga glottandi úr pontu með sitt síðasta orð og úr svipnum má lesa: Djöfull tók ég hann! Ekkert mál er of lítið og þeir eru til í að taka slag um hluti sem engu máli skipta, snúa útúr og leggja fólk í munn. Stjórnmál lúta sömu lögmálum og flest annað; sá sem óskrar hæst fær mesta athyglina. Einn flokkur setti reyndar á stefnuskrá sína fyrir síðustu kos-

ingar að fara gegn þessari óskurapastemningu en því miður virðist ekki hafa verið stemning fyrir honum.

Þeir eru alls staðar

Kallakallar eru ekki bundnir við flokka. Þeir eru til í öllum flokkum og eru hluti stjórnmála sem gera það að verkum að það er alltof lítið traust og alltof sjaldan sátt, því ekkert jafnast á við átök og erjur. Reyndar eru þeir sérstaklega glaðir um þessar mundir. Flugvallarmálið er himnasending fyrir þá. Í því hafa kallakallar um allt land náð að halda jöl, áramót og afmæli. Það er líka svo frábært dæmi um umræðu þar sem ekki er hlustað á rök andstæðinganna, heldur verður bara háværari og háværari þar til enginn man um hvað hún snerist eða hvernig hún byrjaði.

Þessi manngerð er tortryggin, frek, þrjósk og hörundsár og er held ég ein helsta ástæða þess að við vorum í köldu stríði löngu eftir að megnið af heiminum var komið langt yfir stofuhita. Enginn vildi gefa eftir til að þurfa ekki að sitja undir háðsglósum andstæðinga sinna. Alltaf var hægt að þrasa aðeins lengur.

En það er merkilegt að þetta breytist ekki hraðar. Endurnýjunin á þingi hefur verið ótrúleg. Líklega verða varla fleiri en tíu þingmenn á næsta þingi sem voru þar fyrir tíu árum. Það þætti frekar illa rekið fyrirtæki þar sem afföllin væru jafn mikil og menn hafa sennilega kallað á mannauðsstjóra fyrir minni sakir. Hvernig ætli það sé til dæmis að vera í vinnu þar sem vinnufélagar manns lýsa því reglulega yfir að það komi ekki til greina að starfa með manni þegar mætt verður til vinnu eftir fri?


Það virðast flestir á því að ástandið í stjórnmálum sé ekkert sérstakt. Kannski hefur þetta alltaf verið svona, en það er ekkert sem segir að hlutum megi ekki breyta og fólk geti ekki gert betur.

Þannig að hér er pæling: Erud þið til í að hætta að vera svona miklir kallakallar?



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



SÝNINGARTILBOÐ Í VERSLUN

Fullt af frábærum tilboðum á haustsýningu Toyota Kaupþúni í dag

Gerðu frábær kaup á gæðakerrum

Allar kerrur og kerruaukahlutir með **15% afslætti**

Allar stærðir og gerðir: Garðakerrur, tækjavagnar, bílaflutningakerrur, farangurskerrur og alhliða kerrur.

1205 S
VERÐ ÁÐUR
189.000 kr.
VERÐ NÚ
159.900 kr.

Brenderup



Paxis bakpokinn

25% afsláttur af Paxis sem er byltingarkenndur bakpoki með hólfi sem sveiflast fram fyrir þig

22 lítra
VERÐ ÁÐUR
33.900 kr.
VERÐ NÚ
24.900 kr.



Sæktu hluti í pokann án þess að taka hann af þér

PAXIS

Farangursbox

25% afsláttur af Mont Blanc farangursboxum

360 lítra
VERÐ ÁÐUR
79.900 kr.
VERÐ NÚ
59.900 kr.



Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Opið mán - fös:
07.45 - 18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

www.toyotakaupthuni.is

Nýr rafmagns Porsche!

Platinum Edition



Jeppasýning Porsche

Við bjóðum á jeppasýningu Porsche í dag. Margt verður um einstaklega flotta gripi. Stjarna sýningarinnar er ofurjeppinn **Cayenne S E-Hybrid** í glænýrri rafmagns útgáfu, Platinum Edition. Hann er bókstaflega hlaðinn búnaði og býðst á sérlega hagstæðu verði.

Einnig munum við kynna nýja útgáfu af **Porsche Macan** sem búinn er 252 hestafla bensínvél. Macan hefur stolið senunni á sportjeppamarkaðnum undanfarið og er nú á enn betra verði 9.950 þús. kr.

Komdu á jeppasýningu Porsche og sjáðu hvernig þeir bestu gera hlutina.

Komdu á jeppasýningu Porsche í dag, laugardag og upplifðu rafmögnuðustu jeppa landsins. Opið frá kl. 12:00 til 16:00.



1975 | Bílabúð Benna | 2015



Ríkulegur staðalbúnaður: 8 giru sjálfskipting með skiptingu í stýri, Porsche ferðahleðslustöð, leðurinnrétting, rafdrifin þægindasæti fyrir bílstjóra og farþega, hiti í framsætum, stillanleg fjöðrun (PASM), Bi-Xenon ljós, 18" álfelgur, fullkomið hljómkkerfi með 10 hátölurum, tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, rafdrifinn afturhleri, skriðstillir (Cruise Control) o.m.fl.

Ofan á glæsilegan staðalbúnað Cayenne S E-Hybrid bætist við í Platinum útgáfunni:

- 20" RS Spider Platinum felgur
- Felgumiðjur með Porsche logo í lit
- Upplýstir silsalistar
- Rafdrifin GTS sportsæti
- Leðurinnrétting með Alcantara áklæði í miðju sæta
- BOSE® 665 watta hljóðkerfi
- Porsche merki greipt í höfuðpúða
- Sjálfvirk birtustilling spegla
- Privacy glass (litað gler)
- Skjár
- PCM (Porsche Communication Management)
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Porsche Connect Plus
 - Apple CarPlay™
 - LTE símkkerfi
 - Porsche Connect Smáforrit
- Samlitir brettakanntar
- Ytra birði með háglans svörtum útlitspakka

Verð: 12.950 þús. kr.



PORSCHE



Ólafía Þórunn Kristinsdóttir vill komast inn á sterkustu mótarið heims. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Ég var óvenjulega afslöppuð

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir komst í gegnum fyrsta stig úrtökumótanna fyrir bandarísku LPGA-mótariðina í golfi með glans. Hún keppir næst á tveimur mótum á Evrópumótariðinni í mánuðinum.



Hugmyndaleit

Hugmyndir fyrir garðskála að Fríkirkjuvegi 11b

Óskað er eftir hugmyndum að starfsemi og tilboðum í leigu garðskálans að Fríkirkjuvegi 11b. Við val á væntanlegum leigutaka verður horft til þess að starfsemin gæði miðborgina meira lífi.

Vakin er athygli á að garðskálinn uppfyllir ekki heilbrigðiskröfur um hefðbundna matsölu.

Garðskálinn er til sýnis miðvikudaginn 7. sept., kl. 11.

Tilboðum með upplýsingum um fyrirhugaða starfsemi og opnunartíma skal skila til þjónustuværs Reykjavíkurborgar Borgartúni 12 - 14 fyrir kl. 16.00, þriðjudaginn 13. september 2016.

Nánari upplýsingar á reykjavik.is/leiga



Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar | s. 411 11 11
Ráðhús Reykjavíkur | reykjavik.is/leiga

GOLF Ólafía Þórunn Kristinsdóttir freistar þess nú að komast inn á bandarísku atvinnumannaröðina í golfi, LPGA, samhliða því að keppa á Evrópumótariðinni. Ólafía Þórunn flaug í gegnum fyrsta stig úrtökumótariðarinnar um helgina.

Ólafía tók þátt í móti í Kaliforníu ásamt tæplega 350 öðrum kylfingum og komust 92 áfram á næsta stig mótariðarinnar en úrtökustigin eru alls þrjú. Þeir sem komast alla leið vinna sér inn þátttökurétt á LPGA-mótariðinni sem hefst á næsta ári.

„Þetta var skemmtilegt og gekk ótrúlega vel. Ég púttaði vel og var raunar óvenjulega afslöppuð. Það var ekkert vesen á mér,“ segir Ólafía.

Hún spilaði vel alla helgina og var aðeins einn af fimm kylfingum sem voru aldrei yfir pari. Hún var á samtals sjö höggum undir pari, þremur höggum á eftir sigurvegaranum Daniela Darquea frá Ekvador. Spila þurfti á sex höggum yfir pari til að komast áfram á næsta stig.

Ólafía Þórunn á þó mjög erfiða leið fyrir höndum til að komast alla leið. Sem dæmi má nefna að á næsta stigi bætast í hópinn 150 bestu kylfingar Symetra-mótariðarinnar sem er næststerkasta mótarið Bandaríkjanna og þeir kylfingar á LPGA-mótariðinni sem eiga ekki öruggt sæti á næsta keppnistímabili.

Áttatíu bestu kylfingarnir komast á lokastigið og þá eiga enn eftir að bæstast við þeir bestu kylfingar heims sem sækjast eftir að komast á LPGA-mótariðina en eru ekki með öruggt sæti.

„Til samanburðar má nefna að það eru bara tvö stig á úrtökumótinu fyrir Evrópumótariðina og þá komast 25 efstu inn að lokum,“ bendir Ólafía Þórunn á en hún var í þeim hópi sem komst inn á Evrópumótariðina fyrir núverandi keppnistímabili.

Matarkostnaður tínist saman
Það hefur þó gengið erfiðlega að komast inn á mót á Evrópumóta-

Ég sé um allan mat sjálf og það getur tínist saman. Ég borga líka kylfubera og hann fær bónus ef mér gengur vel.

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir

röðinni vegna mikillar aðsóknar kylfinga sem hafa rétt á að keppa á mótunum. Ólafía hefur tekið þátt í tveimur og eftir erfitt fyrsta mót náði hún frábærum árangri á móti í Plzen í Tékklandi þar sem hún hafnaði í 16. sæti og fékk fyrir það rúma hálfa milljón króna í verðlaunafé.

„Ég hef skráð mig inn á öll mót og samkvæmt öllu hefði ég átt að komast inn á fleiri. En það hefur ekki gengið eftir. Ég er þó komin inn á tvö mót í september sem eru frábærar fréttir,“ segir hún.

Mótin sem Ólafía Þórunn keppir á fara fram í Þýskalandi og á Spáni en það fyrra hefst á fimmtudag. Annað stig í úrtökumótarið LPGA fer svo fram í Flórída í síðari hluta októbermánaðar.

Ólafía Þórunn er í hópi þeirra íslensku kylfinga sem njóta góðs af því að fá framlag úr Forskoti, styrktarsjóði kylfinga á Íslandi, sem sér um að greiða mótsgjöld, ferðakostnað og gistingu.

„Ég sé um allan mat sjálf og það getur tínist saman. Ég borga líka kylfubera og hann fær bónus ef mér gengur vel. En það er mjög gott að geta verið í þessu án þess að þurfa að hugsa um peninginn og geta bara einbeitt mér að golfinu,“ segir hún.

Ólafía segir enn fremur að hún hafi lært mikið af fyrsta ári sínu sem keppandi á Evrópumótariðinni enda sýndi hún á Íslandsmótinu á Akureyri í sumar að hún er í frábæru formi. „Ég hef tekið framförum og hef verið að spila marga hringi undir pari. Ég skildi svo nokkur högg eftir úti á velli og því er alltaf svigrúm til bætingar.“ eirikur@frettabladid.is

Nýjast

Undankeppni EM 2017, U-21 árs

N-Írland - Ísland 0-1
0-1 Heiðar Ægisson (87).

Stjórnmaðurinn Heiðar Ægisson tryggði U-21 árs liðinu gríðarlega mikilvægan sigur í Belfast. Með sigrinum komst Ísland á topp riðils 3 en liðið er í góðri stöðu til að tryggja sér sæti í lokakeppninni í Póllandi á næsta ári.

Meistarakeppni HSÍ kvenna

Gróttá - Stjarnan 32-31

Tvær framlengingar þurfti til að knýja fram úrslit í þessum árlega leik Íslands- og bikarmeistaranna. Keppni í Olís-deild kvenna hefst um næstu helgi. Þar mætir Gróttá ÍBV og Stjarnan fær Hauka í heimsókn.

KOLBEINN MEIDDUR

Kolbeinn Sigþórsson leikur ekki með íslenska fótboltalandsliðinu þegar það mætir því úkraínska í undankeppni HM 2018 á mánudaginn. Kolbeinn er meiddur á hné og ákveðið var að tefla honum ekki fram í leiknum í Kænugarði. Kolbeinn snýr nú aftur til Tyrklands þar sem hann fer í nánari skoðun og meðferð hjá læknaþeymi Galatasary sem hann gekk til liðs við á dögum. Enginn leikmaður var kallaður inn í íslenska hópinn í stað Kolbeins.

LEIÐIN Á EM HELDUR ÁFRAM

Íslenska karlalandsliðið í körfubolta mætir Kýpur í öðrum leik sínum í undankeppni EM 2017 í dag. Strákarnir eru með tvö stig í A-riðli eftir góðan sigur, 88-72, á Svisslendinum á miðvikudaginn. Sama dag töpuðu Kýpverjar með 19 stiga mun, 46-65, fyrir Belgum á heimavelli. Þetta er fyrsti af þremur útileikjum Íslands í röð. Á miðvikudaginn leika íslensku strákarnir við Belga og eftir viku mæta þeir Sviss öðru sinni. Ísland og Kýpur mættust síðast á Smáþjóða-leikunum í Lúxemborg fyrir þremur árum.

Þá steinla íslenska liðið, 81-52.



Í dag

08.55 F1: Æfing - Ítalía Sport
11.50 F1: Tímataka - Ítalía Sport
18.30 Deutsche Bank Ch. Golfst.

Inkasso-deildin:

14.00 Grindavík - Fjarðab. Grindav.
14.00 Leiknir F. - Þór Fjarðab.höll
16.00 KA - Selfoss Akureyrarvöllur

Á morgun

11.30 F1: Kappakstur - Ítalía Sport
17.00 Deutsche Bank Ch. Golfst.

Undankeppni HM:

16.00 Slóvakía - England Sport
16.00 Danmörk - Armenía Sport 2
18.45 Noregur - Þýskaland Sport
18.45 Tékkland - N-Írland Sport 2
18.45 Malta - Skotland Sport 3

Haustfögnuður

FULL BÚÐ AF FALLEGUM HAUSTVÖRUM OG FRÁBÆRUM TILBOÐUM

3 x CALLUNUR/ERIKUR 1.290KR
HAUSTLYNG Í KÖRFUM VERÐ FRÁ 1.990KR
KLIPPUR OG VERKFÆRI 20% AFSLÁTTUR
TRJÁPLÖNTUR 40% AFSLÁTTUR



LÝSUM UPP HAUSTIÐ!
LUKTIR, KERTI,
LAMPAR, LOFTLJÓS,
GARÐLJÓS OG SERÍUR
Á 20% AFSLÆTTI



POTTAPLÖNTUTILBOÐ

ÁSTARELDUR 890KR
DVERGPÁLMI 1.180KR
KAFFIPLANTA 1.180KR
FINGURBLAÐABLÓM 1.180KR

FYRIRLESTUR MEÐ VILMUNDI HANSEN UM
HAUSTVERKIN Í GARÐINUM.
LAUGARDAG KL 12:00 AÐGANGUR ÓKEYPIS



HAUSTLAUKARNIR
BYRJABIR AÐ
STREYMA INN



GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Áki Friðriksson fyrir miðju með vinum sínum, Alexander, Írisi, Helgu, Eylinu, Silju og Gísla.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

CURRY-WURST
eru mest seldu pylsur í Þýskalandi
Nú færðu í næstu matvöruverslun
Currywurst pylsubita
fulleldaða - aðeins að hita



Í bakkanum er trégaðfall og aukta krydd

Aukta krydd

Getum lifað góðu lífi

Í dag fer fram í fyrsta sinn Stoltganga sem er skipulögð af félagi fólks með þroskahömlun.

Við viljum sanngirni og við viljum vera sýnileg," segir Áki Friðriksson sem er skipuleggjandi Stoltgöngunnar og varaformaður Átaks, félags fólks með þroskahömlun.

Stoltgangan verður í dag og er lagt af stað frá Austurvelli klukkan 11.30 og gengið að Norræna húsinu.

„Tilgangurinn með göngunni er að hvetja fatlaða áfram í samfélaginu. Þetta er ekki fjáröflunarganga, þetta er ekki ganga fyrir betri kjörum. Heldur göngum við saman til að sýna að við erum fólk eins og annað fólk í samfélaginu, við erum stolt af okkur," segir Áki.

Áki segir það áskorun fólks með þroskahömlun að takast á við forðoma.

„Ég varð fyrir einelti í skóla og stundum finnst mér eins og ófatlaðir liti mann með ógnarsvip sem lýsir því að maður geti ekki hlutina. Það finnst mér óþægilegt," segir hann.



**VIÐ ERUM FÓLK EINS
OG ANNAD FÓLK.**

Áki Friðriksson

Áki segir gleðina verða við völd. „Við hvetjum alla til að ganga með okkur, að fjölmenna í gönguna og fagna fjölbreytileikanum. Við viljum sýna öllum að við erum stór hópur. Við getum lifað góðu og sjálfstæðu lífi og tekið þátt í samfélaginu með aðstöð," segir Áki. Eftir gönguna verður margt skemmtilegt um að vera við Norræna húsið á Fundi fólksins. Þar verður félagið Átak með tjald þar sem gestum er velkomið að kynnast sýn þeirra á samfélagið og Áki verður með erindi um málefni fólks með þroskahömlun.
kristjana@frettabladid.is

Fjór hjóladrifinn dísiljeppi með SYNC II samskiptakerfi, 8" snertiskjá og íslensku leiðsögukerfi



NÝR FORD KUGA AWD

Yfirburðir Ford Kuga liggja í óviðjafnanlegum aksturseiginleikum, fyrsta flokks öryggi og hámarks þægindum.

Staðalbúnaðurinn er sérstaklega glæsilegur. Þar á meðal er skynvætt tölvustýrt fjór hjóladrif sem lagar sig að undirlagi og ástandi vega, SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112, íslenskt leiðsögukerfi, 8" snertiskjár í miðjustokk, tvískipt tölvustýrð miðstöð með loftkælingu og 17" álfelgur.

Ford Kuga er tilvalinn til ferðalaga. Dráttargetan er mikil eða 2.100 kg. Veghæðin er jafnframt mikil eða um 20 cm undir lágsta punkt.

Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Kuga AWD - komdu og prófaðu

FORD KUGA AWD

BEINSKIPTUR AWD DÍSIL

FRÁ **5.490.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR AWD DÍSIL

FRÁ **5.690.000** KR.



ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Kuga er gríðarlega vel búinn. Til viðbótar er eftirfarandi einn staðalbúnaður: starthnappur, hraðastillir, brekkuaðstoð, LED lýsing í farþegarými, leðurklætt stýrishjól og gírstangarhnúður, rafstillanlegir og upphitanlegir útispeglar, þokuljós og Easy Fuel. Öryggi Ford Kuga er framúrskarandi enda fékk hann fimm stjörnur af fimm mögulegum í árekstra- og öryggisprófunum Euro NCAP. Ford Kuga er fáanlegur í þremur útfærslum: Trend Edition, Titanium og Titanium S. ♦ Ford Kuga AWD 2,0 TDCi dísil 150 hð. 6 gíra beinsk./6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,2/5,4 l/100 km. CO₂ losun 135/140 g/km. ♦ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



IDdesign

DEVON

Tungusvefnsófi. Geymsla undir tungu.
Stærð: 241 x 160 x 86 cm

149.990 kr.

~~199.990 kr.~~



LIF

Borðstofustóll.
Svart PU leður.

14.990 kr. ~~19.990 kr.~~



Poul Pava
1.

KÄHLER

2.

3.

b
bovictus

4.

POMAX

Poul Pava

5.

1. Poul Pava krús með loki Ø: 8 cm H: 28 cm **4.290 kr.** 2. Omaggio vasi, 20 cm **7.190 kr.** ~~8.990 kr.~~ 3. Peili skálar með loki svartar, gráar, ljósar, bleikar eða grænar. 0,25 l **1.992 kr.** ~~2.490 kr.~~, 1,0 l **4.232 kr.** ~~5.290 kr.~~, 4,5 l **7.992 kr.** ~~9.990 kr.~~, 9,0 l **10.312 kr.** ~~12.890 kr.~~ 4. Pomax púði, 50x50 cm **7.990 kr.** 5. Poul Pava vatnsflaska, 0,65 l blágræn, svört, bleik, græn eða glær **1.490 kr.** ~~1.990 kr.~~

DEVON

Einfaldur og traustur svefnsófi. Blómamunstur eða einlitur.

Stærð: 151 x 86 x 82 cm



111.992 kr.

~~139.990 kr.~~



MODENA

Barstóll, ljósgrár og svartur.

23.990 kr. ~~29.990 kr.~~



LECCE

Barstóll, hvítur, rauður og svartur.

19.990 kr. ~~26.990 kr.~~



FRIDAY

Hornsófi með hvíld. Sérhannaður fyrir kósíkvöld. Dökkgrátt eða brúnt áklæði. Stærð: 370 x 187 x 90 cm

259.990 kr. ~~319.990 kr.~~



SALMA

2,5 sæta sófi. Ljósgrátt áklæði. Einnig fáanlegur 3ja sæta. Stærð: 212 x 90 x 80 cm

229.990 kr.

~~269.990 kr.~~

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



DC 5000

Þriggja sæta sófi. Grátt slitsterkt áklæði. Stærð: 203 x 79 H: 81 cm. Einnig fáanlegur 2ja sæta.

149.990 kr.
~~219.990 kr.~~

IDdesign

Ævintýralegt haust í Höllinni

Skoðaðu úrvalið í blaðinu okkar



ELLY

Stóll. Litir: Ljósgrár, grár og dusty grænn. Stærð: 83 x 82 x 85 cm

55.990 kr. ~~69.990 kr.~~

ELLY

Þriggja sæta sófi. Litir: Ljós- og dökkgrár, dusty grænn og bleikur. Stærð: 183 x 82 x 85 cm

79.990 kr. ~~99.990 kr.~~



BROADWAY

Tungusófi. Hægri og vinstri tunga. Silfurgrátt áklæði. Stærð: 258 x 90/153 x 78 cm

249.990 kr. ~~319.990 kr.~~



Þú finnur nýja bæklinginn okkar á husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN



„Það er vandmeðfarið vald sem fylgir þessu,“ segir Hörður og bendir á einkennisbúning sinn. „Þú þarft að geta afklæðst því og verið manneskja.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Refsingar eru ekki eina lausnin

Hörður Jóhannesson aðstoðarlögrelustjóri á fjörutíu ár að baki í lögreglunni. Hann er sannfærður um að mörgum þeirra brotamanna sem urðu á vegi hans hefði mátt bjarga hefðu þeir átt betri æsku. Hann rifjar upp sögur af ungum mönnum sem urðu á vegi hans á ferlinum og minnir á að á bak við hvert og eitt mál er sársauki.

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Þegar öllu er á botninn hvolft, þá er lífið ekkert flókið. Það er í eðli sínu tiltölulega einfalt, hins vegar er hægt að gera alla hluti flókna,“ segir Hörður Jóhannesson aðstoðarlögrelustjóri.

Hann situr á skrifstofu sinni á Vínlandsleið og hefur útsýni yfir Grafarvoginn sem skartar sínu fegursta þennan síðsumardag.

Hörður hefur starfað í lögreglunni í fjörutíu ár. Hann hóf störf sem sumarstarfsmaður vorið 1976. Þá ungur maður í lögfræðinámi. „Það er eitt-hvað við þetta starf og menn finna það strax hvort þeir hafa það sem þarf til að geta verið í lögreglunni. Það sem þú þarft, það lærir þú ekki í skóla. Það á reyndar við um mörg önnur störf. Annað hvort ertu með það eða ekki,“ segir Hörður.

Að afklæðast valdinu

Þeir eiginleikar sem Hörður á við eru kannski ekki þeir sem fólk býst við að séu nauðsynlegir lögreglumanni. „Þú verður að hafa trú á mannsandanum og þú verður að bera virðingu fyrir fólki. Það er vandmeðfarið vald sem fylgir þessu,“ segir Hörður og bendir á einkennisbúning sinn. „Þú þarft að geta afklæðst því og verið manneskja.“

Á fjörutíu ára starfsferli sínum hefur hann reynt margt og séð margt. „Það er ekki hægt að ætlast til þess að einhver annar skilji það sem er um að ræða eða geti tekið við því. Ég tek ekki

vinnuna með mér heim. Ég hugsa um mig sjálfur. Set reynsluna í hölf. Ég á fullt af hölfum. Svo lærði ég að maður verður að bera ábyrgð á sjálfum sér, bæði andlegu og líkamlegu ástandi og hugsa um sjálfan sig svo maður komist af,“ segir Hörður.

Hver er sagan?

Hann þekkir brotamennina sem rötudu aldrei rétta leið og sögu þeirra. „Það kemur mér ekkert á óvart lengur. Við sem erum búnir að vera lengi í þessu erum búnir að sjá allt og lenda í öllu. Enn þá velti ég því fyrir mér hver saga fólks er,“ segir hann og tekur nýlegt dæmi. „Þá er einhver maður á miðjum degi, falletum eins og deginum í dag. Og hann er í ömurlegum aðstæðum, fullur og búinn að brjóta af sér. Hver er saga þessa manns hugsa ég þá? Af hverju er hann í þessum aðstæðum? Ætti ég að afgreiða hvern og einn eins og vél? Auðvitað getur maður gert það, og gerir það stundum. En það er saga og þá er spurningin, hvað áttu að gera við hana?“

Þegar Hörður var ungur lögrelmaður vann hann í deild sem tók á brotum ósakhæfra unglunga. Hann er sannfærður um að mörgum þeirra brotamanna sem hafa orðið á vegi hans hefði mátt bjarga hefðu þeir átt betri æsku.

„Unglingamálin voru höfð í sérdeild, þá var verið að reyna að halda utan um þau. Börnum yngri en fimmtán ára var og er ekki refsað. En það þurfti samt að upplýsa um málin og skila skýrslu um þau.“

Þetta voru strákar, sem voru reknir úr skóla, skammaðir, snupraðir. Það voru allir vondir við þá. Þeir voru lamdir og horfðu upp á allan djöful-

inn heima hjá sér. En við vorum ekkert vondir við þá, heldur heiðarlegir. Við töluðum við þá eins og menn og vorum oft komnir undir skinnið á þeim. Við vorum oft eina fullorðna fólkið sem talaði við þá eins og menn. Staðreyndin er þessi. Það hefðu ekki svona margir farið út á vafasamar brautir í lífi sínu ef þeir hefðu átt betri og farsælli æsku,“ segir Hörður.

Refsingar eru ekki lausnin

Hann segir samfélagið ekki geta leyst allan félagslegan vanda með refsingum. „Fólk þarft á öðru fólki að halda, virðingu og vinsemd. Flestir leggja sig fram um þetta. Að rjúfa ekki tengslin. En það verða alltaf einhverjir sem kunna ekki annað en að rjúfa þessi tengsl. Þessir strákar, þetta voru ekki krimmar. Þeir gerðu það sem þeir gerðu vegna félagslegrar stöðu sinnar, af eynd. Hvers ætlast samfélagið til? Að þessu ljúki bara með refsingu?“

Við þurfum að spyrja okkur, af hverju það verða til nýir fiklar og nýir þjófvar. Af hverju börn búa við ömurlegar aðstæður. Er það ásættanlegt að úrræðin séu eingöngu fangelsi og refsing. Eigum við ekki að reyna betri aðferðir? Í hverjum einasta árgangi eru alltaf 3-5% sem munu lenda í vandræðum af einhverju tagi.“

Játningin stóra

Hann segir að allt sé mögulegt með góðu samtali og rifjar upp nokkrar sögur úr starfinu með ungu fólki.

„Einu sinni mæti ég í vinnuna um átta leytið. Þá eru tveir strákar að bíða eftir mér. Ég kannast við annan þeirra, ég hafði verið með hann nokkrum dögum áður. Hann átti fimmtán ára afmæli daginn eftir og þar með orðinn sakhæfur. Erindi hans var að



ÞETTA VORU STRÁKAR,

SEM VORU REKNIR

ÚR SKÓLA, SKAMMAÐIR,

SNUPRAÐIR. ÞAÐ VORU

ALLIR VONDIR VIÐ ÞÁ.

ÞEIR VORU LAMDIR OG

HORFÐU UPP Á ALLAN

DJÖFULINN HEIMA HJÁ SÉR



LENGI BÝR AÐ FYRSTU

GERÐ. ÞAÐ HEFÐI MÁTT

BJARGA MJÖG MIKLU MEÐ

ÞVÍ AÐ HUGA AÐ

VELFERÐ BARNNA.

FYLLERÍ Á HEIMILINU

OG ALLT SEM ÞVÍ FYLGIR

hann vildi koma og játa öll innbrotin áður en hann yrði sakhæfur. Allt sem hann hafði gert og var með vin sinn með sér sem var með honum í einhverjum brotanna. Þarna sat hann og játaði röð brota. Þessi ungi maður kom aldrei aftur við sögu hjá lögreglunni,“ segir Hörður og brosir við tilhugsunina.

Ná ekki að sættast við bernskuna

Litlu sigrarnir eru gleðigjafi. Það er nefnilega hægt að snúa við blaðinu. Margir af þeim strákum sem hann hafði afskipti af þegar þeir voru ungir komust yfir erfiðleika sína. „Þeir eru í lagi í dag, margir. En svo kemur einn og einn á óvart. Einn af þeim sem maður hélt að myndi aldrei hætta. Ég hitti einn fyrir fáeinum árum sem var hættur. Ég var sá fyrsti sem handtók hann, þá var hann fimmtán ára. Hann var búinn að vera stanslaust í afbrotum og óreglu frá fimmtán ára aldri í þrjátíu ár. En þarna stóð hann og sagði mér að partið sem stóð yfir í þrjátíu ár væri búð. Ég horfði á hann, hissa. Vildi reyndar óska að ég væri í jafn góðu formi og hann. Hann byrjaði að hreyfa sig og kom sér á réttu brautina. Fyrir hann var þetta ekki orðið of seint. En fyrir suma er það of seint. Þeir ná ekki að sættast við bernskuna,“ segir hann.

„Lengi býr að fyrstu gerð. Það hefði mátt bjarga mjög miklu með því að huga að velferð barna. Fylleri á heimilinu og allt sem því fylgir,“ segir Hörður og leiðir hugann að aðstæðum nokkurra ungmenna sem bjuggu við bág kjör.

„Ég mætti á helgarvakt á laugardegi. Þetta var held ég um 1980. Þá er einn ungur maður inni sem hafði verið gripinn við innbrot. Ég þekkti ▶



ÍSJÓUNDA HIMNI

BARNASTARF KIRKJUNNAR

REYKJAVÍK

ÁRBÆJARKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.arbaejarkirkja.is

ÁSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.askirkja.is

BREIÐHOLTSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.breidholtskirkja.is

BÚSTAÐAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00
frá 11. september
Nánar á www.kirkja.is

FELLA- OG HÓLAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.fellaogholakirkja.is

GRAFARVOGSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00 í kirkjunni og
kl. 13 í Kirkjuselinu Spönginni
Nánar á www.grafarvogskirkja.is

GUÐRÍÐARKIRKJA GRAFARHOLTI

Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.gudridarkirkja.is

GRENSÁSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.grensaskirkja.is

HALLGRÍMSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.hallgrimskirkja.is

HÁTEIGSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.hateigskirkja.is

LAUGARNESKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.laugarneskirkja.is

LANGHOLTSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.langholtskirkja.is

NEKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.neskirkja.is

SELJAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.seljakirkja.is

ÓHÁÐI SÖFNUÐURINN

Annan og fjórða sunnudag hvers
mánaðar. kl. 14:00
Nánar á www.ohadisofnudurinn.is

KÓPAVOGUR

HJALLAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.hjallakirkja.is

DIGRANESKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.digraneskirkja.is

KÓPAVOGSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00 frá 11. sept
Nánar á www.kopavogskirkja.is

LINDAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.lindakirkja.is

GARÐABÆR OG HAFNARFJÖRÐUR

ÁSTJARNARKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.astjarnarkirkja.is

BESSASTAÐAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00 í
Brekuskógum 1
en 1. sunnudag hvers mánaðar
í Bessastaðakirkju
Nánar á www.bessastadasokn.is

VÍDALÍNSKIRKJA GARÐABÆ

Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.vidalinskirkja.is

FRÍKIRKJAN HAFNARFIRÐI

Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.frikirkja.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is

VÍÐISTAÐAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00
frá 11. september
Nánar á www.vidistadakirkja.is

MOSFELLSBÆR OG SELTJARNARNES

LÁGAFELLSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 13:00
frá 11. september
Nánar á www.lagafellskirkja.is

SELTJARNARNESKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.seltjarnarneskirkja.is



Hörður um áfengisneyslu á heimilum fólks: „Þar er fólk sem líður illa, fast í aðstæðum sem það ræður ekki við. Þar erum við að eyðileggja æskuna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

➔ hann og það kom í minn hlut að fara með hann heim. Hann bjó hjá pabba sínum og ég ætla að tala við hann. En það er enginn heima. Það er miði á borðinu og á honum stendur: Skrapp á Akureyri og kem á mánudag. Strákurinn opnar ísskápinn og hann er tómur. Ég gaf honum fimm hundruð kall. Hann varð vinur minn, þessi strákur,” segir Hörður hryggur.

Sársauki á bak við hvert mál

„Svo var það eitt sinn að á afmörkuðu svæði var itrekað verið að kveikja í. Það skildi enginn í þessu en þetta var bara um helgar. Það endar með því að lögreglan finnur einn tólf ára gamlan við þessa iðju. Af hverju? Hann var einn á heimilinu með foreldrum sínum, þau voru á fylleriu um helgar, hann forðaði sér út og þau tóku ekki eftir því að hann var farinn. Lausnin var að þau hættu þessum fyllerium,” segir Hörður og segir oft gríðarlegan sársauka á bak við eitt stakt vanda-



ÞETTA HEFÐI GETAÐ

ORÐIÐ EINHVER LISTI AF

VANDAMÁLUM. VANDA-

MÁLID VAR EITT PAR.

ÞAU BARA SÁTU OG SULL-

UÐU. HANN VAR BARA MEÐ

ELDSPÝTURNAR OG GERÐI

EITTHVAÐ AF VANLÍÐAN.



BÖRN TELJAST SAKHÆF

ÞEGAR ÞAU VERÐA 15 ÁRA

GÖMUL, Þ.E. VIÐ LOK 15

ÁRA AFMÆLISDAGS. FRÁ

15 ÁRA ALDRI BERA ÖLL

BÖRN REFSIÁBYRGÐ Á

AFBROTUM SÍNUM, ÓHÁÐ

ÞROSKA HVERS OG EINS.

mál. „Þetta hefði getað orðið einhver listi af vandamálum. Vandamálið var eitt par. Þau bara sátu og sulluðu. Hann var bara með eldspýturnar og gerði eitthvað af vanlíðan.“

Hann nefnir að það séu ekki mörg ungmenni sem þurfi að gæta að. „Fæst lenda í vandræðum og við eigum að láta þau í friði. Tæplega fjörutíu þúsund eru á unglingsaldri. Þau sem eru í vandræðum eru kannski hundrad, þar af eru kannski svona fjörutíu eða fimmtíu í verulegum vandræðum. Á bak við hvert þessara ungmenna er fjölskylda, heimili. Og þar liggur vandinn.“

Stundum þarf lítið inn grip og hann nefnir annað dæmi um drengi sem voru í vandræðum en þó ekki verulegum. „Á svipuðum slóðum og við fundum strákin sem var að skera og skemma voru tveir strákar í því að slást og ráðast á aðra. Það vissu allir hverjir þetta voru. Það var bara farið með þá á boxæfingu, þeir hafa ekki

sést síðan. Þeir fóru að æfa íþróttir.“

Hann þreyttist ekki á að nefna að áfengisneyslan hafi mikil og eyðileggjandi áhrif á barnæskuna. „Það er verið að kenna dópinu um allt og áfengið fær einhvern veginn að flæða um allt. Það líður ekki hálfur sólarhringur hér án þess að við sinnum einhverju sem er bein afleiðing af áfengisneyslu. Mjög oft fer hún fram á versta stað, inni á heimilum fólks. Þar er fólk sem líður illa, fast í aðstæðum sem það ræður ekki við. Þar erum við að eyðileggja æskuna,” segir Hörður. „Sem betur fer eru börn og unglingar hér á landi í góðum málum. Við höfum því reynt að beina athygli okkar og félagsmálafyrirvalda að þeim örfáu sem eru í vandræðum. Við leitumst þannig við að hafa áhrif á hegðun einstaklingsins sem þarf á leiðbeiningu að halda í stað þess að messa yfir öllum árganginum. Lögreglan er í ágætari aðstöðu til að beita sér og á að gera það.“

Brot barnanna ákall á hjálp

Helgi Gunnlaugsson afbrotaráfræðingur tekur undir með Herði. Afbrot ungmenna verði aldrei leyst eingöngu með refsingum.

„Upptökuheimili ungmenna heyra nú nánast sögunni til og hertar refsingar hvorki fækka brotum né skila ungmennum á farsælan hátt út í samfélagið að nýju. Brot barnanna eru oft eins og ákall á athygli og hjálp enda er þessi hópur yfirleitt afskiptur og vanræktur,” segir Helgi og segir miklu skipta að vinna með síbrotunglingum í þeirra nánasta umhverfi. „Í tengslum við bakland þeirra sem yfirleitt er veikt,“ bendir Helgi á og segir margvíslega örðugleika eins og ofvirkni eða lesblindu koma iðulega í ljós og taka verði á þeim um leið og stuðningur við fjölskylduna er eflur.

Hækkun sakhæfisaldurs

Tið búsetuskripti einkenni oft

síbrotaunglinga með tilheyrandi rofi á félagstengslum. „Við ættum alvarlega að íhuga hækkun sakhæfisaldurs í 18 ár við endurskoðun kerfisins. Ákærmeðferð barns ýtir jafnvel undir ný brot eins og rannsóknir hafa sýnt og spurning hvort önnur úrræði eigi ekki að vera meira ráðandi. Sáttamiðlun milli gerenda og þolenda gæti í þessu samhengi skipað hærri sess í málefnum ungmenna. Að ungmennum á glapstígum sé gerð grein fyrir afleiðingum brota sinna fyrir þolendur og samfélagið allt um leið og þau fá tækifæri til að bæta fyrir brotið og sjá raunhæfa möguleika að tengjast því á uppbyggilegan hátt í framtíðinni.“

Fortíðin blóraböggull

Hörður nefnir að þeir sem nái aldrei að snúa við blaðinu séu þeir sem nái ekki að sættast við bernskuna. Helgi segir rannsóknir sínar í fangelsum hafi leitt í ljós að margir

síbrotamanna beri þungar klyfjar úr bernsku sem þeir telji rótina að vanda sínum. „Umkomuleysi, vanræksla og ofbeldi í bland við mikla óreglu á æskuheimilinu eru algeng stef. Um leið og þeir fá aðstoð til að takast á við þennan bagga úr æsku sinni til að lifa í sátt við hann verða þeir einnig að átta sig á að fortíðin má aldrei verða blóraböggull eða réttlætning á nýjum brotum. Ábyrgðarkennd á eigin lífi verður að rækta og efla,” segir Helgi.

Brýnt að efla menntun

Hörður segir lögreglu í góðri aðstöðu til að beita sér og Helgi tekur undir það og einnig þá afstöðu Harðar að stundum þurfi afskiptin ekki að vera mikil af hálfu lögreglu til að beina börnum á réttarbrautir. „Nærvera lögreglu er mikilvæg þegar hlutir fara úr böndum til að skakka leikinn, t.d. á heimilinu eða þegar brotið er á borgaranum. Brýnt er að



Helgi Gunnlaugsson afbrotaráfræðingur hefur rannsakað bakgrunn þeirra sem eru vistaðir í fangelsi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARDUR

menntun lögregluþjóna verði eflur og flutningur námsins á háskólastig er jákvæður til að gera lögreglunni betur kleift að takast á við erfið og viðkvæm mál í návígi. Fleiri aðilar verða þó að koma að málinu og skiptir miklu að sam-

starf við ólíka aðila eins og félagsþjónustu og barnavernd sé heildstætt og markvisst í framhaldinu þegar börn undir 18 ára eiga í hlut. Mikil afskipti réttarvörsluaðila af börnum í vanda eru ekki alltaf heppileg,” segir Helgi.

MEI SÖLUBÓK

„Kristínu Ohlsson tekst sérlega vel að villa um fyrir lesandanum.“


DAGENS NYHETER



BERLINGSKE

„Spennutryllir sem ómögulegt er að leggja frá sér.“

AFTONBLADET



2.
PRENTUN
VÆNTANLEG

Lögfræðingurinn Martin tekur að sér óvenjulegt mál sem á eftir að vinda upp á sig. Fyrr en varir er hann fastur í ógnvekjandi lygavef sem hann veit ekki hver stjórnar.

1



BÓKSÖLU
LISTINN

Topplistinn
1.-31. ágúst 2016



HIMNESKT VÖRUR Í MIKLU ÚRVALI!



TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa

RAPUNZEL

Fáðu Rapunzel lífrænar vörur á tilboði í næstu verslun.



LÝSI VÍTAMÍN

LÝSI er leiðandi á heimsvísu á sviði rannsókna, vöruþróunar, framleiðslu og sölu á fiskiolíum.



TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa

NÁKD. HRÁBARIR

Margar bragðtegundir.

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



NEW NORDIC OG BIO-KULT

Active Liver, Candéa, Chili Burn.

Bio-Kult Candéa
Hefur reynst vel bæði til að fyrirbyggja og meðhöndla Candida sveppasýkingu. 100% náttúruvara sem er örugg fyrir börn, barnshafandi og mjólkandi mæður.

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



NATURES AID

Ultimate Superfoods og GlucoSlim sem er eina efnið í heiminum sem matvælastofnun Evrópu hefur samþykkt sem þyngdarstjórnunarefni.

TILBOÐ
50%
afsláttur á kassa



QUEST PRÓTEIN

Quest Prótein duft! Enginn viðbættur sykur, ekkert glúten, ekkert soja. Frábært í drykki og bakstur. Enn ein snilldarvaran frá Quest!

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



GULI MIÐINN VÍTAMÍN

Í Gula miðanum eru margar stakar vítamín tegundir og einnig blöndur sem hafa verið sérhannaðar fyrir Íslendinga.

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



NOW VÍTAMÍN

Öll NOW vítamín á 20% afslætti.

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



AMÍNO VÍTAMÍN

100%: Eykur úthald og orku. Létt: auðveldar þyngdarstjórnun. Líðir: liðkandi blanda.

Gildir til 11. september á meðan birgðir endast.

ALLT FYRIR HEILSUNA



TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa

VITAMIN WELL

Allir þurfa að upgrade-a sig. Eða næstum allir. Bragðgóðir og svalandi drykkir, fullir af vítamínum, steinefnum, jurta og ávaxta extract og örlítið af ávaxtasykri. Fáanlegir í 3 bragðtegundum.

Nýtt í Hagkaup

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



SCI MX

Stærsti og mest ört vaxandi fæðubótarframleiðandi í Evrópu sem er í einkaeigu. Framúrskarandi alþjóða íþróttafólk velur SCI-MX og fleiri einkabjálfarar mæla með SCI-MX vörum frekar en öðrum tegundum og framleiðendum.

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



ONE FÆÐUBÓTARSTANGIR

Próteinstykki sem innihalda aðeins 1 g. af kolvetnum og bragðast eins og sælgæti.

Nýtt í Hagkaup



FOLLOW YOUR HEART

Vegan ostar, majónes og sósar.

Gott verð
999 kr/stk



TURMERIC DRYKKIRNIR FRÁ ISQUEEZE

Túrmerikrótin hefur verið notuð öldum saman til að vinna á ýmis konar kvillum og bólgum, gigt, meltingarvandamálum, ofnæmi og jafnvel blóðsjúkdómum.

2.789 kr/stk
Verð áður 2.989



AMINO ENERGY

Gríðarlegt úrval af bragðtegundum.

Nýtt í Hagkaup

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



GRENADE CARB KILLA

High Protein Bar. Fudge Brownie, Dark Chocolate Mint, Cookies & Cream, Caramel Chaos og White Chocolate Cookie.



MAMMA CHIA SKVÍSUR

Ljúffengir og afar hentugir chia grautar.

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



FROOSH ÁVAXTASMOOTHIE

Margar bragðtegundir.

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



BSN

Gæða fæðubótarefni í úrvali.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Stefán og Eiður á Ísak AK 67 ánægðir með afrakstur fyrriþrjár dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dansað kring um makrílinn

Það er ekkert minna en ævintýri sem á sér stað í grennd við Keflavíkurhöfn þessa dagana. Makrílbátarnir dansa þar hver við annan um hafflötinn í hægum takti og stíma að bryggju með fullfermi allt að þrisvar á dag – ef fiskifæla flækist ekki um borð.

Líflegt er á kajanum í Keflavík dag einn þegar Gunnar V. Andrésen ljósmyndara og Gunnþóru Gunnarsdóttur ber að um kaffileytið. Sólin skín og léttklæddir sjómenn eru ýmist að landa makríl eða bíða eftir löndun. Við bryggjubrúnina er röð af fleytifullum kórum sem mávarnir gera atrennur að, gargandi. Lyftarar á flegiferð.

Eiður Ólafsson og Stefán Þórisson á Ísak AK 67 eru nýkomnir að, kampakátir með aflann, óhressari með verðið, 60 kall á kílóði.

Ekki gefst tími til að spjalla lengi við þá, Gunnar er búinn að mynstra okkur á Mána ÁR 70 sem er að leggja úr höfn í annað sinn þennan daginn. Jón Ingibergur Guðmundsson, tvítugur Selfyssingur, er einn á. Búinn að landa fullfermi, sex tonnum.

„Það er ekkert rosalega mikið pláss,“ segir hann afsakandi þegar við bröltum um borð. Ég skyggnist um. „Er klósett?“ „Já, það er allt í flaggskipinu,“ svarar hann kíminn. Eftir nokkra metra stoppar hann til að græja veiðarfærin og koma ismolum í hvert kar. Svo er haldið á miðin sem þennan dag voru steinsnar úti á víkinni. Þar eru allmargir bátar og við sjáum makrílinn spríklandi á leið um borð hjá þeim, eins og glitrandi flögg á snúru. Bráðum verður það eins hjá okkur. Jón setur færarúllur í gang. Gunnar stillir myndavélina og við biðum spennit – en ekkert gerist.

Jón byrjaði á sjó um síðustu áramót, sem háseti á netabát. Tók svo pungapróf frá Tækniskólanum af rælni í júní en það var daginn eftir þjóðhátíð í Eyjum sem Jón sigldi

Mána frá Þorlákshöfn til Keflavíkur aleinn til að hefja makrílveiðar í fyrsta sinn. Síðan hefur hann ekki fengið sér í glas og sjaldan sofið nema fimm tíma á sólarhring. „Þetta er ótrúlega skemmtilegt en getur líka verið ótrúlega leiðinlegt. Það fer allt eftir veiðinni.“ Útvarpið er í gangi. „Ég hlusta mest á einhverja vitleysisþætti á K100 og FM957, já, já, ég syng oft með,“ segir hann og hlær.

Við erum á 33 metra dýpi. Allt í kring eru bátar að innbyrða makríl, hjá okkur er allt með öðrum hætti, þó við séum nánast á sömu punktum.

Jón stjórnar Mána fimlega, fylgist með leitartækjunum og lætur rúllurnar draga sitt á hvað en aðeins örfáir fiskar skila sér í kórinn. Þó myndarlegar torfur af makríl birtist á tækjunum þá bitur enginn þeirra á.

Gunnar rifjar upp þegar hann fór með Gissuri Sigurðssyni fréttamanni á rækju í Húnaflóanum um árið og þar var mokveiði. „Það var líka krókur á hverjum öngli í morgun og ég hef fyllt bátinn þrisvar til fjórum sinnum á dag þegar best hefur gengið,“ segir Jón og undrast aflaleysið nú.

Ég tek þetta á mig – minnug sildar-



„Þetta er ótrúlega skemmtilegt en getur líka verið ótrúlega leiðinlegt þegar ekkert er að fréttu. Þetta fer allt eftir veiðinni,“ segir Jón. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Skipverjar á Ísak á leið í annan túr en krókarnir á Mána fisklausir í forgrunni enda er hann á leið í land með fiskifæluna.



**ÉG HEF FYLLT BÁTINN
ÞRISVAR TIL FJÓRUM
SINNUM Á DAG ÞEGAR BEST
HEFUR GENGID.**

túrsins sem ég fór með Páli Dagbjartssyni á Lyngey frá Hornafirði þegar aðrir voru að fylla sig við Hrollaugseyjar en við fengum ekki kvikindi og hann varð að sigla með mig í land eftir tvo sólarhringa til að geta haldið vertíðinni áfram. Líka loðnutúrsins með Hákonni á Húnaröstinni þegar skall á svo mikil bræla og við komumst ekki inn Hornafjarðarós fyrir en eftir dúk og disk.

Máni lónar út við Helgúvík þegar ég heyri Jón segja: „Ég er að hugsa um að skreppa suður undir Garð og gá hvort ég finni ekki eitthvað á leiðinni en fyrst ætla ég að skutla ykkur upp að bryggju.“

KRAFTMEIRI OG FÆR SÍÐUR KRAMPA

Icecare kynnr Amínó® 100% er góð leið til að auka úthald og jafna orkustig á milli mála. Hartmann Kr. Guðmundsson segir að með Amínó 100% sé hann fullur af krafti.

Hartmann Kr. Guðmundsson hefur stundað hjólræiðar af krafti sér til heilsuþátta og ánægju og hjólar hann um 150 til 200 kílómetra á viku. „Hjólræiðar hafa verið áhugamál og ástríða hjá mér síðustu þrjú árin. Snemma í sumar upplifði ég mikla þreytu og leiða og þegar ég hjólaði var ég lúinn og hálf kraftlaus. Þá fór ég að taka Amínó 100%, þrjú hylki tvisvar á dag. Þremur dögum seinna fór mér að líða betur, var kraftmeiri og hjólagleðin fór að koma aftur,“ lýsir Hartmann.



Hann segir stöðuna hjá sér hafa breyst töluvert upp frá því. „Ég hef verið fullur af krafti, tekið þátt í mörgum hjólræiðakeppnum og bætt tíma minn í þeim öllum, frá því í fyrra. Ég mæli því hiklaust með Amínó 100% fyrir þá sem eru í álagsíþróttum og ég mun svo sannarlega halda áfram að taka þetta sjálfur.“

Annað sem Hartmann fór að taka eftir þegar hann fór að taka Amínó 100% var að vöðvakrampar sem honum hætti til að fá í fæturna þegar álagið er mikið höfðu minnkað töluvert, þrátt fyrir aukið álag. „Amínó 100% bjargaði mér alveg í sumar,“ segir Hartmann ánægður.

100% hrein náttúruafurð

Amínó® Líðir, Amínó® Létt og Amínó® 100% eru nýjar vörur úr fiskprótíni sem var þróað og unnið hjá Iceprotein, íslensku sprotafyrirtæki á Saudárkróki. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskprótín, ásamt öðrum lífvirkum efnum sem styðja við eða auka heilsuþætandi virkni þorskprótína.

Amínó® 100% inniheldur einungis IceProtein® (vatnsrofin þorskprótín). Samkvæmt alþjóðlegum rannsóknum eru þorskprótín talin einstaklega heilsusamleg vegna náttúrulegrar blöndu af mikilvægum amínósýrum á borð við glútamín, leusín, lysín og argínín. Amínó® 100% er góð leið til



Hartmann hefur verið fullur af krafti eftir að hann byrjaði að taka Amínó 100%, tekið þátt í mörgum reihjólakeppnum og bætt tíma sinn í þeim öllum, frá því í fyrra. MYND/GVA

að auka úthald og jafna orkustig á milli mála.

Að sögn dr. Hólmfríðar Sveinsdóttur, stofnanda og framkvæmdastjóra PROTIS ehf. sem framleiðir Amínó® vörulínan, er fiskprótínið unnið úr hágæða hráefni sem fellur til við flakavinnslu á íslenskum þorski. „Fiskprótínið er hundrað prósent hrein náttúruafurð, hægt er að rekja hvar fiskurinn er veiddur og allt hráefnið er unnið á Íslandi.“

Hólmfríður segir markmið-

id vera að hámarka nýtingu á einstakri náttúruauðlind og stuðla að bættri lýðheilsu.

„Fiskprótínið er unnið samkvæmt IceProtein® tækni sem byggir á vatnsrofs-tækni þar sem prótínin eru meðhöndluð með vatni og ensímum og í framhaldinu síuð þannig að prótínið sem kallast IceProtein® samanstendur einungis af smáum lífvirkum peptíðum,“ útskýrir Hólmfríður.

Framleiðsla

PROTIS byggir á áralöngum rannsóknum á fiskprótíni sem vísindamenn rannsókna- og þróunarfyrirtækisins Iceproteins hafa

stundað í samvinnu við Matís, Háskóla Íslands og fleiri rannsóknastofnanir. „Markmið PROTIS er að hagnýta þá miklu þekkingu og reynslu sem byggst hefur upp í kringum rannsóknir á fiskprótíni og reynslu við veiðar og vinnslu á fiski í þágu bættrar lýðheilsu og betri nýtingar á íslenskum fiskistofnum,“ segir Hólmfríður.



IceCare
þín heilsa

SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR
Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is

“Ég mæli hiklaust með Amínó 100% fyrir þá sem eru í álagsíþróttum og ég mun svo sannarlega halda áfram að taka þetta sjálfur.



Selma Björk er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle.



40+ FEMARELLE REJUVENATE

- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur eðlilegu hári



Femarelle skiptir Valgerði miklu máli.



50+ FEMARELLE RECHARGE

- Slær hratt á einkenni (hitakóf og nætursviti minnka)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vef í brjóstum eða legi



Eva Ólöf er hressari þegar hún notar Femarelle.



60+ FEMARELLE UNSTOPPABLE

- Inniheldur kalsíum og D3-vítamín sem eru nauðsynleg til að styrkja bein að innan
- Stuðlar að heilbrigðri slímhúð legganga
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að andlegu jafnvægi



Lífið ætti ekki að taka stakkaskiptum við það að eldast – vertu með okkur

Elskaðu. Lifðu. Njóttu. Femarelle® vörulínan

MARKASKORARI Í NÝJU HLUTVERKI

Knattspyrnumaðurinn Garðar Gunnlaugsson útskrifaðist með hæstu einkunn úr námi í hóteltjórnun og veitingahúsarekstri í vor. Nýlega tók hann við stöðu hóteltjóra fjögurra stjörnu hótels sem verið er að byggja í Borgarnesi. Hann spáir mikilli fjölgun ferðamanna á Vesturlandi næstu árin og hlakkar til krefjandi verkefna.

Starri Freyr Jónsson

starri@365.is



Knattspyrnumaðurinn Garðar Gunnlaugsson stendur á tímamótum um þessar mundir. Í vor útskrifaðist hann með hæstu einkunn úr námi í hóteltjórnun og veitingahúsarekstri við Háskólann í Reykjavík en námið fer fram í samstarfi við einn af virtustu skólum heims í hóteltjórnun og veitingahúsarekstri, César Ritz Colleges í Sviss. Nýlega tók hann svo við stöðu hóteltjóra fjögurra stjörnu hótels sem er í byggingu í Borgarnesi og verður opnað á næsta ári. Það eru því spennandi tímar framundan en fyrst á dagskrá er að klára tímabilið með Skagamönnum og næla í gullskóinn sem veittur er markahæsta leikmanni Pepsi-deildar.

Sem atvinnumaður í knattspyrnu bjó Garðar í fimm löndum um nokkurra ára skeið. Fyrir vikið hefur líf hans einkennst mikið af ferðalögum og hótelpplifunum til bæði skemmri og lengri tíma að eigin sögn. „Ég lék í Skotlandi, Svíþjóð, Búlgaríu, Austurríki og Þýskalandi fyrir utan auðvitað Ísland. Það má því segja að ég hafi verið talsvert heppinn að hafa fengið tækifæri til að ferðast svo víða. Auk þess hefur hver flutningur milli landa haft í för með sér a.m.k. eins mánaðar búsetu á hóteli áður en ég hef náð að koma mér formlega fyrir. Það má því segja að ég þekki hóteltjórnun og inn sem neytandi og það í fimm mismunandi löndum og menningarheimum.“

NÆSTUM EINKAKENNSLA

Garðar stundaði nám í viðskiptafræði við Háskólann á Bifröst um nokkurra ára skeið en sá ekki fram á að klára námið. „Þá sá ég kynningu á náminu í HR. Mér leist mjög vel á það enda er ferðamannabransinn að springa út hérna og er líka ört vaxandi alls staðar í heiminum. Ég tala þýsku, ensku og sænsku nokkuð vel og taldi að það myndi klárlega nýtast mér í þessu starfi. Það er mjög mikil eftirspurn eftir faglærðu fólki í ferðamannabransanum. Til að mynda spáði greiningardeild Íslandsbanka að það þyrfti að flytja inn 5.000 starfsmenn til að anna eftirspurn á næstu árum. Þannig að framtíðarmöguleikarnir eru gríðarlegir.“

Námið var mjög skemmtilegt og spennandi þar sem aðkoma César Ritz Colleges skipti miklu máli að sögn Garðars. „Við fórum m.a. í vettvangsheimisóknir til margra virtra ferðaþjónustufyrirtækja, hótela og veitingastaða. Þær gefa



Garðar Gunnlaugsson, knattspyrnumaður með 1A og nýráðinn hóteltjóri, sér fram á spennandi tíma. MYND/ANTON

manni strax greiða leið inn í atvinnulífið og stækka tengslanetið til muna.“

Hann segir helsta kost námsins hafa verið hversu fámennur hópurinn var en í honum voru einungis ellefu nemendur og því fékk hver og einn nánast einkakennslu.

„Hópurinn var mjög samheldinn og skemmtilegur. Það mynduðust góð tengsl innan hans sem munu eflaust haldast út ævina. Við tölum enn reglulega saman og það er mjög gaman að fylgjast með þeim sem fóru í framhaldsnámið úti í Sviss. Sjálfur er ég að klára BS í viðskiptafræði, með áherslu á ferðaþjónustu, frá Bifröst sem mun veita mér aðgang að því framhaldsnámi. Ég ætla þó að einbeita mér 100% að nýja hótelinu um ófyrirséða framtíð.“

FJÖLGUN UTAN REYKJAVÍKUR

Aðdragandinn að nýja starfinu var skammur en Garðar hefur undanfarna mánuði aflað sér reynslu á Oddsson Ho(s)тели í vesturbæ Reykjavíkur. Fyrir stuttu fékk hann símtal frá manni sem vildi fá hann til að reka fyrir sig hótelt sem hann væri að byggja í Borgarnesi. „Eftir nokkra fundi sáum við að þetta gæti orðið mjög farsælt samstarf og ákveðið var að ég tæki til starfa strax. Hótelið verður vonandi opnað seinni hluta sumars 2017. Núna er öll undirbúningsvinna í gangi og er ég að leita tilboða frá ýmsum aðilum í allt sem tengist hótelinu sem verður fjögurra stjörnu hótelt á fimm hæðum.“

Ferðamannastraumurinn hefur vaxið mjög mikið undanfarna ár og það eru virkilega spennandi tímar framundan. „Vöxturinn á þó klárlega eftir að hægja á sér þegar fram líða stundir. Hins vegar sé ég fram á fjölgun ferðamanna utan Reykjavíkur enda borgin nú þegar þanin og maður heyrir af óánægju meðal bæði borgarbúa og ferðamanna.“

VESTURLAND SÆKIR Á

Hann segir Vesturlandið ört vaxandi sem ferðamannastað enda hefur landshlutinn upp á margt að bjóða, bæði tengt fallettri náttúru og sögunni. „Ég spái því að Vesturland eigi eftir að taka til sín stóran hluta ferðamanna næstu árin. Sérstaklega þar sem bæjarfélögin eru að verða meðvitaðri um þær miklu tekjur sem ferðaþjónustan er að skapa, bæði í beinum og

óbeinum tekjum. Vitinn á Akranesi er t.d. búinn fá til sín þúsundir ferðamanna það sem af er árinu. Nýverið samþykkti bæjarstjórnin að hafa Vitann opinn allt árið og að upplýsingamiðstöð ferðamanna yrði færð þangað. Þetta er dæmi um jákvæða breytingu á hugarfari bæjarfélaga gagnvart ferðamannaíðnaðinum.“

Hann segir þó hóteltbransann á ákveðnum krossgötum um þessar mundir. „Hann hefur verið eins í marga áratugi en með nýrri tækni og breyttri kauphegðun neytenda verða hóteltjórar að laga sig að breyttum aðstæðum, sérstaklega ef hægja fer á straumi ferðamanna. Neytendur eru hvatvísari en áður og núna skiptir oft meira máli að fá góða umfjöllun á t.d. TripAdvisor heldur en að hafa stjórnugjöf á bak við sig.“

FRÁBÆR UMGJÖRD

Garðar er markahæstur í Pepsi-deild karla þegar fimm umferðir eru eftir. Þrátt fyrir að vera orðinn 33 ára gamall sýnir hann engin ellimerki en tímabilið er hans besta að eigin sögn síðan hann lék í Svíþjóð árið 2007. „Eftir brösuga byrjun höfum við unnið síðustu 8 af 10 leikjum okkar. Öll umgjörðin í kringum liðið er frábær og þjálfarateymið, þ.m.t. sjúkrahjálfarar og sálfræðingur, á stóran þátt í árangri okkar.“

Hann segir leikmannahópin og stemninguna í klefanum einstaka og að hún eigi stærstan þátt í gengi liðsins og um leið hversu vel honum sjálfum gengur. „Það er alveg sama hvað bjátar á, gott eða slæmt, þá er alltaf jafn gott að koma í klefann. Það eru allir vinir í liðinu enda er hópurinn samansettur mestmegnis af heimamönnum og svo frábærum aðkomumönnum.“

Framundan er róleg helgi sem hófst í gærkvöldi með liðshittingi hjá félögum hans í 1A. „Helgin verður að öðru leyti mjög róleg en þó fer ég til Keflavíkur með krakkana mína þar sem við fylgjumst með Hektorí, syni mínum, keppa í úrslitakeppni Íslandsmótsins í 5. flokki.“

FÓLK ER KYNNINGARBLAD sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR: Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367
Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5357 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358
Vera Einarisdóttir, vera@365.is, s. 512 5357 | **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johanwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

511

SLIM

FRÁ KR.

13.990

LIVE IN

Levi's®

Levi's Kringlunni - Levi's Smáralind - Levi's Glerártorgi

Haustr útsala Fjallakofans

Síðustu dagar útsölnunnar
Enn meiri afsláttur!

Gríptu tækifærið og fáðu þér gæða útvistarvörur frá Marmot, Scarpa, Smartwool, Arc'teryx, Löffler, Helsport, Teva og fleirum á þessari frábæru útsölu! Fatnaður, skór, sandalar, bakpokar, tjöld, svefnpokar og margt margt fleira, **sjón er sögu ríkari.**

Smartwool
nærfatnaður og
sokkar
**20-30%
afsláttur**

Teva
sandalar
**20-30%
afsláttur**

Löffler
hjólafatnaður
**30-50%
afsláttur**

Marmot
útvistarfatnaður
**20-70%
afsláttur**

Helsport
Tjöld og bakpokar
**20-40%
afsláttur**

Scarpa
gönguskór
**20-50%
afsláttur**

Afgreiðslutími í verslunum Fjallakofans um helgina:

Verslun \ Dagur	laug. 3. sept.	sunn. 4. sept.
Laugavegur 11	10-17	12-18
Kringlan 7	10-17	12-18
Reykjavíkurv. 64	12-17	LOKAÐ

Marmot

ARC'TERYX

SCARPA

Smartwool

PETZL

Black Diamond

SILVA

SEA TO SUMMIT

JETBOIL

Julbo

**FJALLA
KOFINN**

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is  



Verkin á sýningunni eru öll portrett af raunverulegum tám. MYNDIR/GVA



ChillTær heitir þetta verk.

FYNDNAR OG FÁRÁNLEGAR

Hallveig Kristín Eiríksdóttir opnar myndlistarsýninguna TÆR í Listastofunni í JL húsinu í dag. Þar sýnir hún 11 olíumálverk sem öll eru af tám. Hún hefur gaman af myndlist og bindur vonir við að fólk vilji hafa tær uppi á vegg.

Vera Einarsdóttir
vera@365.is



„Ég byrjaði að vinna verkin síðastliðið sumar. Hugmyndin kviknaði þegar ég var að ganga berfætt í fjöru á fallegum sumardeg. Það fylgir því sérstök tilfinning að

finna sand og mosa leika um iljarnar og ég fór að gefa tám meiri gaum. Eins hef ég háð áralanga baráttu við kitlhræðslu en finnst því jafnframt fylgja frelsi að leyfa tám að leika lausum hala,“ segir myndlistarkonan og sviðsmyndahöfundurinn Hallveig Kristín Eiríksdóttir.

Hún segir verkefnið hafa leitt af sér ófá samtöl við fólk um tær. „Það eru margir mjög óöruggir með tærnar á sér. Sumir vilja alls ekki sýna þær og öðrum finnst þær hreinlega ógeðslegar. Enn aðrir vilja ekki að tær komist í snertingu við nokkurn skapaðan hlut og vilja að þær séu sem mest innilokaðar í

sokkum og skóm. Svo eru hinir sem segja þær krúttlegar, áhugaverðar og jafnvel fallegar.

En hvar stendur þú í þeim efnum? „Mér finnst þær aðallega mjög myndnar og í raun alveg fáránlegur líkamspartur. Þær eru oft bæði skakkar og skældar sem gerir það að verkum að það er gaman að eiga við þær sem form.“

Verkin á sýningunni eru öll portrett af raunverulegum tám. „Fólk hefur sent mér myndir af tánum á sér eða farið úr sokkunum og setið fyrir. Útkoman fer svolítið eftir tilfinningu viðkomandi gagnvart eigin tám en sömuleiðis útliti. Sumar eru því mjög persónugerðar en aðrar hlutlaus portrett af forminu.“

Hallveig notar olíu, akríl og ullarþræði til að ná fram réttri áferð en auk þess styðst hún við skrifaðan texta og upplifunarinsetningu á staðnum. Hún segist ekki hafa fengið mikið við portrett síðan í skóla, en það hafi verið gaman að endurnýja kynnin við það form.

Hallveig lærði myndlist í Bandaríkjunum og sviðsmyndahönnun á Spáni. Hún er nú á Sviðshöfundabraut Listaháskóla Íslands ásamt



Hallveig hefur komist að því að margir eru óöruggir með tærnar á sér.

því að starfa sem sviðsmaður í Þjóðleikhúsinu. Þá hefur hún verið virk með fjöllistahópnum CGFC ásamt því að leggja stund á sjálfstæð myndlistarverkefni en Tær er önnur einkasýning hennar.

Opnunin í dag stendur frá fjögur til sex en sýningin verður opin til 16. september. Spurð hvort Hallveig haldi að einhver komi til með að vilja hafa tær uppi á vegg segist hún vona það. „Ég hef gaman af myndinni list og vona að fleiri hafi svipaðan smekk.“

sec·ond·hand /,sekand'hand/

HERTEX

Allir námsmenn fá 25% afslátt
(Framvísa þarf stúdentaskírteini)
gildir til 13. september



Almar nokkur á þessar tær.



Það er gaman að veiða
- Líka á haustin -

ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR

20-50%
AFSLÁTTUR
AF VEIÐVÖRUM

Haust
ÚTSALAN
ER HAFIN

VEIÐISTANGIR
HJÓL OG LÍNUR
VÖÐLUR
TÖSKUR

Gerð frábær kaup

Sími: 527-1060 | Langholtsvegi 111

Veidiflugur

GEFIN SAMAN AF VÖLVU

Thomas Aagaard og Ragnheiður Hjálmarsdóttir endurnýjuðu heitin á Víkingahátíð í sumar í tilefni af tíu ára brúðkaupsafmæli sínu. Athöfnin fór fram í blíðskaparveðri á fagurri strönd í Danmörku.

Sólveig
Gísladóttir

solveig@365.is



Hugmyndin að því að endurnýja heitin að víkingasið vaknaði hjá þeim Thomasi og Ragnheiði þegar þau sóttu víkingahátíð nærri Ár-ósum í Danmörku á síðasta ári. „Þegar við áttuðum okkur á að 29. júlí árið 2016 myndum við eiga tíu ára brúðkaupsafmæli á víkingagátíðinni í Moesgaard, fannst okkur tilvalið og skemmtilegt að láta gefa okkur saman að heidnum síð, en þegar við giftum okkur á sínum tíma var það hjá sýslumanninum í Reykjavík,“ segir Thomas. Hann segir undirbúninginn í raun ekki hafa verið mikinn fyrir utan saumaskapinn en hann saumaði sjálfur öll brúðkaupsklæðin á sig og konu sína, auk þess sem dóttir þeirra, Karen, fékk ný klæði.

„Þetta var töluvert verk,“ viðurkennir Thomas en hann hefur alltaf haft gaman af því að skapa með

höndunum. „Þá skiptir ekki máli hvort það er að sauma, smíða eða eitthvað annað,“ segir Thomas sem saumar flest fötin í höndunum. „Stundum svindla ég og nota saumavél, en ullina þarf alltaf að handsauma,“ segir hann glettinn.

Útkoman var stórglæsileg eins og sjá má á myndunum. Ragnheiður var í fallegum bláum hörkjól, með hvíta ullarsvntu með spjaldborða og með fallegt skart að víkingasið. Um hálsinn bar hún hvítan loðfeld. „Þetta er grænlenstur refur sem hún fékk að gjöf frá tengdamóður minni,“ upplýsir Thomas. Sjálfur var hann höfðinglegur í hvítum buxum, dökkblárum kyrtli, í leðurskóm og með leðurtösku sem hann bjó sjálfur til. Á hausnum bar hann loðhúfu og um hálsinn loðfeld.

Veisla að víkingasið

Athöfnin fór fram á ströndinni á víkingahátíðinni í Moesgaard. „Veðrið var afar fallegt og vin-



Vinkona hjónanna, sem er völvu, stjórnaði athöfninni. Thomas saumaði brúðkaupsklæðin á sig og konu sína. MYND/GÍSLI DÚI

Maður hittir svo mikið af fólki, bæði gamla vini og eignast nýja. Það er mikið bræðralag sem myndast milli víkinga, þótt þeir séu frá ólíkum löndum.

Thomas Aagaard

kona okkar úti, Guðrún Viktoria, sem er völvu, gaf okkur saman. Við höfðum farið yfir skipulagn-inguna með henni fyrr um sumarið en þegar til kom var raunveruleikinn mun fálægri en við hefðum getað ímyndað okkur,“ segir Thomas.

Um þrjátíu manns voru viðstaddir, þar á meðal foreldrar og fjölskylda Thomasar frá Danmörku. Einnig vikingavinir þeirra hjóna frá Íslandi, Þýskalandi og víðar. „Síðan var efnt til veislu að víkingasið,“ segir Thomas en veislan var haldin í tjaldbúðum íslensku víkinganna á hátíðinni.

Víkingar af lífi og sál

Thomas segir víkingaáhuga sinn hafa blundað með sér frá unga aldri. „Við höfðum síðan í mörg ár farið á víkingahátíðina í Hafnarfirði en árið 2010 fór ég að taka myndir á hátíðinni fyrir Jóhannes sem rekur Fjörukrána. Síðan byrjaði ég í víkingafélaginu Rimmugýgi fyrir þremur árum og Ragga fylgdi á eftir, líkt og dóttir okkar.“

Víkingalífið hefur æ síðan verið afar stór hluti af lífi fjölskyldunnar. „Við erum stanslaust í einhverju sem tengist vikingastarfinu. Við hittumst reglulega yfir vetrartímann til að sauma og sinna öðru handverki. Þá er ég líka bardagamaður og við æfum okkur

tvisvar í viku í sverða- og bardaga-tækni.“

Thomas og Ragnheiður hafa farið á tvær víkingahátíðir í útlöndum í fyrra og í ár. Þeim hefur líkað svo vel að þau stefna á að gera það að árlegum viðburði. „Þetta er rosa skemmtilegt. Maður hittir svo mikið af fólki, bæði gamla vini og eignast nýja. Það er mikið bræðralag sem myndast milli víkinga, þótt þeir séu frá ólíkum löndum.“



Athöfnin fór fram á ströndinni nærri víkingahátíðinni og var ákaflega vel lúkkud. MYND/GÍSLI DÚI



Karen, dóttir Thomasar og Ragnheiðar, tekur fullan þátt í víkingalífni.

MYND/THOMAS AAGAARD

Um þrjátíu manns voru viðstaddir, þar á meðal foreldrar og fjölskylda Thomasar frá Danmörku. Einnig vikingavinir þeirra hjóna frá Íslandi, Þýskalandi og víðar.

NUTRILENKTM

GOLD



Eitt mesta selda
liðbætiefnið á Íslandi

KAUP
AUKA
TILBOÐ

NUTRILENK GEL fylgir FRÍTT
með sem kaupauki.



Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.



Krabbameinsfélag Íslands var stofnað árið 1951 og eru aðildarfélög þess um 30 í dag.

Hlutverk Krabbameinsfélagsins er að vera í fylkingarbrjósti í baráttunni gegn krabbameinum.

Starf félagsins felst m.a. í leit að krabbameini, fræðslu, ráðgjöf, stuðningi, skráningu krabbameina og þróun þekkingar um krabbamein.

Nánari upplýsingar um Krabbameinsfélagið er að finna á heimasíðu félagsins www.krabb.is

Framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins

Stjórn Krabbameinsfélags Íslands auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra félagsins. Um er að ræða starf til að leiða og samhæfa daglega þjónustu félagsins í umboði stjórnar.

Starf framkvæmdastjóra snýr annars vegar að daglegri þjónustu félagsins að Skógarhlíð 8 og hins vegar að samstarfi við 30 krabbameinsfélög um land allt, svæðafélög og stuðningshópa. Framkvæmdastjóri er í forsvari fyrir daglegt starf í umboði stjórnar og ber ábyrgð á gagnvart stjórn að rekstur félagsins sé innan ramma fjárhagsáætlunar. Starfið er laust frá 1. janúar 2017.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Leiða og samstillja þjónustu félagsins, þar með talið leitarstarf, ráðgjöf, fræðslu, skráningu og úrvinnslu vísindalegra upplýsinga
- Samstillja og styðja starf krabbameinsfélaga landsins og stuðningshópa
- Fylgja eftir stefnu félagsins og vinna með stjórn að stefnumótun og þróun verkefna félagsins
- Samskipti við fjölmiðla og samstarfsaðila innan lands og utan

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Farsæl stjórnunareynsla
- Góð innsýn í starf félagasamtaka og reynsla af starfi með félagasamtökum er æskileg
- Einlægur áhugi á að efla þjónustu vegna krabbameina
- Góðir samskipta- og leiðtogaþæfileikar
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Háskólamenntun á heilbrigðissviði er kostur
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar er æskileg
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Reynsla af samskiptum við fjölmiðla og innsýn í stjórnsýslu
- Sköpunarkraftur og frumkvæði

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 19. september nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Verkfræðingar / Tæknifræðingar

Verkefnastjórnun

Starfið felst einkum í almennri framkvæmdaráðgjöf, áætlanagerð, verkefnisstjórn, hönnunarstjórn, margskonar þjónustuútbodum og eftirliti með framkvæmdum.

Leitað er að einstaklingi með:

- Menntun á sviði verkfræði eða tæknifræði.
- Góða þekkingu á forritum sem notuð eru við verkefnastjórnun og áætlanagerð.

Hönnun og ráðgjöf á sviði rafkerfa

Starfið felst einkum í hönnun rafkerfa og lýsingar í húsbyggingum og öðrum mannvirkjum, lýsingarhönnun gatna, stíga og umhverfis, ásamt almennri ráðgjöf, áætlanagerð og þátttöku í framkvæmdaefirliti. Leitað er að einstaklingi með:

- Menntun á sviði rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði.
- Góða þekkingu á Autodesk Revit.

Við sækjumst eftir fólki sem býr yfir faglegum metnaði og vilja til að þroskast í starfi, góðri kunnáttu í ensku og a.m.k. einu norðurlandamáli ásamt jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum. Starfsreynsla er æskileg en ekki skilyrði. M.Sc. gráða er kostur.

VSÓ býður starfsmönnum sínum samkeppnishæf kjör, góða vinnuástöðu, fjölskylduvænan vinnustað, góða vinnufélaga og fjölbreytt verkefni.

Hægt er að sækja um störf með því að senda tölvupóst á netfangið umsokn@vso.is merktan **Verkefnisstjórnun** eða **Rafkerfi**, fyrir 15. september.

VSÓ Ráðgjöf er eitt af rótgrónustu verkfræðifyrirtækjum landsins og vinnur að verkefnum jafnt á Íslandi sem erlendis. Starfsmenn VSÓ eru nú um 70 og sinna alhliða ráðgjöf vegna hverskonar mannvirkjagerðar, skipulags og umhverfismála.



Sérfræðingur í Fyrirtækjaráðgjöf

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans leitar að nýjum liðsmanni í öflugan hóp sérfræðinga. Leitað er að kraftmiklum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni á fjármálamarkaði.

Fyrirtækjaráðgjöf sinnir meðal annars ráðgjöf við kaup og sölu fyrirtækja, ráðgjöf við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja, umsjón með útboðum og skráningum á hlutabréfum og skuldabréfum í Kauphöll. Auk þessa ráðgjöf við fjármögnun fyrirtækja og verkefna.

Helstu verkefni

- » Að leiða og stýra verkefnum
- » Ráðgjöf og samskipti við viðskiptavini, fjárfesta og fyrirtæki
- » Greining og mat á fjárfestingarkostum
- » Umsjón með samningagerð

Hæfnis- og menntunarkröfur

- » Háskólamenntun, t.d. í viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði
- » Haldgóð reynsla af fjármálamarkaði eða rekstri fyrirtækja
- » Frumkvæði í starfi
- » Færni í samskiptum og þægilegt viðmót
- » Markviss og sjálfstæð vinnubrögð

Nánari upplýsingar veita Steingrímur Helgason, forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar, í síma 410 7349 og Bergþóra Sigurðardóttir, starfsþróunarstjóri, í síma 410 7907.

Umsókn merkt „Sérfræðingur í Fyrirtækjaráðgjöf“ fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 18. september nk.



Jafnlaunaúttekt
PwC

Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

VIÐHALD

fasteignaviðgerðir

Iðnaðarmenn óskast

Vegna mikilla anna erum við að bæta kraftmiklum smiðum, múrurum og málurum í okkar hóp. Við óskum eftir lærdum iðnaðarmönnum og verkamönnum með reynslu af byggingavinnu.

Óskum einnig eftir að ráða reynslumikinn smið til starfa á verkstæði fyrirtækisins að Vagnhöfða. Í starfinu felst m.a. umsjón með verkstæði, lager, verkfærum og bílum. Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð eru skilyrði.

Áhugasamir sendi inn umsókn á netfangið: vidhald@vidhald.is

Hjá Viðhaldi starfa um 50 manns. Fyrirtækið sérhæfir sig í viðhaldi fasteigna, bæði innan húss og utan. Meðal viðskiptavina eru stærstu fasteignafélög landsins ásamt húsfélögum, fyrirtækjum, einstaklingum og opinberum stofnunum.

Viðhald fasteignaviðgerðir, Vagnhöfða 19, Sími 567-6699



Pökkun og umsjón með dreifingu

Bakarameistarinn suðurveri leitar eftir ábyrgðarfullum, heilsu- hraustum og duglegum einstaklingum í pökkun, umsjá með dreifingu, tiltekt og aðstoð við bakara í vinnslusal. Helstu kröfur eru sjálfstæð - skipulögð vinnubrögð, sveigjanleiki og jákvæðni. Starfið er fjölbreytt, krefjandi og hentar mjög vel fyrir morgunhana sem vinna vel undir pressu!

Vinnutími er : Mán - fim 05:00-13:00 Föst : 04.00 - 12.00 (getur þó verið lengri eftir álagi)

Við hvetjum bæði konur og karla að sækja um.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf strax

Áhugasamir umsækjendur geta fyllt út umsókn á heimasíðu okkar bakarameistarinn.is



Kopar leitar að flottu fólki í eftirfarandi stöður

Kopar Restaurant við gömlu höfnina í Reykjavík óskar eftir hressum, duglegum og metnaðarfullum vönum & faglægðum þjónum í hlutastarf.

Peir sem vilja slást í þennan frábæra hóp okkar hér við gömtlu höfnina geta sent okkur línu á koparumsokn@gmail.com

Við leitum að

Sérfræðingi í eignastýringu



Stapi lífeyrissjóður óskar eftir að ráða sérfræðing í eignastýringu. Leitað er að talnagleggum og ábyrgum einstaklingi með reynslu af verðbréfamarkaði.

Umsóknarfrestur
15. september

Starfssvið

- Greining markaða og fjárfestingakosta.
- Vöktun verðbréfamarkaða, framkvæmd verðbréfavíðskipta og eftirfylgni fjárfestinga.
- Samskipti við aðila á fjármálamarkaði.
- Skýrslugerð og almenn upplýsingagjöf.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/3625

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræði, verkfræði eða sambærilegu námi, próf í verðbréfavíðskiptum er kostur.
- Starfsreynsla af fjármálamarkaði.
- Talnagleggi og áhugi á fjármálamarkaði.
- Sjálfstæði, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og fagleg framkoma.
- Gott vald á íslensku og ensku.

Stapi lífeyrissjóður er almennur lífeyrissjóður með um 180 milljarða í eignum. Starfssvæði sjóðsins nær frá Hrutafirði í vestri að Skeiðarársandi í austri. Sjóðurinn nær þannig til allra byggðakjarna á Norður- og Austurlandi. Sjóðfélagar eru almennt launafólk á þessu svæði, sem kemur úr ýmsum atvinnugreinum, m.a. sjávarútvegi, verslun, þjónustu og iðnaði. Starfsmenn Stapa eru 15 og skrifstofur sjóðsins eru á Akureyri og Neskaupsstað.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Lögfræðingur



Forsætisráðuneytið auglýsir eftir lögfræðingi á skrifstofu yfirstjórnar í ráðuneytinu.

Um er að ræða fullt starf. Tekið er mið af jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins við ráðningar í störf hjá forsætisráðuneytinu.

Umsóknarfrestur
22. september

Starfssvið

- Aðkoma að undirbúningi mála fyrir ríkisstjórnarfundum og eftirfylgni.
- Aðkoma að undirbúningi ríkisráðsáfgreiðslna.
- Lögfræðileg ráðgjöf.
- Svörun erinda og fyrirspurna af ýmsu tagi.
- Viðburðastjórnun.

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/3624

Hæfnis- og menntunarkröfur

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði.
- Reynsla af störfum innan stjórnslunnar er æskileg.
- Sérþekking í stjórnskipunarrétti og stjórnslurétti er æskileg.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.

Launakjör eru skv. kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkisins og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Athygli er vakin á því, að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, nr. 464/1996, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öllum umsóknum um starfið verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Hugbúnaðargerð - mikil tækifæri

Óskum eftir að komast í samband við háskólamenntaða hugbúnaðarsérfræðinga sem hafa náð góðum árangri í starfi og langar í nýjar áskoranir.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Sjá nánari upplýsingar á www.intellecta.is

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is



Slysavarnaskóli sjómanna er í eigu Slysavarnafélagsins Landsbjargar og var stofnaður árið 1985 til að sinna öryggisfræðslu fyrir sjómenn. Markmið skólans er samkvæmt lögum að efla öryggisfræðslu sjómanna með öflugum skóla sem uppfyllir íslenskar og alþjóðlegar kröfur um þjálfun sjómanna og að auka þjónustu við sjómenn og fleiri aðila í tengslum við sjó og vötn. Slysavarnaskóli sjómanna er gæðavottaður skóli samkvæmt ISO 9001 staðli.



Kennari / leiðbeinandi

Slysavarnaskóli sjómanna óskar eftir að ráða öflugan einstakling til að sinna fjölbreyttum verkefnum tengdum námskeiðum skólans.

Ábyrgðarsvið

- Þróun og undirbúningur námskeiða, æfinga og námsefnis í öryggismálum sjómanna
- Bera ábyrgð á þeirri kennslu og námskeiðum skólans sem yfirmaður felur honum
- Annast viðhald námstækja og námsgagna skólans
- Vinna að auknu öryggi sjómanna með fræðslu, þjálfun og leiðbeiningum
- Gerð, uppbygging og viðhald gæðastjórnunarkerfis fyrir Slysavarnaskóla sjómanna og skólaskipið Sæbjörgu
- Starfa að og hafa umsjón með öðrum skyldum verkefnum sem yfirmaður felur viðkomandi

Hæfniskröfur

- Reynsla af störfum á sjó
- Reynsla eða menntun á sviði kennslu eða þjálfunar
- Þekking á öryggismálum sjómanna
- Fagleg og örugg framkoma
- Hæfni í mannlegum samskiptum



Upplýsingar veitir:

Inga S. Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 11. sept. nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700

Veðurstofa
Íslands



Bókari

Hlutverk

- ▶ Merking og bókun á rekstrarkostnaði stofnunarinnar (AP bókari)
- ▶ Innlestur, merking, skráning og skönnun reikninga
- ▶ Umsjón og eftirfylgni með rafrænu samþykktarferli reikninga
- ▶ Umsjón með innkaupakortum og afstemmingar þeirra
- ▶ Afstemmingar lánardrottna
- ▶ Umsjón með eignakerfi og viðhald eignaskrár
- ▶ Önnur tilfallandi verkefni, samvinna og stuðningur í reikningshaldshópnum

Menntunar- og hæfniskröfur

- ▶ Viðurkenndur bókari, viðskipta-menntun eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- ▶ Mjög góð bókhaldskunnátta og farsæl reynsla af bókhaldsstörfum nauðsynleg
- ▶ Nákvæmni í vinnubrögðum og tölugleggni
- ▶ Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- ▶ Mjög góð tölvufærni, þ.m.t. Excel
- ▶ Þekking á Oracle kerfi ríkisins kostur
- ▶ Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- ▶ Hæfni til að miðla upplýsingum

Hlutverk

- ▶ Umsjón með mánaðarlegri launavinnslu
- ▶ Vinna við launaáætlanir og frávika-greiningar á launakostnaði
- ▶ Kostnaðargreiningar í verkþókhaldi og ýmis önnur greiningarvinna
- ▶ Skráningar, útreikningar og eftirfylgni vegna launa og verkþókhalds
- ▶ Vinna við afstemmingar
- ▶ Önnur tilfallandi verkefni, samvinna og stuðningur í reikningshaldshópnum

Nánari upplýsingar um störfni veita **Ólína Þóra Friðriksdóttir**, hópstjóri reikningshalds (olina@vedur.is) og **Borgar Ævar Axelsson**, mannauðsstjóri (borgar@vedur.is) í síma 522 6000.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfni á www.starfatorg.is

Sérfræðingur í reikningshaldi

Menntunar- og hæfniskröfur

- ▶ Bachelorgráða í viðskiptafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- ▶ Farsæl reynsla og þekking af launaafgreiðslu
- ▶ Nákvæmni í vinnubrögðum og tölugleggni
- ▶ Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- ▶ Mjög góð tölvufærni, áhersla á færni í Excel
- ▶ Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- ▶ Hæfni til að miðla upplýsingum

Umsóknarfrestur starfanna er til og með 19. september nk.

Um er að ræða 100% störf.

Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlinda-ráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 130 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. lofti, vatni, jörð, snjó, jökulum og hafi. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum: Eftirlits- og spásviði, Athugana- og tæknisviði, Úrvinnslu- og rannsóknasviði, Fjármála- og rekstrarsviði og Skrifstofu forstjóra. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar www.vedur.is

Gildi Veðurstofunnar eru þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.

www.vedur.is
522 6000



Íbúðalána sjóður

Tilgangur Íbúðalánasjóðs er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Starfsmannastefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun.



Þjónustustjóri á viðskiptasviði

Íbúðalánasjóður óskar eftir að ráða öflugan þjónustustjóra. Um er að ræða nýtt starf sem heyrir beint undir framkvæmdastjóra viðskiptasviðs. Starfið er fjölbreytt og snertir öll starfssvið sjóðsins. Hjá Íbúðalánasjóði er lögð áhersla á framúrskarandi þjónustu og sveigjanleika gagnvart viðskiptavinum um land allt.

Starfssvið

- Innleiðing á ábyrgð nýrrar þjónustustefnu
- Ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavinum
- Uppbygging á þjónustuferlum
- Úrvinnsla og framsetning talna og gagna
- Þjálfun og fræðsla ráðgjafateymis

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð reynsla af þjónustumálum
- Reynsla af fjármálaumhverfi
- Jákvæðni og rík þjónustulund nauðsynleg
- Frumkvæði, sjálfstæði og góðir samskiptahæfileikar
- Greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu og framsetningu gagna



Upplýsingar veitir:

Sverrir Briem

sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 19. sept. nk.

Um fullt starf er að ræða. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu verður tekin. Umsóknir eru geymdar í 6 mánuði.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Íbúðalána sjóður

Tilgangur Íbúðalánasjóðs er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Starfsmannastefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun.



Hagfræðingur Íbúðalánasjóðs

Íbúðalánasjóður gegnir mikilvægu hlutverki á sviði húsnæðismála og er ráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar á því sviði. Með nýjum lögum um almennar íbúðir nr. 52/2016 er Íbúðalánasjóði falið að hafa umsjón með úthlutun stofnframlaga ríkisins sem ætlað er að koma á nýju leiguíbúðakerfi fyrir einstaklinga og fjölskyldur undir ákveðnum tekju- og eignamörkum. Til að sinna lögbundnu hlutverki sínu leitar Íbúðalánasjóður eftir öflugum hagfræðingi til að leiða uppbyggingu verkefna sem snúa að rannsóknum, söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði húsnæðismála.

Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í störfum og geta miðlað efni sjóðsins til stjórnvalda, fjölmiðla og almennings. Hagfræðingur Íbúðalánasjóðs mun starfa á fjárstýringarsviði sem er ábyrgt fyrir stýringu lausafjäreigna utan lánasafns, fasteignum og greiningum.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Rannsóknir og greiningar á húsnæðismarkaði
- Ábyrgð á söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði húsnæðismála
- Framsetning upplýsinga til stjórnvalda og almennings sem varða húsnæðismál
- Fylgjast með þróun á fasteigna- og lánamarkaði
- Meta þörf fyrir nýbyggingar og leiguhúsnæði eftir landsvæðum
- Meta efnahagslegar aðstæður á húsnæðismarkaði
- Útgáfa efnis og skýrslugjöf

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í hagfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á húsnæðismarkaði
- Reynsla af greiningarvinnu
- Reynsla af framsetningu og miðlun upplýsinga
- Skipulag og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum



Upplýsingar veitir:

Sverrir Briem

sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 19. sept. nk.

Um fullt starf er að ræða. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu verður tekin. Umsóknir eru geymdar í 6 mánuði.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Spennandi og krefjandi verkefni framundan

Verkfræðingar - Verkfræðingar - Verkfræðingar

Meðalstór verkfræðistofa í góðum rekstri óskar eftir að ráða reynda verkfræðinga til starfa. Í boði er faglegt vinnuumhverfi, fjölbreytt verkefni og góð verkefnastaða. Lögð er áhersla á góðan starfsanda og tækifæri til starfsþróunar í öflugum hópi sérfræðinga. Samkeppnishæf laun og starfsmenn metnir að verðleikum.

Burðarþolshönnun:

- Byggingarverkfræðingur M.Sc.
- Nokkurra ára reynsla af burðarþolshönnun
- Metnaður, vandvirkni og góð samskiptahæfni

Framkvæmdaefirlit:

- Verkfræði eða tæknifræði
- Reynsla af framkvæmdaefirliti
- Metnaður, vandvirkni og góð samskiptahæfni

Ef þetta vekur áhuga þinn og þú ert verkfræðingur með góða reynslu þá viljum við gjarnan fá þig í stutt spjall. Sláðu á þráðinn til okkar í Talent s: 552-1600 eða sendu okkur tölvupóst á lind@talent.is Við tökum vel á móti þér og fullum trúnaði er heitið.



lind@talent.is



bryndis@talent.is



www.talent.is | talent@talent.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent, www.talent.is, eða með því að senda ferilskrá á lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 13. september nk.



SINDRI VINNUFÖT



Fyrirmyndarfyrirtæki VR 6 ár í röð

PASSAR ÞÚ Í HÓPINN?

SINDRI ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA HÖRKUTÓL

SÖLUSTJÓRI VINNUFATA

Hæfniskröfur

- Reynsla af sölustörfum
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta
- Rík þjónustulund
- Samskiptahæfni og útsjónarsemi

Starfslýsing

- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Tilboðsgerð
- Áætlanagerð

SÖLUMÆÐUR VINNUFATA

Hæfniskröfur

- Reynsla af sölustörfum
- Rík þjónustulund
- Frumkvæði
- Öguð vinnubrögð

Starfslýsing

- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Tilboðsgerð og ráðgjöf

SÖLUMÆÐUR HAFNARFIRÐI

Hæfniskröfur

- Reynsla af sölustörfum
- Rík þjónustulund
- Frumkvæði
- Samskiptahæfni

Starfslýsing

- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Tiltekt og frágangi á pöntunum
- Önnur tilfallandi störf

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um störf. Upplýsingar veitir Kristján Páll Hrafnkelsson í síma 575 0000 eða kph@sindri.is

Umsóknum skal skilað fyrir 15. sept. nk.

Sindri er verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði byggingalausna, festingarvara, véla, verkfæra og vinnufatnaðar. Fyrirtækið var stofnað árið 1933 og er hluti af **Johan Rönning hf.** Hjá félaginu starfa rúmlega 90 starfsmenn í Reykjavík, Kópavogi, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, á Selfossi, Grundartanga og á Akureyri. Johan Rönning hefur 5 ár í röð verið valið fyrirmyndarfyrirtæki VR og hlutið nafnbótina fyrirtæki ársins síðastliðin 4 ár.



Viltu ganga í lið með okkur?

Leikskólarnir Fossakot og Korpukot í Grafarvogi óska eftir skemmtilegu og drifandi starfsfólki sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleika og frumkvæði.

Við leitum að:

- Leikskólakennurum
- Leiðbeinendum
- Öðru uppeldismenntuðu fólki

Áhugasamir sendi ferilskrá á umsoknir@lfa.is



Fossakot Korpukot

Fossakot og Korpukot · Fossaleyni · 112 Reykjavík

ERTU GÓÐUR SÖLUMÆÐUR?

Forlagið óskar eftir öflugum símasölufólki til starfa á kvöldin.

Mikið úrval af góðum og sölulegum bókum. Góðir tekjumöguleikar.

Áhugasamir hafi samband við Hauk Olavsson sölustjóra í síma 575 5600 eða með því að senda tölvupóst á haukur@forlagid.is



Starfsmaður á lager

Við leitum að öflugum og þjónustulundduðum einstaklingi til starfa á miðlagerinn okkar í Reykjavík. Umsækjandi þarf að vera vandvirk/ur í vinnubrögðum og ábyrgðarfull/ur í garð viðskiptavina okkar. Rétt manneskja fær tækifæri til að vaxa í starfi og taka virkan þátt í uppbyggingu og rekstri fyrirtækisins. Vinnutími er frá kl 08.00 til 17.00. Um framtíðarstarf er að ræða.

Starfssvið

- Ábyrgð á vöruafgreiðslu til viðskiptavina og verslana.
- Samantekt á pöntunum og áfyllingum á lager.

Hæfniskröfur

- Góð tölvukunnátta
- Vandvirk vinnubrögð
- Ábyrgðarfull/ur
- Bílpróf
- Hreint sakavottorð

Umsóknarfrestur er til 8. september.

Umsóknir sendist á atvinna@stilling.is



Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



REYKJAVIK

HVERSU HARD ROCK ERT ÞÚ?

Það verður rokk og ról í Reykjavík laugardaginn 10. september þegar áheyrnarprufur Hard Rock fara fram í Lækjargötu. Þá leitum við að rokkstjörnum til starfa á nýjum og mögnuðum veitingastað okkar.

Þeir sem mæta í áheyrnarprufurnar þurfa ekki endilega að hafa reynslu af veitingabransanum en þurfa að vera 18 ára eða eldri. Við viljum taka viðtöl við alls konar áhugavert fólk sem hefur brennandi áhuga á að ganga til liðs við Hard Rock-bandíð.

Þetta verður alvöru partí að hætti Hard Rock, djúsbar frá Joe & The Juice, tónlist í boði DJ Gullfoss og stuð frá upphafi til enda.

Við leitum að fólki í fjölbreytt störf, m.a. þjónum í sal, barþjónum, mót-tökustjórum ásamt starfsfólki í verslun og eldhús.

Hard Rock er þekkt um heim allan og státar af 168 veitingastöðum í 71 landi. Starf á Hard Rock er krefjandi, skemmtilegt og getur opnað þér spennandi leiðir út í heim, t.d. að starfa á öðrum Hard Rock-stöðum í útlöndum.

Ef þú ert efni í alvöru rokkstjörnu og hefur rétta attitjúdið, þá hvetjum við þig til að mæta og negla djöbbið.

Nánari upplýsingar er að finna á Facebook-síðu Hard Rock Reykjavík ásamt laufléttu rokkstjörnuprófi sem þú getur tekið til að hita þig upp fyrir áheyrnarprufurnar.

Rokk og ról!



EFTA SURVEILLANCE
AUTHORITY

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union. ESA is independent of the States and safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 500 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States. The Authority is led by a College, which consists of three members appointed by the EEA EFTA States. The Authority is based in Brussels. It currently employs 70 staff members of 16 nationalities.

Internal Market Affairs Officer (Transport)

The Internal Market Affairs Directorate of the Authority is responsible for monitoring the EEA EFTA States to ensure that they comply with their obligations in the field of internal market law.

The Authority is recruiting an Internal Market Affairs Officer who will be assigned responsibility for general surveillance work and case handling regarding the implementation and application of EEA law relating to Transport (safety, security, freedom to provide services and

establishment) in the participating EFTA States (Iceland, Liechtenstein, and Norway).

Tasks include examination of complaints, legal conformity assessments, drafting of decisions, opinions and reports, and participation in aviation and maritime security inspections. Depending on workload and other developments, the responsibilities may be changed to cover other general or specific issues relating to EEA law.

For full details, including eligibility and selection criteria, an overview of our favourable conditions and how to apply please visit: <https://jobs.efatasurv.int>.

JOB REFERENCE 10/2016

Deadline for applications: 2 October 2016
Start date: January/February 2017

100%
ÁSTRÍÐA

100%
FAGMENNNSKA

100%
ÖRYGGI

BÝRÐ ÞÚ YFIR 100% METNAÐI?

Okkar æðsta markmið er að veita viðskiptavinum okkar 100% uppítíma og það gerum við með því að hafa í okkar röðum öflugt fólk. Einstaklinga sem við treystum fyrir lyklinum að mikilvægustu upplýsingatækniþingum landsins. Það eru ekki margir sem uppfylla þau skilyrði, ert þú einn af þeim?

Við trúum á öfluga liðsheild og lífum og brennum fyrir áskoranir sem felast í flóknum og krefjandi verkefnum.

Við viljum að tími þinn hjá RB sé besti tími starfsævi þinnar.

Við leitum að öflugum einstaklingi í stöðu rekstrarstjóra:

Rekstrarstjóri (Service Delivery Manager)

ÁBYRGÐARVIÐ:

- Rekstrarstjóri mun samhæfa störf og verkefni teymis sem verður ábyrgt fyrir að veita viðskiptavinum hágæða þjónustu.
- Hlutverk rekstrarstjórans er að standa við gerða samninga og tryggja að viðskiptavinurinn sé ánægður með veitta þjónustu.
- Staðan er stjórnunarstaða sem er þjónustulegs, viðskiptalegs og tæknilegs eðlis og mun sá sem er ráðinn í stöðuna fá tækifæri til þess að móta þetta hlutverk enn frekar.
- Þetta er krefjandi og skemmtilegt starf sem biður eftir réttum einstaklingi.
- Viðkomandi mun heyra beint undir framkvæmdastjóra.

HÆFNISKRÖFUR:

- Að minnsta kosti 15 ára starfsreynsla í upplýsingatækni.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur, en ekki nauðsynleg.
- Mikil skipulagshæfni.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Geta og vilji til að vinna vel í hópi en einnig geta til að vinna sjálfstætt.
- Drifkraftur og vilji til að takast á við stór og skemmtileg verkefni.
- Metnaður til að veita 100% þjónustu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Herdis Pála Pálsdóttir, framkvæmdastjóri Mannauðsmála og samskipta, herdis.pala.palsdottir@rb.is, sími 569 8877.

Við bjóðum góða vinnuaðstöðu, tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar, frábæra samstarfsfélaga og umhverfi þar sem fagmennska, öryggi og ástríða eru undirstaða allra verka.

Hægt er að sækja um á www.rb.is til 11. september 2016.
Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

NÁNAR UM RB

RB er traust og öflugt þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem hefur þróað hinar ýmsu fjármálalausnir, þar á meðal öll megingreiðsluferfi landsins. Helstu viðskiptavinir RB eru fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög. Hlutverk RB er að auka gæði og hagkvæmni fjármálaþjónustu á Íslandi. Hjá RB starfar margt af öflugasta tæknifólki landsins – og þó víðar væri leitað.



REIKNISTOFA BANKANNA | Höfðatorg | Katrínartúni 2 | 105 Reykjavík | Sími: 569 8877 | www.rb.is



Spennandi tækifæri hjá LS Retail

Hjá LS Retail starfa um 200 manns, þar af rúmlega 140 í nýjum og glæsilegum höfuðstöðvum fyrirtækisins í norðurturni Smáralindar. LS Retail býður upp á frábæra vinnuaðstöðu í fallegu starfsumhverfi sem hannað er með það að markmiði að starfsfólki líði vel. Við bjóðum spennandi og krefjandi verkefni og leggjum áherslu á að hæfni hvers og eins fái að njóta sín.

Scrum Master

.Net Developer

Senior .Net Developer

Software Tester

Mobile Developer

Nav Developers

Nav Consultant

Umsóknarfrestur 15. september

Umsóknir og ferilskrár sendast á netfangið jobs@LSRetail.com eða sækja um í gegnum heimasíðu okkar www.LSRetail.com/jobs.

English info on our website

www.LSRetail.com





BIM/VDC sérfræðingur

Hefur þú brennandi áhuga á þróun og hönnun og ert með reynslu innan BIM/VDC (Building Information Modeling/ Virtual Design & Construction)?

Nú er spennandi tímabil að hefjast hjá Ístaki, en ákveðið hefur verið að efla notkun BIM/VDC í verkefnum við vegagerð og er það markmið Ístaks að verða leiðandi meðal íslenskra verktaka í hagnýtingu BIM/VDC við framkvæmdir.

Við leitum því að metnaðarfullum og hæfum einstaklingi, sem hefur áhuga á þróun og hagnýtingu upplýsingalíkana mannvirkja í framkvæmdum, í starf á höfuðborgarsvæðinu.

Í boði er spennandi frumkvöðlastarf þar sem stundum þarf að finna upp hjólið, og gott starfsumhverfi með áherslu á sveigjanleika og samvinnu. Starfið veitir aðgang að góðu þekkingarneti með sterk tengsl við leiðandi fyrirtæki á evrópskum markaði.

Helstu verkefni:

- Uppbygging, viðhald, greining og kynning á BIM/VDC líkönum í tengslum við tilbóða- og verkefnavinnu.
- Framkvæði við að bera kennsl á möguleika fyrir hagnýtingu BIM/VDC í verkefnum.
- Greining á líkönum, magntaka, árekstrargreining og gerð gagna fyrir landmælingar og vélastýringu.
- Gerð „as-built“ líkana og annarra gagna tengdum afhendingu verkefna.
- Að sannreyna byggjanleika mannvirkja í BIM/VDC líkönum.
- Samskipti við verkkaupa, arkitekta, undirverktaka og aðra samstarfsaðila.
- Kennsla og þjálfun annarra starfsmanna í notkun BIM/VDC hugbúnaðar.

Menntun og hæfniskröfur:

- Brennandi áhugi á hagnýtingu BIM/VDC í framkvæmdum.
- Reynsla af einhverjum af eftirfarandi hugbúnaði:
- AutoCAD Civil 3D, Tekla, Revit, Navisworks og/eða Solibri.
- Viðeigandi menntun innan sviðsins, svo sem í verkfræði, tæknifræði eða byggingafræði.
- Geta og reynsla til að lesa og skilja teikningar, verklýsingar og samninga.
- Almenn þekking á framkvæmdum við mannvirkjagerð.
- Mjög góð ensku kunnátta nauðsynleg.
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að vinna í teyrum.

Nánari upplýsingar fást hjá Ístaki í síma 5302700 og á netfanginu mannaudur@istak.is. Sækja má um störfín á www.istak.is – undir Starfsumsókn.

Ístak - Bugðufjótí 19 - 270 Mosfellsbær - Sími 530 2700 - www.istak.is

REKSTRARSTJÓRI UPPLÝSINGA- TÆKNISVIÐS BYKO

STARFSSVIÐ

- Hafa yfirumsjón og bera ábyrgð á daglegum rekstri upplýsingatæknisviðs
- Vera leiðandi í mótun stefnu upplýsingatæknimála
- Sjá um samninga og viðræður við helstu birgja á sviði tölvumála
- Þarfagreining vegna viðhalds og framþróunar tölvukerfa BYKO
- Verkefnastýring, samskipti við og eftirlit með aðkeyptri vinnu
- Notendapjónusta
- Vera leiðandi í samræmingu og samhæfingu tölvumála og hagræðingar til framtíðar á því sviði
- Leiða BYKO inn í spennandi framtíð á sviði upplýsingatæknimála

MENNTUNAR OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun á sviði upplýsingartækni, eða sambærileg menntun
- Þekking á Dynamics AX hugbúnaði er kostur
- Góð þekking á Microsoft office
- Haldgóð reynsla af sambærilegu starfi
- Færni í góðum uppbyggilegum samskiptum
- Þekking á smásöluverslun og þjónustu er kostur

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Upplýsingar um starfið veitir framkvæmdarstjóri fjármála og upplýsingatækni Inga Guðmundsdóttir. Áhugsamir eru vinsamlegast beðnir um að senda umsóknir (greinagóða ferilskrá og kynningarbréf) á inga@byko.is og er umsóknarfrestur til **13. september 2016**.

VERKEFNASTJÓRI VIÐ INNLEIÐINGU Á DYNAMICS AX HUGBÚNAÐI

BYKO óskar eftir að ráða kraftmikinn og skemmtilegan verkefnastjóra í 100% starf við innleiðingu á Dynamics AX hugbúnaði. Starfið felur í sér að hafa yfirumsjón með innleiðingunni, sjá um öll samskipti við innleiðingaraðila og hafa eftirlit með framgangi og kostnaði verkefnis.

MENNTUNAR OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun á sviði verkefnastjórnunar og upplýsingatækni
- Reynsla af innleiðingu á viðskiptahugbúnaði er kostur
- Reynsla af ferlagreiningu er kostur
- Þekking á Dynamics AX hugbúnaði er kostur
- Haldgóð reynsla af sambærilegu starfi
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á smásöluverslun og þjónustu er kostur

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Upplýsingar um starfið veitir framkvæmdarstjóri fjármála og upplýsingatækni Inga Guðmundsdóttir. Áhugsamir eru vinsamlegast beðnir um að senda umsóknir (greinagóða ferilskrá og kynningarbréf) á inga@byko.is og er umsóknarfrestur til **13. september 2016**.

BYKO ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA
Í TVÆR STÖÐUR Á

UPPLÝSINGA- TÆKNISVIÐ SPENNANDI FRAMTÍÐARSTÖRF

BYKO ehf. var stofnað 1962 og starfar á byggingavörumarkaði og smásölumarkaði. Hjá BYKO starfar öflugur hópur starfsmanna sem myndar öflugna liðsheilid með skýra stefnu fyrirtækisins að leiðarljósi. Mikil fjölbreytni ríkir í starfsemi BYKO og erum við ávallt að leita að góðu fólki. Við bjóðum mjög góða vinnuástandu og mikla framtíðarmöguleika.

FAGMENNASKA - DUGNAÐUR
LIPURÐ - TRAUST



BYKO

Bílstjórar í olíudreifingu

Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra staðsetta í Reykjavík til framtíðarstarfa.

Um fjölbreytt störf er að ræða við lestun og dreifingu á fljótandi eldsneyti. Leitað er að jákvæðum einstaklingum með ríka þjónustulund sem geta unnið sjálfstætt.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937.

Olíudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða.

Meginstarfsemi Olíudreifingar er dreifing og birgðahald á fljótandi eldsneyti. Olíudreifing rekur einnig bifreiða-, járnsmíða-, dælu- og rafmagnsverkstæði. Starfsmenn félagsins eru um 130 talsins á starfsstöðvum víðsvegar um landið. Starfað er samkvæmt gæðavottuðum vinnuferlum. Nánari upplýsingar um Olíudreifingu ehf. má nálgast á www.oliudreifing.is

Olíudreifing | sími 550-9900 | odr@odr.is | www.oliudreifing.is

Umsóknir sendist á odr@odr.is.

Umsóknarfrestur er til 12. september



Are you looking for international IT opportunities?

AGR Dynamics employs a competent group of specialists working on product development and consultancy in supply chain management and retail. Because of increased international operations, we are looking for experienced professionals to join our team.

NAV & LS NAV developer / consultant

- We are looking for a Dynamics NAV & LS NAV developer / consultant to service our growing customer base
- We offer diverse and challenging projects on business consultancy, analysis and professional services
- Knowledge and experience in Dynamics NAV and LS NAV is a strong advantage
- University degree in business administration, computer science, engineering or similar is expected
- We welcome both Icelandic and English speaking professionals that can show initiative and commitment

SQL specialist

- The job consists of analysing and resolving projects with T-SQL coding for an international customer base
- We are looking for qualified professionals with working experience in Microsoft SQL
- Projects include technical implementation of AGR Dynamics product suite
- We offer exciting opportunities in product development with emphasis on database functionality
- University degree in computer science, engineering or similar is expected

Applicants can send their CV to job@agr-dynamics.com before september 12th. For more information, please contact Haukur Hannesson, CEO on +354 512 1000 or by sending an email to job@agr-dynamics.com. All applications will be treated in full confidentiality.

AGR Dynamics is an international software company founded in 1997. The company supplies and services Dynamics NAV as well as developing its own solutions that optimise the flow of goods throughout the supply chain. In our offices in Iceland, UK and Denmark we employ 45 staff that service our international customer base.



AGR Dynamics - Bæjarhálsi 1 - 110 Reykjavík - t: 512 1000 - www.agrdynamics.com




Óskum eftir

**vélvirkja, rafvirkja,
vélstjóra, vélfræðingi.**

Starfssviðið felst í almennri þjónustu á kæli- og frystikerfum, uppsetningum kerfa og smíði kerfa.

Nánari upplýsingar gefur Guðlaugur Pálsson í síma 893-9421. Hægt er að senda inn starfsumsóknir á pósthfang gulli@frostmark.is.

Frostmark ehf. er fyrirtæki á sviði kæli- og frystitækni



Upplýsingafulltrúi Fjarðabyggðar

Fjarðabyggð auglýsir starf upplýsingafulltrúa laust til umsóknar.

Upplýsingafulltrúi hefur umsjón með upplýsinga- og kynningarmálum sveitarfélagsins. Hann starfar á stjórnsýslu- og þjónustusviði og vinnur m.a. að stefnumörkun og þróunarstarfi á sviðinu.

Helstu verkefni:

- Stefnumótun og umsjón með upplýsinga- og kynningarmálum sveitarfélagsins.
- Þróunar- og verkefnavinna vegna samfélagsmiðla og rafrænnar stjórnsýslu
- Miðlun fréttu og fjölmiðlasamskipti
- Vefumsjón
- Umsjón með gerð kynningarefnis
- Skipulagning viðburða

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reyndsla af upplýsinga- og kynningarmálum
- Framúrskarandi samstarfs-, skipulags- og samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og öguð vinnubrögð
- Góð tungumálakunnátta og ritfærni

Starfið gegnir veigamiklu hlutverki á stjórnsýslu- og þjónustusviði sveitarfélagsins.

Rík áhersla er lögð á teymisvinnu og þverfaglega vinnu.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum sveitarfélagsins við viðkomandi stéttarfélag.

Eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um stöðuna.

Allar frekari upplýsingar veitir Gunnar Jónsson, bæjarritari, í síma 470 9062 eða á netfanginu gunnar.jonsson@fjardabyggd.is.

Umsóknarfrestur er til og með 15. september 2016 og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst og eigi síðar en 1. nóvember nk.

Umsóknir berist til skrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð.

Veruleg uppbygging á sér stað í Fjarðabyggð, bæði í atvinnulífi og þjónustu. Íbúar sveitarfélagsins eru um 4.800 talsins í sex byggðarkjörnum, sem eru Mjólfjörður, Neskaupstaður í Norðfirði, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður.



VERTU Í FREMSTU RÖÐ Í FJARSKIPTUM



Vettvangsþjónusta Mílu leitar að öflugum starfsmanni í krefjandi og skemmtilegt þjónustustarf

Mikilvægir eiginleikar

- Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfni
- Óþrjótandi áhugi á fjarskiptum og tækninýjungum
- Áhugi, eldmóður og frumkvæði
- Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð
- Góður grunnur í tæknimálum
- Rafvirkjun eða sambærileg menntun er mikill kostur

Helstu verkefni

- Uppsetningar á endabúnaði og viðgerðir hjá viðskiptavinum
- Tæknileg aðstoð
- Ráðgjöf og sala til viðskiptavina
- Önnur tilfallandi verkefni

Umsóknir óskast fylltar út á www.mila.is undir **starfsumsókn**. Umsóknarfrestur er til og með **18. sept. nk.** Fyllsta trúnaðar verður gætt við meðferð og úrvinnslu umsókna.

Míla er heildsölufyrirtæki á fjarskiptamarkaði. Kjarnastarfsemi Mílu felst í að byggja upp og reka fjarskiptainviði á landsvísi. Míla er lífæð samskipta. Gildi Mílu eru: Áreiðanleiki, framsækni og traust.

Míla ehf.
Suðurlandsbraut 30
Sími 585 6000
www.mila.is



BAKARI/KONDITORI ÓSKAST

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir því að ráða til okkar bakara/konditori í fullt starf. Um framtíðarstarf er að ræða þar sem unnið er á 2-2-3 vaktakerfinu.

Hæfniskröfur:

- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Stundvísi og áreiðanleiki
- Snyrtimennska
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Bakaramenntun er skilyrði
- Reynsla af veitingahúsi (pastry) er kostur

Nánari upplýsingar veitir Sýlvía Dögg Hjörleifsdóttir sérfræðingur í mannauðsmálum á veitingasviði í síma 420-8800. **Umsóknarfrestur er til 11. september 2016.**

Þú getur kynnst lífinu í Bláa Lóninu og sótt um á www.bluelagoon.is/atvinna

BLUE LAGOON
ICELAND



Við sjáum um uppsetningu, viðhald og viðgerðir á kæli- og frystikerfum auk loftkælingu í tölvurýmum.

Hjá Kælivirkni er öflugt starfsfólk með fjölbreytta menntun og reynslu að baki og veitir þá allra bestu þjónustu sem völ er á.

Við óskum eftir að ráða til starfa

ÞJÓNUSTUMANN Á KÆLIVERKSTÆÐI

faglærðan einstakling eða með reynslu í faginu.

Upplýsingar gefur Vilhjálmur í s:777-1901 eða villi@kaelivirkni.is

Fylsta trúnaðar heitið.



Blikksmiður / Rafvirki / Vélvirki

Blikksmiðurinn hf óskar eftir starfsmanni í þjónustudeild fyrirtækisins. Um framtíðarstarf er að ræða, góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Upplýsingar um starfið veitir
Ágúst Sumarliðason s: 897 4749 agust@blikk.is



Vilt þú móta íslenskt viðskiptaumhverfi?

Viðskiptaráð Íslands leitar að kraftmiklum einstaklingi sem hefur áhuga á að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi.

Starfið er fjölbreytt og samanstendur meðal annars af skrifum og greiningarvinnu vegna útgáfu nýs efnis, miðlun í gegnum fjölmiðla og þátttöku í mótun stefnu ráðsins.

Helstu verkefni

- Skrif blaðagreina, álita, umsagna um þingmál, skýrslna og gerð kynninga
- Samskipti og tengslamyndun gagnvart fjölmiðlum og öðrum hagsmunaaðilum
- Önnur miðlun efnis, til dæmis á samfélagsmiðlum
- Þátttaka í stefnumörkun starfseminnar
- Skipulagning viðburða á vegum ráðsins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólagráða sem nýtist í starfi
- Viðeigandi starfsreynsla æskileg
- Grunnþekking á rekstrarumhverfi atvinnulífsins og áhugi á þjóðmálum
- Frumkvæði og hæfileikar til að laga sig að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum
- Færni í að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á starfsumsokn@vi.is. Umsóknarfrestur er til og með 18. september 2016. Nánari upplýsingar veitir Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, í síma 510 7100.

Viðskiptaráð Íslands var stofnað árið 1917 sem frjáls félagasamtök fyrirtækja, félaga og einstaklinga í íslensku atvinnulífi. Við bjóðum upp á lífandi vinnustað ásamt ríku tækifæri til að móta eigið starfsumhverfi.

Frekari upplýsingar um starfsemi ráðsins má nálgast á www.vi.is.



Starfsfólk í afgreiðslu

Hradlestin leitar að framúrskarandi fólki til starfa í afgreiðslu á **veitingastöðum sínum fjórum**. Óskað er eftir jákvæðu og duglegu fólki í **dagvinnu og kvöldvinnu, í fullt starf og hlutastarf**.

Umsækjandi þarf að hafa **góða þjónustulund, vera snyrtilegur, stundvís og reglusamur**. Viðkomandi þarf einnig að hafa gott vald á íslensku og talaðri ensku. **Reynsla er kostur en ekki nauðsyn**.

Sótt er um starf á: starf@hradlestin.is



Hverfisgata • Hlíðasmári • Lækjargata • Kringlan
sími: 578 3838 • hradlestin.is
#ektaindverskurmatu@hradlestin



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

SÉRFRÆÐINGUR Í AÐFERÐAFRÆÐI OG RANNSÓKNUM

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu sérfræðings í aðferðafræði og rannsóknum.

Í starfinu felst þróun og framkvæmd smærri og stærri rannsóknarverkefna og þjónustukannana og ráðgjöf við framkvæmd, úrvinnslu og túlkun rannsókna á sviðinu og til starfsstaða. Næsti yfirmaður er skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra.

Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur 62 leikskóla, 36 grunnskóla og 5 frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar, starfsemi Námsflokka Reykjavíkur og skólahljómsveita. Skóla- og frístundasvið veitir um 20 þúsund börnum og fjölskyldum þeirra þjónustu.

Helstu verkefni:

- Framkvæmd rannsóknarverkefna og þjónustukannana
- Ráðgjöf vegna rannsókna á sviðinu og til starfsstaða
- Þróun mælikvarða á árangri og gæðum skóla- og frístundastarfs
- Öflun og úrvinnsla tölvufræðiupplýsinga
- Framsetning og miðlun gagna um skóla- og frístundastarf
- Þátttaka í þróun og framkvæmd ytra mats á skóla- og frístundastarfi

Hæfniskröfur:

- Meistarapróf á sviði félagsvísinda
- Umtalsverð og fjölbreytt reynsla af framkvæmd rannsókna
- Þekking og áhugi á leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta og þekking á tölvuforritum sem nýtast í starfi nauðsynleg
- Góð kunnátta í íslensku og ensku, bæði rituðu og töluðu máli
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður í starfi
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Lipurð og hæfni í samskiptum

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 18. september 2016. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar og viðeigandi stéttarfélags. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veita Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir í síma 411-1111, netföng: disa@reykjavik.is, hbs@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

Leikskólar

- Leikskólakennari í leikskólann Arnarsmára
- Deildarstjóri í tímabundið starf í leikskólann Austurkór
- Leikskólakennari í leikskólann Marbakka
- Leikskólakennari í leikskólann Sólhólvörf
- Aðstoðarmatráður í leikskólann Urðarhól
- Leikskólasérkennari í leikskólann Urðarhól
- Leikskólasérkennari í leikskólann Urðarhól

Grunnskólar

- Forfallakennari í Hörðuvallaskóla
- Heimilisfræðikennari í Hörðuvallaskóla
- Umsjónarkennari í Hörðuvallaskóla
- Stærðfræðikennari í Vatnsendaskóla
- Forfallakennari í Smáraskóla

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.



Kópavogsbær

kopavogur.is



Hefur þú áhuga á heilsueflandi skólastarfi?

Ungbarnaleikskólinn Ársól, Reykjavík

Auglýsir eftir:

- Leikskólakennara í stjórnendastöðu sem skiptist í 15% stöðu aðstoðarskólalæra og 85% stöðu deildarstjóra
- Leikskólakennara og/eða uppeldismenntuðum starfsmanni í 100% starf eða hlutastarf

Ungbarnaleikskólinn Ársól er þriggja deilda heilsuleikskóli með um 60 börn. Leikskólinn starfar eftir Heilsustefnunni og viðmiðum Heilsueflandi leikskóla og leggur ríka áherslu á heilsueflingu, jákvæðan skólabrag og öflugt lærdómssamfélag þar sem samvinna og gleði ríkir. Skólinn fylgir sameiginlegum matseðli í takti við Næringarstefnu Skóla ehf. sem hlaut tilnefningu til Orðsporsins 2014 og Fjöreggs NMÍ 2015. Framundan eru ýmis spennandi tækifæri fyrir áhugasamt fólk í tengslum við þróunarverkefni o.fl.



Nánari upplýsingar veitir Berglind Grétarsdóttir skólalæra, sími 563-7730.

Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á <http://skolar.is/Starf/> Heimasíða: www.skolar.is

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um!

Heilsuleikskólar Skóla ehf. eru:
Hamravellir í Hafnarfirði, Háaleiti á Ásbrú í Reykjanesbæ,
Kór í Kópavogi, Krókur í Grindavík og
Ungbarnaleikskólinn Ársól í Reykjavík.

HÚSASMIÐJAN LEITAR AÐ ÖFLUGUM LIÐSMANNI

Húsasmiðjan vill ráða starfsmann í timburafgreiðslu fyrirtækisins í Reykjanesbæ

Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að hefja störf sem fyrst

Ábyrgðarsvið

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Tilboðsgerð og leiðbeiningar við almennar byggingaframkvæmdir
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur

- Mjög góð alhliða þekking á timbri og öðru byggingaefni
- Lyftararéttindi kostur
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samskiptahæfni
- Íslenskukunnátta (tala og skrifa)
- Æskilegur aldur 20 +

Umsóknir berist fyrir 10. september nk.

Umsóknir berist til einarr@husa.is

Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar www.husa.is.



Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

Metnaður
Þjónustulund
Sérþekking



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Byggjum á betra verði



METNAÐUR - FAGMENSKA - ELDMÓÐUR



LNS
Saga

LNS Saga ehf. er ungt og framsækið fyrirtæki á verktakamarkaði, sem býður upp á spennandi og metnaðarfullt starfsumhverfi. Fyrirtækið hefur vaxið hratt undanfarnin misseri og er byggt upp af miklum eldmóð og fagmennsku.

LNS Saga var stofnað í október 2013 og er dótturfélag norska félagsins Leonhard Nilsen & Sønner AS, sem er meðal stærstu verktakafyrirtækja Noregs. Markmið LNS Saga er að vera leiðandi verktakafyrirtæki á Íslandi.

HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT Í UPPBYGGINGUNNI?

VERKFRÆÐINGUR/TÆKNIFRÆÐINGUR

Hæfniskröfur eru m.a. eftirfarandi:

- B.Sc. eða M.Sc. próf í verkfræði/tæknifræði
- Reynsla af störfum á sviði verkfræði eða tæknifræði
- Gott vald á íslensku og ensku

STAÐARSTJÓRI/VERKEFNASTJÓRI

Hæfniskröfur eru m.a. eftirfarandi:

- B.Sc. eða M.Sc. próf í verkfræði/tæknifræði
- Haldbær reynsla af verkefnastjórnun á byggingavinnustað
- Gott vald á íslensku og ensku

TRÉSMÍÐAVERKSTJÓRI

Hæfniskröfur eru m.a. eftirfarandi:

- Sveinspróf í trésmíði
- A.m.k. 5 ára reynsla af trésmíðavinnu
- Haldbær reynsla af verkstjórn
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um störfin veitir Anna María Þorvaldsdóttir, mannaútsstjóri, í gegnum tölvupóst: anna.thorvaldsdottir@lns.is

Áhugasamir sendi umsókn í gegnum ráðningarkerfi fyrirtækisins á heimasíðu:

www.lns.is - fyrir 18. september 2016.

Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

Meðhöndlun umsókna er trúnaðarmál og öllum umsækjendum verður svarað. Við hvetjum alltaf fólk af báðum kynjum til að sækja um störf hjá okkur.



LEIKSKÓLASTJÓRI - HLÍÐARENDI

Staða leikskólustjóra er laus til umsóknar. Meginhlutverk er að stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri leikskólans og veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.

Umsóknum þarf að fylgja yfirlit um menntun og reynslu ásamt greinargerð um fyrirhugaðar áherslur og áhuga á skólastarfi.

Umsóknarfrestur er til og með 15. september 2016.
Upplýsingar og umsóknarform á hafnarfjordur.is

Nánari upplýsingar veitir Fanney Dóróthe Halldórsdóttir sviðsstjóri fræðslu- og frístundáþjónustu: fanney@hafnarfjordur.is

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt til að sækja um starfið.

Kröfur um menntun og hæfni:

- leikskólakennaramenntun
- framhaldsmenntun á sviði stjórnunar- eða menntunarfræða æskileg
- stjórnunarreynsla og leiðtogaþæfileikar
- færni og lipurð í samskiptum
- frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku

HAFNARFJARÐARBÆR
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

ÞJÓNUSTUVER
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

585 5500
hafnarfjordur.is



Starfsfólk óskast

Pizzahut óskar eftir að ráða þjónustulundað brosmilt starfsfólk til að vinna í sal eða eldhús hjá okkur. Viðkomandi þarf að vera röskur, skipulagður og liðlegur í samskiptum. Aðeins 18 ára og eldri koma til greina. Hægt að senda á ellen@pizzhut.is eða hringja í 533 2000. Hægt er að sækja um á netinu á pizzhut.is

Selfoss – Reykjavík - Selfoss

Óskum eftir bílstjórum í fullt starf til að sinna akstri strætó milli Selfoss og Reykjavíkur

Í boði er:

- 100% framtíðarstarf
- Vaktavinna

Hæfniskröfur:

- D-réttindi, rútupróf
- Rík þjónustulund
- Góð mannleg samskipti
- Hreint sakavottorð

Nánari upplýsingar og móttöku umsókna veita:

Ágúst, gusti@hopbilar.is, s. 822-0073 eða
Hildur, hildur@hopbilar.is, s. 822-0069
www.hopbilar.is – Melabraut 18 – s. 599-6000



Bílstjórar óskast

Óskum eftir bílstjórum í fullt starf í akstursþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra

Í boði er:

- 100% framtíðarstarf
- Vaktavinna
- Dagvinna

Hæfniskröfur:

- D-réttindi, rútupróf
- Íslenskukunnátta
- Rík þjónustulund
- Góð mannleg samskipti
- Hreint sakavottorð

Nánari upplýsingar og móttöku umsókna veita:

Ágúst, gusti@hopbilar.is, s. 822-0073 eða
Hildur, hildur@hopbilar.is, s. 822-0069
www.hopbilar.is – Melabraut 18 – s. 599-6000



Meiraprófsbílstjóri óskast

Aðföng leitar að meiraprófsbílstjóra í framtíðarstarf við útkeyrslu á vörum í verslanir.

Viðkomandi þarf að hafa próf á vörubírfreið með eftirvagn. Unnið er til skiptis á dag og kvöldvöktum, með góðu vaktarfríi á milli.

Sækja skal um starfið á www.adfong.is. Óskað er eftir að ferilskrá fylgi umsókn.



Komdu í kaffi

Sölustjóri fyrirtækjasviðs

Danól óskar eftir að ráða sölustjóra sem hefur brennandi áhuga á kaffi, kaffimenningu og sölustjórnun. Um er að ræða sölu til fyrirtækja, hótela og veitingastaða ásamt kaffihúsa. Sölustjóri hefur yfirumsjón og ber ábyrgð á sölu og rekstri sinnar deildar, s.s. áætlanagerð, söluherferðum, samningagerð, arðsemisútreikningum, að viðhalda viðskiptasamböndum og byggja upp ný.

Menntun og hæfni

- Reynsla af sölu- og markaðsmálum
- Reynsla í sölustjórnun eða þekking á markaði
- Háskólagráða á sviði viðskipta, markaðsfræði eða sambærilegt er kostur
- Framúrskarandi þjónustulund, drifkraftur, metnaður, skipulag og jákvæðni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og samskiptahæfni

Umsóknarfrestur er til og með 18. september 2016.

Umsóknir ásamt ferilskrá og kynningarbréfi óskast sendar á netfangið danol@danol.is merkt „Sölustjóri“

Vörumerkjastjóri Merrild & Lavazza

Danól óskar eftir að ráða vörumerkjastjóra sem hefur ástríðu fyrir markaðsmálum, uppbyggingu vörumerkja, stefnumótun, rekstri, áætlanagerð og samskiptum. Starfið felur í sér stjórnun á landsþekktum vörumerkjum og áfahaldandi uppbyggingu á kaffimenningu á Íslandi.

Menntun og hæfni

- Brennandi áhugi á markaðsmálum
- Háskólagráða á sviði viðskipta, markaðsfræði eða sambærilegt
- Reynsla af sölu- og markaðsmálum, rekstri og greiningum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og samskiptahæfni
- Metnaður, drifkraftur, skipulag, jákvæðni og framúrskarandi þjónustulund

Umsóknarfrestur er til og með 18. september 2016.

Umsóknir ásamt ferilskrá og kynningarbréfi óskast sendar á netfangið danol@danol.is merkt „Vörumerkjastjóri“

Danól er sölu- og markaðs-fyrirtæki sem flytur inn og selur kaffi frá Merrild og Lavazza ásamt vörum frá Nestlé. Rík áhersla er lögð á að bjóða fyrsta flokks vörur og þjónustu til viðskiptavina og neytenda. Skrifstofur Danól eru til húsa að Tunguhálsi 19 í Reykjavík.

danól

Stálnaust

Stálnaust sérhæfir sig í smíðum á færriböndum og ýmsum lausnum fyrir matvælaíðnaðinn, ásamt því að annast alla aðra smíði úr ryðfríu stáli og áli.

Einnig bjóðum við uppá vatnsskurð á flestum efnum.

Óskum eftir að ráða Járnsmiði, vönum ryðfrírri smíði

Einnig óskum við eftir aðstoðarmönnum á verkstæði.

Upplýsingar gefur Svanþór í síma 849-5846
eða svanthor@stalnaust.is



ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

LIÐSAUKI ÓSKAST

Vegna aukinna umsvifa vantar okkur vana menn til starfa á verkstæði okkar.

VANUR BIFVÉLAVIRKI Á ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

Okkur vantar vana bifvélavirkja til að sinna fjölbreyttum verkefnum á þjónustuverkstæði okkar. Menntun í bifvélavirkjun er skilyrði og mikil reynsla æskileg.

STARFSMAÐUR Á BREYTINGAVERKSTÆÐI

Við leitum að starfsmanni með góða þekkingu en ekki síst brennandi áhuga á jeppum og jeppa-breytingum. Reynsla af breytingavinnu er æskileg og iðnmenntun er kostur.

Arctic Trucks er þjónustufyrirtæki sem vinnur að lausnum fyrir fólk sem hefur áhuga á jeppum og ferðalögum. Umsóknir sendist á netfangið umsokn@arctictrucks.is. Upplýsingar veitir Hallveig Andrésdóttir, sími 540 4911. Umsóknarfrestur er til 12. september.

Klettháls 3 | 110 Reykjavík | 540 4900 | www.arctictrucks.is

Okkur vantar fólk í sal

Við erum að leita að ábyrgðarfullu, jákvæðu og metnaðarfullu fólki til að koma til liðs við okkur!

Umsóknir sendast á:
info@maturogdrykkur.is



MATUR
OG
DRYKKUR

HEILSUGÆSLAN



Fagstjóri lækninga Heilsugæslan Mosfellsumdæmi

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf fagstjóra lækninga við Heilsugæsluna Mosfellsumdæmi. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, skipulagshæfni og samskiptahæfileika. Starfshlutfall er 100% og verður ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. nóvember nk. eða eftir nánara samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til og með 19. september 2016.

Markmiðið er að styðja samféllu, framþróun og rekstrarlegar grundvöll hátíða í Reykjavík sem þegar hafa sannað ótvírætt gildi sitt hvað varðar þýðingu fyrir menningarlífið í borginni, alþjóðleg tengsl, jákvæð áhrif á ferðamennsku og ímynd Reykjavíkur auk efnahagslegs umfangs. Um er að ræða nýtt fyrirkomulag sem byggir á áherslum í menningar- og ferðamálastefnum Reykjavíkurborgar.

Borgarhátíð Reykjavíkur þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- vera til eflingar menningar og listum í Reykjavík
- vera opin almenningi, aðgengileg og sýnileg
- hafa verið haldin að lágmarki fimm sinnum
- vera haldin árlega
- vera með alþjóðlega tengingu
- standa yfir í þrjú daga eða lengur
- vera með faglega stjórn
- viðhafa góða stjórnarhætti og rekstrarlegt gegnsæi
- fullnægja kröfum um fagmennsku og gæði
- vera framúrskarandi á sínu sviði

Jafnframt verður litið til þátta eins og nýsköpunar, umfangs, aðsóknar, kynningar, stöðugleika, þróunarmöguleika, margfeldisáhrifa, atvinnu- skapandi þátta, tímasetningar innan ársins, möguleika hátíðanna á eigin tekjuöflun og þróun í átt að sjálfbærni. Samfélagsleg vidd í starfsemi hátíðanna er mikilvæg svo sem á sviði menningaruppeldis barna; samstarfs við íbúa, í menningar- og listalífi og samstarfi við borgar- stofnanir, aðkomu og samstarfi við minnihlutahópa, áherslu á umhverfis- mál o.fl. Nýr samningur til þriggja ára felur í sér markmið um starfsemi, þróun og rekstur með tilskyldum fyrirvörum um samþykkt fjárhags- áætlunar Reykjavíkurborgar hverju sinni.

Hátíðir sem þegar eru með samning í gildi fyrir árið 2017 og/eða lengur geta sótt um að verða Borgarhátíð Reykjavíkur, en hljóti þær ekki tilnefninguna gildir fyrri samningur óbreyttur. Hátíðir með lausan samning eru hvattar til að sækja jafnframt um almenna menning- arstyrki Reykjavíkurborgar skv. auglýsingu á reykjavik.is/styrkir.

Umsóknarfrestur er til kl. 12 á hádegi 3. október nk.

Umsókn sendist í tölvupósti á menning@reykjavik.is. Í umsókninni komi fram hvernig hátíðirnar uppfylla ofangreind skilyrði ásamt ársreikningi síðustu þriggja ára og starfs- og fjárhagsáætlun 2017. Nánari upplýsingar veitir signy.palsdottir@reykjavik.is s. 4116021.

Loksins er komið haust og nýtt leikár hafið. Síðustu tvær vikurnar hafa leikhúsin í höfuðborginni keppt um að auglýsa dagskrá sína og margt spennandi biður áhorfenda á komandi mánuðum. Vert er að virða leikárið fyrir sér, þá sérstaklega sýningarnar fyrri hluta þess.

Fyrsta verk Þjóðleikhússins á þessu leikári er reyndar verkefni frá hinu síðara en loksins verður Djöflaeyjan frumsýnd. Leikgerðin er ný, eftir Atla Rafn Sigurðarson, sem einnig leikstýrir í samvinnu við Baltasar Kormák og Melkorku Teklu Ólafsdóttur. Leikhópurinn allur er reyndar skrifaður fyrir verkinu og stór hópur kemur að tónlistinni þar sem Bragi Valdimar Skúlason og Memfismafían eru fremst í flokki.

Bjarni Haukur Þórsson er mættur til landsins með einleikinn Maður sem heitir Ove, byggðan á hinni sívinsælu bók eftir Fredrik Backman, í farteskinu. Sigurður Sigurjónsson leikur hinn geðstirða Ove og áhugavert verður að sjá hvernig þeir útfæra verkið, hugmyndin virðist í traustum höndum.

Í Borgarleikhúsinu byrjar leikárið með frumsýningu á nýju íslensku leikriti: Sendingu eftir Bjarna Jónsson, í leikstjórn Mörtnu Nordal. Með aðalhlutverk fara Þorsteinn Bachmann, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Hilmar Guðjónsson og Elma Stefania Ágústsdóttir en undarlegt er að sú síðastnefnda fái ekki fleiri burðarhlutverk á leikárinu.

Tjarnarbiói byrjar sitt leikár með hinni ágætu sýningu Stripp, samstarfsverkefni Dance for Me og Olgu Sonju Thorarensen. Sóley Rós ræstítækni tekur síðan á móti leikhúsgestum en María Reyndal og Sólveig Guðmundsdóttir standa að baki sýningunni sem fjallar um lífshlaup alþýðukonu. Trúðarnir Pétur, Tómas, Brynhildur og Sigfús taka Helga magra fyrir í fyrstu leik- sýningu Menningarfélags Akureyrar á leikárinu en listrænar stjórnendur eru Jón Páll Eyjólfsson og Þóroddur Ingvarsson.

Lokkandi leikhús

Leikstjórnin Una Þorleifsdóttir og leikarinn Stefán Hallur Stefánsson halda samstarfi sínu áfram með einleiknum Ég vil frekar að Goya haldi fyrir mér vöku en einhver djöfulsins fáviti eftir argentínska höfundinn Rodrigo Garcia. Það er hressandi þegar listafolk leitar á ný mið í leikritavali sínu en Una leikstýrði einmitt nýju skandinavísku verki á síðasta ári sem vakti mikla lukku.

Ragnheiður Skúladóttir fær sitt

fyrsta leikstjórnarverkefni innan Borgarleikhússins og mun leikstýra Extravaganza eftir Sölku Guðmundsdóttur, sem starfar nú sem leikskáld hússins. Þarna er eftirtektarverð samvinna á ferð og vonandi verður sýningin eftir því.

Forvitnilegasta sýning MAK á hausti er aftur á móti heimildar- leikritið Elska þar sem ástarsögur Norðlendinga eru sviðsettar í leikstjórn Agnesar Wild sem sýndi hina ágætu Kate í Tjarnarbiói í fyrra. Þarna er metnaðarfull tilraun á ferð þar sem sögur úr byggðarlaginu fá að blómstra.

Sviðslistahópurinn Lab Loki snýr aftur með sýninguna Endastöð – upphaf í Tjarnarbiói með vorinu en leikstjórnin Rúnar Guðbrandsson og leikarinn Árni Pétur Guðjónsson eru þar í fram-
l i n u .



Sending er nýtt íslenskt verk í Borgarleikhúsinu.

Þetta er fyrsta sýning hópsins í fimm ár og vert að hlakka rækilega til enda var Svíkarinn einstaklega gott leikhús.

Fortíðin föndruð og endurunnin

En þrátt fyrir áhugaverð verk eru leikárin heldur kunnugleg. Stóru leikhúsin í höfuðborginni verða að stækka sjöndeildarhringinn og taka oftar áhættu í verkefnavali. Úti að aka eftir Ray Cooney er gott og blessað en aðrir farsar eftir aðra höfundu eru í boði. Auðvitað er mikilvægt að sýna verk eftir William Shakespeare reglulega en hvernig væri að skoða Christopher Marlowe eða franska snillinginn Molière? Horft frá brúnni eftir Athur Miller í leikstjórn Stefans Metz er vissulega spennandi sýning með flottum leikhóp en svo virðist sem Þjóðleikhúsið sé aftur að leita í öruggan faðm Millers, Eldraunin eftir sama höfund sló einmitt eftirminnilega í gegn fyrir stuttu.

Nánast engin samvinnuverkefni

verða undir þaki Þjóðleikhússins í vetur, fyrir utan samstarf hússins við Vesturport. Áhugavert væri að vita ástæðu þess. Tjarnarbiói hefur verið að sækja í sig veðrið á síðustu misserum sem heimili sjálfstæðu sviðslista- senunnar en hefur stundum liðið fyrir mikinn gæðamun á verkefnum. Friðrik Friðriksson hefur tekið við af Guðmundi Inga Þorvaldssyni og vonandi mun Tjarnarbiói vaxa undir hans leiðsögn.

Menningarfélag Akureyrar er merkileg tilraun sem fór af stað með fullum þunga á síðasta leikári. Hugmyndin um að samnýta stjórnun og fjármuni er kannski hugvitsamleg en sú hugsun læðist að manni að þetta sé ekki að gera Leikfélagi Akureyrar gott. LA er eitt rótgrónasta leikfélag landsins og Jón Páll Eyjólfsson er öflugur sviðslistamaður en hættan er á að MAK veiki stöðu þeirra beggja. En góðir hlutir gerast hægt og öflugt sviðslistasamfélag sprettur ekki fram á einni nóttu.

Tílefi er til að hafa áhyggjur af framtíð íslenskrar leikritunar eins og staðan er í dag. Ekki vegna þess að skortur sé á finum íslenskum leikskáldum, af þeim er nóg, heldur virðist vandinn frekar liggja í skorti á stuðningi stóru leikhúsanna. Borgarleikhúsið hefur þó staðið sig betur en bæði húsin liða fyrir mikla áherslu á leikgerðir. Þessar endalaus leikgerðir eru góðar til síns brúks, bæði hafa þær markaðsfræðilegan grundvöll sem kassastykki fyrir húsin og minni þörf á kynningu en aldrei koma þær í stað nýrra leikverka. Leikhúsin eiga að kynna nýja hluti fyrir áhorfendum, ný leikskáld og nýjar nálganir, ekki stóla alltaf á kunnuglegar og vinsælar bækur eða kvikmyndir sem flestir þekkja. Áherslunum verður að breyta, hið fyrsta, áður en það verður of seint. Útgáfumál leikhandrita verður líka að taka í gegn, sem og leikskrár.

Okkar yngstu leikhúsgestir

Yngstu leikhúsgestirnir fá sem betur fer eitthvað fyrir sinn snúd á þessu leikári. Brúðleikhússýningin Íslenski fillinn kemur sterk inn strax með haustinu og Lofthréddi örninn Örvar leggur land undir vængi en Þjóðleikhússtjóri efnir nú loforð sitt um að sinna landsbyggðinni betur. Frumsamda barnaleikritið Fjarska- land verður síðan frumsýnt í janúar, allt mjög jákvætt.

Borgarleikhúsið leitar til Bergs

Pórs Ingólfssonar til að koma bæði Bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnason á svið og einnig einleiknum Jólafækjunni eftir hann sjálfan. Allar líkur eru á því að sýningarnar verði báðar vel heppnaðar. Hann hefur sýnt á síðustu árum að hann er einn traustasti leikstjóri landsins. Borgarleikhúsið hefur stofnað leiklistarskóla fyrir grunnskólabörn undir stjórn Vigdísar Másdóttur. Einstaklega frambærileg hugmynd sem stækkar sviðslistaflóru höfuðborgarinnar enn frekar.

MAK virðist ætla að einbeita sér sérstaklega að yngstu áhorfendum og frumsýna fjórar barnasýningar en sú stærsta er Núna og Júnía undir stjórn Söru Martí Guðmundsdóttur en hún og Sigrún Huld Skúladóttir skrifa verk. Píla pína stökk fram á sjónarsviðið með þeirra hjálp og vonandi verður þessi sýning enn betri.

Klassísk jól

Ingvar E. Sigurðsson snýr aftur á stóra sviðið í Þjóðleikhúsinu og tekst á við aðalhlutverkið í Ópelli, í splunkunýrri þýðingu eftir Hallgrím Helgason og leikstjórn Gísla Arnar Garðarssonar. Ópelli er ansi snúið verk í uppsetningu á Íslandi og Vesturport hefur ákveðið að snúa upp á hefðina. Nú leikur kona, Nína Dögg Filippusdóttir, hinn skuggalega Jagó og Aldís Amah Hamilton, nýútskrifuð frá Listaháskóla Íslands, leikur Desdemónu.

Útfærsla Yönu Ross á Mávinum í Borgarleikhúsinu vakti mikla lukku á síðasta leikári en hún fær nú Söllu Völku eftir Halldór Laxness í sínar hendur og er treyst til að stjórna höfuðsýningu leikársins þar í húsi. Þær Yana og Salka Guðmundsdóttir eru skrifaðar fyrir leikgerðinni en Þuríður Blær Jóhannsdóttir, ein frambærilegasta unga leikkona landsins, mun leika þennan kvenskörung. Ólafur Darri Ólafsson snýr aftur í sýningunni og leikhópurinn samanstendur af okkar allra bestu leikurum.

Allir í leikhús (og bíó)

Svo sannarlega er ástæða til þess að hvetja landsmenn til að leggja við hlustir því að Útvarpsleikhúsið sinnir íslenskrí leikritun af alúð og uppsker eftir því. Það er því sérstakt gleðiefni að Sek eftir Hrafnhildi Hagalín var nýlega tilnefnt til evrópsku ljósvakamiðlaverðlaunanna, Prix Europa.

Bíó Paradís má alls ekki gleyma sem heldur áfram að sýna erlendar leiksýningar á hvíta tjaldinu. Þetta er algjörlega ómissandi viðbót við leikhúsmenningu landans sem alltof fáir nýta. Nú um helgina eru síðustu sýningar á Ríkharði Þriðja með Ralph Fiennes og Vanessu Redgrave í aðalhlutverkum sem Almeida-leikhúsið í London setti upp á liðnu sumri.

Íslendingar eru þjóða duglegastir að fara í leikhús en líkt og með verkefnaval stóru húsanna þá má minna leikhúsgesti á að taka oftár áhættu. Þeim mun fleiri sýningar sem landsmenn fjölmenna á, þeim mun meira svigrúm hafa stjórnendur húsanna til að búa til metnaðarfullar og ógrandi sýningar. Áhorfendur verða að taka virkan þátt í leikhúslífinu, ekki aðeins með því að mæta á sýningar heldur einnig með lifandi umræðu um hlutverk og tilgang leikhússins.

Gleðilegt nýtt leikár!

Sigríður Jónsdóttir



Helgi magri var frumsýndur norður á Akureyri á föstudagskvöldið.



Söngleikurinn Djöflaeyjan var fyrsta frumsýning leikársins í Þjóðleikhúsinu.

TILBOÐ!

Sportpakinn

11.990,-

GEGN 12 MÁNAÐA BINDINGU
SPARAÐU 36.000,-

MESSAN

Premier League

pepsi deildin

NBA

pepsi MÖRKIN

DOMINO'S DEILDIN

KÖRFUBOLTA

F1

BUNDESLIGA

365

SPORT

VILD

Sportpakinn

QATAR AIRWAYS

GOLDEN STATE WARRIORS

CHELSEA

LFC

BUNDESLIGA

EUROPA LEAGUE

THE FOOTBALL LEAGUE

LaLiga

HBO BOXING

EFL CUP

CUP 2018

365 APP

SJÓNVARPS APP 365
FYLGR FRÍTT MED SPORTPAKKA

UM 1.300 BEINAR ÚTSENDINGAR Á ÁRI

Sportpakinn inniheldur: Stöð 2 Sport, hliðarrásir, Eurosport, Extreme Sport, Motors TV, Sky News, NBA TV, MUTV, LFC TV og Chelsea TV.

SPORT

Sportpakinn er svo sannarlega einn með öllu fyrir fólk sem hefur áhuga á íþróttum. Fótolti, körfubolti, ruðningur, bardagaíþróttir, frjálssar og margt annað sem fær hjartað til að slá órar.

Tryggðu þér áskrift á 365.is eða í síma 1817.

*Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Námari upplýsingar á 365.is

365.is | Sími 1817

ENDURNÝJUN
OG VIÐHALD

Löggiltur rafverktaki

Sími:
696 5600

rafsol@rafsol.is

RAFSÓL

Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

Sæmningur sjónvarpspakka getur þryggt áns fyrirventu.

Kristján Óli Niels Sigmundsson



gefur kost á sér í 3-4. sæti
í prófkjöri fyrir
Sjálfstæðisflokkinn
í Suðurkjördæmi.

SUÐRÆN SVEIFLA



Suðræn sveifla er skemmtileg líkamsrækt fyrir konur á öllum aldri. Námskeiðið byggist upp á mjúkri upphitun, latin dönsúms eins og Cha Cha, Jive, Salsa og fl., kvíðæfingum og nidra slökun.

Hver tími er 60 mínútur og kennt er tvisvar í viku á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17:30 í leikfimisall Hvassaleitisskóla. Námskeiðið er tólf vikur.

Kennari er Birgitta Sveinbjörnsdóttir danskennari.

Skráning er hafin á námskeiðið sem hefst þriðjudaginn

13. september kl. 17.30.

Upplýsingar og skráning í síma: 899-8669.



JAFNRÉTTISRÁÐ

Fjölmiðlaviðurkenning Jafnréttisráðs 2016

Jafnréttisráð óskar eftir tilnefningum til fjölmiðlaviðurkenningar Jafnréttisráðs.

Í ár mun Jafnréttisráð, ásamt ráðherra jafnréttismála, veita sérstaka fjölmiðlaviðurkenningu aðilum sem hafa skarað fram úr þegar kemur að umfjöllun um mál sem tengjast jafnrétti kynjanna á liðnu ári.

Viðurkenningu getur hlotið:

- Fjölmiðill sem skarað hefur fram úr á sviði jafnréttismála, s.s. hvað varðar efnistöð, umfjöllun og miðlun efnis.
- Páttur, þáttaraðir, greinar eða annað afmarkað efni þar sem jafnrétti er sérstakt viðfangsefni eða leiðarstef.
- Einstaklingur sem með störfum sínum á fjölmiðli hefur unnið sérstaklega að jafnréttismálum.

Tilnefningar skulu vera rökstuddar. Til að koma til álita við veitingu viðurkenningarinnar þarf viðkomandi aðili að vera tilbúinn að veita frekari upplýsingar.

Tilnefningum skal skila eigi síðar en **20. september 2016** á rafrænu formi á netfangið jafnretti@jafnretti.is

Með fjölmiðli er átt við stofnun eða fyrirtæki, lögaðila, sem safnar, metur og setur fram upplýsingar í því skyni að dreifa þeim reglulega til umtalsverðs fjölda fólks á tilteknu svæði (Menntamálaráðuneytið, apríl 2005).

DAGSKRÁ

Laugardagur

STÖÐ 2

07.00 Strumparnir
07.25 Waybuloo
07.45 Doddi litli og Eyrnastór
08.00 Doddi litli og Eyrnastór
08.15 Óskastund með Skoppu og Skitlu
08.30 Með afa
08.40 Stóri og Litli
08.50 Ævintýraferðin
09.00 Mæja býfluga
09.15 Elias
09.25 Grettir
09.35 Víkingurinn Viggó
09.45 Loonatics Unleashed
10.05 Ævintýri Tinna
10.30 Ben 10
10.55 Beware the Batman
Spennandi þættir um Batman.
11.20 Ellen
12.00 Bold and the Beautiful
12.20 Bold and the Beautiful
12.40 Bold and the Beautiful
13.00 Bold and the Beautiful
13.20 Bold and the Beautiful
13.45 The X-Factor UK Einn vinsælasti skemmtipáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni en með honum við dómaborðið situr söngkonan Nicole Scherzinger og svo hinn kunnir umboðsmaður Louis Walsh en hann er sá sem stofnaði hið kunnna strákaband Boyzone og að lokum framleiðandinn og hin fjölhæfa Sharon Osbourne.
15.00 The X-Factor UK
15.45 Þær tvær
16.25 Little Big Shots
17.10 Sjáðu
17.40 ET Weekend
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dag-skrá.
18.50 Sportpakkinn Íþróttamenn Stöðvar 2 Sport fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna í liðinni viku, taka viðtöl við sérfræðingana og sýna brot frá því helsta sem fór fram.
19.05 Lottó
19.10 Top 20 Funniest 2
19.55 The Little Chaos
21.50 The Giver
23.30 Anna Nicole

01.00 Serena Jennifer Lawrence og Bradley Cooper leika hjónin Serenu og George sem flytja til Norður-Karólínu til að endurreisa timburfyrirtæki foreldra hans. Fyrirtækið hafði farið illa eftir kreppuna árið 1929 en þau hjónin einsetja sér að byggja það upp og ná fyrri hagsæld. Þegar Serena kemst að því að George á sér leyndarmál úr fortíðinni sem ógnar framtíð þeirra ákveður hún að gripa til vafasamra aðgerða.
02.45 Taken 3 Frábær spennumynd frá árinu 2014 þar sem Liam Neeson fer á kostum sem fyrrum leyndög-reglumadurinn Bryan Mills, en hann er grunaður um morð á eiginkonu sinni. Mills neyðist til þess að leggja á flotta undan lögreglunni til þess að ná morðingjanum og bjarga lífi dóttur sinnar, Kim.
04.30 Mr. Nobody

SPORT

07.10 Valur - Stjarnan
08.55 Formúla 1 2016 - Æfing Bein útsending
10.10 Fjölnir - Fylkir
11.50 Formúla 1 2016 - Tímataka Bein útsending
13.40 Víkingur Ó - FH
15.20 Valur - KR
17.05 Pepsi-mörkin 2016
18.35 Markaður Pepsi-deildar kvenna
19.20 Formúla 1 2016 - Tímataka
20.40 Messan
22.15 UFC Now 2016
23.05 Watford - Arsenal
00.50 Crystal Palace - Bournemouth

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

STÖÐ 3

15.35 Who Do You Think You Are?
16.35 Hell's Kitchen
17.20 Baby Daddy
17.40 Raising Hope
18.05 The Big Bang Theory
18.25 Modern Family Fimmta sýran af þessum sprenglæglegu og sívinsælu gamanþáttum sem hlotið hafa einróma lof gagnrýnenda víða um heim. Fjölskyldurnar þrjár sem fylgst er með eru óborganlegar sem og aðstæðurnar sem þær lenda í hverju sinni.
18.50 Fóstbræður
19.20 Masterchef USA
20.00 Ísland Got Talent
21.30 Supernatural Tíunda serían af yfirnáttúrulegu spennuþáttunum um Winchester-bræðurna sem halda ótrauðir áfram baráttu sinni við yfirnáttúrulegar furðuskepnur.
22.15 Breakout Kings
23.00 Homeland
23.50 Bob's Burgers
00.10 American Dad
00.35 South Park
00.55 Fóstbræður
01.25 Masterchef USA
02.05 Tónlist

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Áfram Diego, áfram!
07.24 Svampur Sveinsson
07.49 Lalli
07.55 Rasmus Klumpur og félagar
08.00 Strumparnir
08.25 Gulla og grænjaxlarnir
08.37 Stóri og Litli
08.49 Hvellur keppnisbill
09.00 Kalli á þakínu
09.25 Ævintýri Tinna
09.47 Mæja býfluga
10.00 Dóra könnuður
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.47 Doddi litli og Eyrnastór
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Lalli
11.55 Rasmus Klumpur og félagar
12.00 Strumparnir
12.25 Gulla og grænjaxlarnir
12.37 Stóri og Litli
12.49 Hvellur keppnisbill
13.00 Kalli á þakínu
13.25 Ævintýri Tinna
13.47 Mæja býfluga
14.00 Dóra könnuður
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.47 Doddi litli og Eyrnastór
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Lalli
15.55 Rasmus Klumpur og félagar
16.00 Strumparnir
16.25 Gulla og grænjaxlarnir
16.37 Stóri og Litli
16.49 Hvellur keppnisbill
17.00 Kalli á þakínu
17.25 Ævintýri Tinna
17.47 Mæja býfluga
18.00 Dóra könnuður
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.47 Doddi litli og Eyrnastór
19.00 The Boxtrolls

GOLFSTÖÐIN

12.35 Golfing World 2016
13.25 Paul Lawrie Match Play
15.30 The Open Championship 2016
22.30 Golfing World 2016

BÍÓSTÖÐIN

08.25 Almost Famous
10.25 Hysteria
12.05 Grandma
13.25 Bróðir minn ljónshjarta
15.10 Almost Famous
17.15 Hysteria
18.55 Bróðir minn ljónshjarta
20.40 Grandma
22.00 Everly.
23.35 Arbitrage
01.20 Son of No One
02.55 Everly

RÚV

07.00 KrakkaRÚV
07.01 Kioka
07.08 Kalli og Lóa
07.20 Olivía
07.30 Nellý & Nóra
07.37 Dóta læknir
08.00 Póló
08.07 Kata og Mummi
08.18 Kúlugúbarnir
08.39 Tré Fú Tom
09.02 Babar og vinir hans
09.27 Skógargengið
09.38 Uss-Uss!
09.49 Hrói Höttur
10.01 Unnar og vinur
10.20 Basl er búskapur - Lítið um öxl
10.45 Venjulegt brjálaði - Hvað kostar hégóminn?
11.25 Matador
12.40 Stephen Fry: Út úr skápnum
13.40 Kypur - Ísland Bein útsending
15.50 Ljósan
16.15 Frumherjar sjónvarpsins: Sakamálaþættir
17.05 Mótorsport
17.40 Landakort
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Hávera ljónið Urri
18.11 Hæ Sámur
18.18 Hruturinn Hreinn
18.25 Heilabrot
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Sjónvarp í 50 ár: Upphafid
21.50 The Princess Bride
23.30 Little Children
01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Black-ish
08.20 King of Queens
08.50 How I Met Your Mother
09.15 Angel From Hell
09.40 The Odd Couple
10.05 Younger
10.30 King of Queens
10.55 How I Met Your Mother
11.20 Dr. Phil
12.00 Dr. Phil
12.40 The Tonight Show with Jimmy Fallon
13.20 The Tonight Show with Jimmy Fallon
14.00 The Tonight Show with Jimmy Fallon
14.40 Rachel Allen's Everyday Kitchen
15.05 Chasing Life
15.50 The Odd Couple
16.15 The Office
16.40 Men at Work
17.05 Mr. Bean's Holiday
18.35 Everybody Loves Raymond
19.00 King of Queens
19.25 How I Met Your Mother
19.50 Baskets
20.15 Lost in Translation
22.00 Monster's Ball
23.55 L!fe Happens
01.35 Drive
03.15 The Ides of March
05.00 Pepsi MAX tónlist

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR 20-50% AFSLÁTTUR



-20%



-25%

CANNON TUNGUSÓFI
Stærð: 216X163cm – færanleg tunga
Verð: 169.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 127.425,-



-40%

PALMER HORNTUNGUSÓFI
Stærð: 335X218/165cm
Verð: 298.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 238.400,-



-20%

CANNON HORNSÓFI
Stærð: 234X175cm
Verð: 199.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 159.200,-



-50%

MOBI TV SKENKUR
Breidd: 195cm
Verð: 109.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 54.500,-



-30%

STÓLL 133
ÚTSÖLUVERÐ: 9.730,-



-25%

DEVON Stóll
ÚTSÖLUVERÐ: 14.850,-



-20%

COBY Stóll
ÚTSÖLUVERÐ: 14.800,-



-25%

TWIST Stóll
ÚTSÖLUVERÐ: 13.425,-

DAGSKRÁ

Sunnudagur

STÖÐ 2

- 07.00 Strumparnir
07.25 Waybuloo
07.45 Elías
07.55 Doddi litli og Eyrnastór
08.10 Doddi litli og Eyrnastór
08.25 Kormákur
08.40 Stóri og Litli
08.55 Ævintýraferðin
09.10 Zigby
09.20 Heiða
09.45 Kalli kanína og félagar
10.05 Tommi og Jenni
10.25 Ninja-skjaldbökurnar
10.50 Teen Titans Go!
11.10 Ellen
11.50 Nágrannar
12.10 Nágrannar
12.30 Nágrannar
12.50 Nágrannar
13.10 Nágrannar
13.35 Grand Designs Australia
14.30 Nettir Kettir
15.25 Masterchef USA
16.05 Gulli byggir
16.35 Haustveisla Stöðvar 2
17.20 Mike & Molly
17.45 60 mínútur Vandaður þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimspekkfólki.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakinn
19.10 Fangavaktin
19.45 Þær tvær
20.15 Rizzoli & Isles
21.00 The Tunnel Önnur syran af þessum bresk-frönsku spennuþáttum sem byggðir eru á dansk-sænsku þáttaröðinni Brúin. Hjónum er rænt í göngunum undir Ermarsundið sem tengja England og Frakkland. Breski lögreglumaðurinn Karl Roebuck og franska lögreglukonan Elise Wassermann fá það hlutverk að rannsaka málið og þau þurfa að taka höndum saman til að hafa uppi á ræningjunum og bjarga hjónunum áður en það verður of seint.
21.50 The Third Eye
22.35 Aquarius
23.25 60 mínútur
00.10 Suits Sjötta þáttaröðin um hinn eitursnjalla Mike Ross, sem áður fyrr hafði lifbrauð sitt af því að taka margvísleg próf fyrir fólk gegn greiðslu. Lögræðingurinn harðsviðar, Harvey Specter, kemur auga á kosti kauða og útvegur honum vinnu á lögræðistofunni. Þó Ross komi úr allt annarri átt en þeir sem þar starfa nýtist hann afar vel í þeim málum sem inn á borð stofunnar koma.
00.55 The Night Shift
01.40 Independence Day
04.00 Gotham
04.50 Better Call Saul
05.45 Rizzoli & Isles

SPORT

- 08.15 IAAF Diamond League 2016
10.15 Premier League World 2016/2017
10.45 Markaður Pepsi-deildar kvenna
11.30 Formúla 1 2016 - Keppni
14.35 NBA
15.00 Einvígið á Nesinu 2016
15.50 Undankeppni HM 2018
18.00 Sumarmótin 2016
18.35 Undankeppni HM 2018
20.45 HM Markasýrpa
21.10 Undankeppni HM 2018
22.50 Undankeppni HM 2018
00.30 Undankeppni HM 2018

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

FRÁBÆRT
SUNNUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365



ÞÆR TVÆR

Vala Kristín og Júlíana Sara bregða sér í gervi skrautlegra persóna á sinn einstaka hátt. Stórskemmtilegur og meinfyndinn sketsaþáttur fyrir alla fjölskylduna.



RIZZOLI & ISLES

Stórskemmtilegur þáttur um ofurlögguna Jane Rizzoli og réttarmeinafræðinginn Mauru Isles sem leysa flókin glæpamál eins og þeim einum er lagið.




THE TUNNEL

Breski lögreglumaðurinn Karl Roebuck og franska lögreglukonan Elise Wassermann rannsaka dularfullt og snúðið mannrásmál.



THE THIRD EYE

Lögreglumaðurinn Viggo Lust hefur slitið öll tengsl við fortíðina og tvö ár eru liðin frá því að dóttir hans hvarf sporlaust. Hann hefur hafið störf á nýjum vettvangi en ekki er allt sem sýnist. Norskir spennuþættir sem hafa slegið í gegn!



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

STÖÐ 3

- 15.55 Project Runway
16.40 The Last Man on Earth
17.00 Cristela
17.25 Selfie
17.45 Raising Hope
18.10 The Big Bang Theory
18.30 Modern Family
18.55 Fóstbræður
19.25 Sjálfstætt fólk
20.00 Um land allt
20.25 Bob's Burgers
20.50 American Dad
21.15 South Park
21.40 Cold Case
22.25 Réttur
23.25 Pretty Little Liars
00.05 Fóstbræður
00.35 Sjálfstætt fólk
01.05 Um land allt
01.35 Bob's Burgers
01.55 American Dad
02.20 South Park
02.40 Tónlist

KRAKKASTÖÐIN

- 07.00 Kalli á þakinu
07.25 Ævintýri Tinna
07.47 Mæja býfluga
08.00 Dóra könnuður
08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
08.47 Doddi litli og Eyrnastór
09.00 Áfram Diego, áfram!
09.24 Svampur Sveinsson
09.49 Lalli
09.55 Rasmus Klumpur og félagar
10.00 Strumparnir
10.25 Gulla og grænjaxlarnir
10.37 Stóri og Litli
10.49 Hvellur keppnisbill
11.00 Kalli á þakinu
11.25 Ævintýri Tinna
11.47 Mæja býfluga
12.00 Dóra könnuður
12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
12.47 Doddi litli og Eyrnastór
13.00 Áfram Diego, áfram!
13.24 Svampur Sveinsson
13.49 Lalli
13.55 Rasmus Klumpur og félagar
14.00 Strumparnir
14.25 Gulla og grænjaxlarnir
14.37 Stóri og Litli
14.49 Hvellur keppnisbill
15.00 Kalli á þakinu
15.25 Ævintýri Tinna
15.47 Mæja býfluga
16.00 Dóra könnuður
16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
16.47 Doddi litli og Eyrnastór
17.00 Áfram Diego, áfram!
17.24 Svampur Sveinsson
17.49 Lalli
17.55 Rasmus Klumpur og félagar
18.00 Strumparnir
18.25 Gulla og grænjaxlarnir
18.37 Stóri og Litli
18.49 Hvellur keppnisbill
19.00 Ævintýri Desperaux



GOLFSTÖÐIN

- 12.45 Golfing World 2016
13.35 Canadian Pacific Women's Open
16.35 Inside the PGA Tour 2016
22.00 PGA Championship 2016

BÍÓSTÖÐIN


- 11.40 The Last of Robin Hood
13.10 Hyde Park on Hudson
14.45 Julie & Julia
16.50 The Last of Robin Hood
18.20 Hyde Park on Hudson
19.55 Julie & Julia
22.00 Ex Machina
23.45 Some Velvet Morning
01.05 + 1
02.45 Ex Machina

RÚV

- 07.00 KrakkaRÚV
07.01 Kioka
07.08 Kalli og Lóa
07.20 Olivia
07.30 Veistu hvað ég elska þig mikið
07.42 Vinabær Danna tígurs
07.52 Hæ Sámur
08.00 Hvolpasveitin
08.23 Babar og vinir hans
08.46 Kloufabárðarnir
08.53 Chaplin
09.00 Disneystundin
09.01 Finni Kostur
09.23 Sigildar teiknimyndir
09.30 Gló magnaða
09.53 Gúndi
10.06 Chaplin
10.10 Augnablik – úr 50 ára sögu sjónvarps
10.30 Sjónvarp í 50 ár: Upphafið
12.30 Steinsteypuöldin
13.00 Attenborough og undraheimur froskanna
14.00 Menningarveturinn 2016 - 2017
14.25 Klassikin okkar
16.35 Fangelisistónar
17.35 Landakort
17.45 Tákn málsfréttir
17.55 KrakkaRÚV
17.56 Ævintýri Berta og Árna
18.00 Nonni og Manni
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Orðbragð III
20.20 Sjónvarpið – staður stórra drauma
21.40 Houdini
23.05 Gullkálfar 0
00.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

- 01.35 Drive
03.15 The Ides of March
05.00 Pepsi MAX tónlist
06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Black-ish
08.20 King of Queens
08.50 How I Met Your Mother
09.15 Telenovela
09.40 Cooper Barrett's Guide to Surviving Life
10.05 Jennifer Falls
10.30 King of Queens
10.50 How I Met Your Mother
11.20 Dr. Phil
13.20 The Tonight Show with Jimmy Fallon
14.40 Royal Pains
15.25 Parenthood
16.10 Life in Pieces
16.35 Grandfathered
17.00 The Grinder
17.25 Angel From Hell
17.50 Top Chef
18.35 Everybody Loves Raymond
19.00 King of Queens
19.25 How I Met Your Mother
19.50 Rachel Allen's Everyday Kitchen
20.15 Chasing Life
21.00 Law & Order: Special Victims Unit
21.45 American Gothic
22.30 Ray Donovan
23.15 Fargo



ÍSAK Óli 2016

STOLTGANGAN 2016


Við göngum á ólíkan hátt – en öll í sömu átt

Lagt verður af stað frá Austurvelli kl. 11.30 í dag!

Allir eru hvattir til að fjölmenna í gönguna sem endar í Norræna húsinu á Fundi fólksins þar sem fjölmargt skemmtilegt verður um að vera, svo sem myndlistarsýning, spurningakeppni og áhugaverðar pallborðsumræður.

Heitt á könnunni og vöflur.

Sýnum samstöðu og okkur sjálf, rúllum og göngum saman og látum raddir okkar heyrast!



Norræna húsið

SHB

Mér líður eins og

SÍGAUNA- KÓNGI

Tónlistarmaðurinn **Júníus Meyvant** krúsar um götur borgarinnar á Ford Transit Camper-húsbíl. Nýlega stóðu yfir tökurlar á nýjasta tónlistarmyndbandi hans þar sem bíllinn leikur stórt hlutverk. Júníus er staddur í Berlín, þar sem hann spilaði á fyrstu tónleikum í Evróputúr sínum í gær.

Það er hægt að líkja þessu við atriði í Dumber, ég seldi íbúðina mína í Vestmannaeyjum, og ég fékk Ford Transit Camper upp í íbúðina, ég ætlaði aldrei að fá mér þennan bíl, maðurinn sem var að kaupa íbúðina af mér lánaði mér bílinn. Hann vissi alltaf að ég yrði forfallinn Camper-aðdáandi eftir það. Maður verður sjálfkrafa aðeins meira „white trash“, en frelsið er gott,“ segir Unnar Gísli Sigmarsson, betur þekktur sem Júníus Meyvant, spurður út í húsbíl sem hann hefur vakið talsverða athygli fyrir undanfarnar vikur.

Bíllinn er árgerð 1983 sem gerir það að verkum að hann er kominn

á fertugsaldur. Opinber skilgreining á fornbíl miðast við að bíllinn hafi náð 25 ára aldri miðað við skráningarárgerð. En ætli Unnar hafi hugsað sér að skrá sinn Camper í Fornbíllaklúbb Íslands?

„Ég þarf einmitt að fara að tækka á því hvort hann sé skráður. Ég væri til í að skrá hann í Camperfornbíllaklúbb. Það væri frábært að hitta fleiri aðdáendur Ford Transit Camper sem eru jafn klikkaðir og ég,“ segir hann og hlær.

Tökurlar hafa staðið yfir á nýjasta tónlistarmyndbandi Júníusar Meyvants þar sem Camperinn leikur stórt hlutverk og meðal leikara í myndbandinu er stórleikarinn Þórvaldur Davíð Kristjánsson. Mynd-



**MAÐUR
VERÐUR
SJÁLFKRAFA
AÐEINS MEIRA
„WHITE TRASH“, EN
FRELSIÐ ER GOTT.**

bandið er við Beat Silent Need, lag af nýjstu plötu hans, Floating Harmonies.

„Það var mjög skemmtilegt að taka upp þetta myndband. Camperinn spilar gott hlutverk. Þórvaldur Davíð er eigandi bílsins í myndbandinu, og ég bý inni á þeim hjónum, eins og hálfgerð heimasæta,“ segir Unnar og bætir við að myndbandið sé væntanlegt á næstu vikum.

Áhugi fjölskyldunnar á bílnum er mikill en sonur Unnars hefur haft töluvert gaman af þessum nýjasta bíl fjölskyldunnar, sem hann einfaldlega kys að kalla hús á hjólum.

„Það er svefnpláss fyrir fjóra fullorðna, svo það fer vel um okkur fjölskylduna, við höfum töluvert ferðast á Campernum og Simmi sonur minn er mjög hrifinn af bílnum, hann vill vera í honum öllum stundum. Sjálfur væri ég til

í að sofa í honum alla daga, en ég elska konuna mína of mikið, hún er nú þegar farin að sjá mig flytja út í bílinn. Ég vil gera allt fyrir bílinn og þetta er orðið frekar klikkað áhugamál,“ segir Unnar léttur í bragði og bætir við að hann hafi heldur betur dottið í lukkupottinn.

Unnar hefur verið áberandi undanfarin misseri, en framundan er nóg um að vera hjá honum. Hann er sem stendur staddur í Berlín, þar sem hann hélt í gær sína fyrstu tónleika á Evróputúrnum sínum.

„Ég er staddur í Berlín, það er frábært að spila hér og það gekk mjög vel, þetta voru fyrstu tónleikarnir mínir á þriggja vikna Evróputúr. Ég ætla meðal annars að ferðast til Þýskalands, Póllands, Austurríkis, London og Hollands. Þetta verður frábært,“ segir Unnar spenntur fyrir komandi tímum. gudrunjona@frettabladi.is



 **OPNI HÁSKÓLINN**
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

APME VERKEFNASTJÓRNUN

(Applied Project Management Expert)

Hefst: 17. september 2016 | Fjarnám

Gott skipulag og vönduð verkefnastjórnun eykur skilvirkni í starfi. APME verkefnastjórnun er nám samhliða vinnu, kennt í fjarnámi og í staðarlotum. Námið er skipulagt í samstarfi við tækni- og verkfræðideild HR.

„Námið er afar hagnýtt, fjölbreytt, tengt við raunveruleg verkefni og ætti að nýtast öllum, sama hvar þeir eru í skipulagsheildinni. Það hefur auðveldað mér alla skipulagsvinnu hvað varðar einstök verkefni og verkefnastöðu.“

◀ **Birkir Guðlaugsson**
LS Retail Partner Operations, Team Member



Leikarinn Þórvaldur Davíð Kristjánsson er meðal leikara í myndbandinu.

SPORTS DIRECT

**NÝ SENDING
Í HVERRI VIKU**

KARRIMOR MUNRO HERRA
ÚTIVISTARBUXUR



EINNIG FÁANLEGAR MEÐ
AFRENNANDI SKÁLMMUM

**MEGA
VALUE** 6.790 KR.

ADIDAS BARNA GALLI



EINNIG FÁANLEGIR FRÁ
FLEIRI MERKJUM

Verð frá
7.590 KR.

DUNLOP CANVAS UPPHÁIR SKÓR



FÁANLEGIR Í FLEIRI LITUM

Verð frá
2.990 KR.

SLAZENGER HÁSKÓLAPEYSUR



FÁANLEGAR Í FLEIRI LITUM

**2 FYRIR
3.990** 2.790 KR.

ADIDAS DÖMU BOLUR



FÁANLEGIR Í FLEIRI LITUM

**MEGA
VALUE** 3.390 KR.

SOVIET HERRASKÓR



**MEGA
VALUE** 7.190 KR.

LONSDALE HERRA BÓMULLARBUXUR



FÁANLEGAR Í FLEIRI LITUM

**MEGA
VALUE** 3.190 KR.

MUDDYFOX HERRA HJÓLAJAKKI



EINNIG FÁANLEGIR Á DÖMUR

**MEGA
VALUE** 6.390 KR.

LONSDALE HERRA ÆFINGARSKÓR



FÁANLEGIR Í FLEIRI LITUM

**MEGA
VALUE** 7.190 KR.

NO FEAR BARNA BUXUR



FÁANLEGIR Í FLEIRI LITUM

Verð frá
4.390 KR.

EVERLAST HERRA ÆFINGARBUXUR



FÁANLEGT Í FLEIRI LITUM

Verð frá
2.990 KR.

FABRIC FLYER SKÓR



FÁANLEGT Í FLEIRI LITUM

Verð frá
4.390 KR.

GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTAR- OG PRENTVILLUR.

**SPORTS
DIRECT**

Skógarlind 2

Opnunartími
Mán-mið: 10-19
Fim: 10-21
Fös: 10-20
Lau-Sun: 10-18



**SPORTS DIRECT LEITAR AF
STARFSFÓLKI Í FULLT STARF.**

Kröftugum einstaklingum sem vilja vinna sig upp í starfi sem og ábyrgð. Sanngjörn laun og veglegir sölubónusari boði fyrir öflugt fólk.

HÆFNISKRÖFUR:

Þjónustulund
stundvís
skipulagni
samskiptahæfni
Reynsla í þjónustustörfum
mikill kostur

**VINNUÞÍMI ER EFTIR SAMKOMULAGI
EN ER Í SAMRÆMI VIÐ OPNUNARTÍMA
VERSLUNARINNAR.**

Mán - Mið: 10 - 19
Fim: 10 - 21
Fös: 10 - 20
Lau - Sun: 10 - 18

Frekari upplýsingar veitir Margrét Theodórsdóttir, mannauðsstjóri
(margret.theodorsdottir@sportsdirect.com) í síma: 571-3010
SÆKIÐ UM Á SPORTSDIRECT.RADA.IS

Chloë Sevigny verður

Leikkonan, fyrrverandi fyrrsætan, fatahönnuðurinn og leikstjórinn Chloë Sevigny verður einn af heiðursgestum Alþjóðlegrar kvikmynda-hátíðar í Reykjavík, eða RIFF í ár.

Fyrsta stuttmynd Sevigny, Kitty, verður sýnd á hátíðinni en myndin var lokamynd kvikmyndahátíðarinnar í Cannes í ár.

Myndin segir frá stúlku sem dreymir um að umbreytast í kött og er byggð samnefndri á sögu eftir Paul Bowles.

Sevigny öðlaðist töluverða frægð umg á árum og var meðal annars

nefnd ein svalasta stelpa í heimi í sjö blaðsíðna grein sem skrifuð var um hana í tímaritið The New Yorker þegar hún var 19 ára gömul.

Chloë Sevigny.



einn af heiðursgestum RIFF í ár

Í kjölfarið var hún komin á kortið og var fyrsta hlutverk hennar í hinni umdeildu kvikmynd Kids sem kom út árið 1995. Einnig fór hún með eitt af aðalhlutverkunum í myndinni Boys Don't Cry. Fyrir frammistöðu sína í þeirri mynd var hún bæði tilnefnd til Óskars- og Golden Globe-verðlauna.

Einnig hefur hún tekið virkan þátt í og átt frumkvæði að umræðunni um feminisma í kvikmyndagerð og stöðluð kynjahlutverk í Hollywood. Sevigny er svo sannarlega margt til lista lagt því auk þess að hafa verið svalasta stelpa í heimi og hafa látið til sín taka í kvikmyndaheiminum er hún margrómuð fyrir smekklegan fatastil sinn og starfaði um tíma sem fatahönnuður.

Leikstjórnarnir Darren Aronovsky og Deepa Mehta verða einnig heiðursgestir á kvikmyndahátíðinni en Aronovsky leikstýrði meðal annars

hinni margverðlaunuðu kvikmynd Black Swan og Mehta er einna þekktust fyrir þrileikinn Fire, Earth og Water.

Kitty keppir til verðlauna á hátíðinni í flokki erlendra stuttmynda en þetta er í fyrsta sinn sem verðlaun eru veitt í flokknum. Sevigny verður viðstödd sýninguna og svarar spurningum gesta að sýningu lokinni.

RIFF verður sett í þrettánda sinn þann 29. september næstkomandi og stendur yfir til 9. október. Dagsskrá hátíðarinnar er hægt að kynna sér á vefsíðunni Riff.is. – gló

Fyrir þínar bestu stundir

DORMA
Láttu drauminn ræstast

NATURE'S LUXURY
heilsurúm

Nature's Luxury heilsudýna með Classic botni. Stærð: 180x200 cm. Fullt verð: 189.900 kr.

Aðeins 142.490 kr.

25% AFSLÁTTUR

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.

Nettur

10.000 króna AFSLÁTTUR

Plano
svefnsofi

Click - Clack svefnsofi. Grátt og rautt slitsterkt áklæði. Svefnsvæði: 120 x 190 cm. Fullt verð: 59.900 kr.

Aðeins 49.900 kr.

Þú finnur nýja bæklinginn okkar á www.dorma.is

DORMA
Láttu drauminn ræstast



Pétur er að vonum spennur fyrir frumsýningunni en hann hefur bara séð nokkrar klippur úr myndinni til þessa.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

Grennti sig um sautján kíló

Pétur Óskar Sigurðsson skellti sér á skíðavélina og hlaupabrettið skóf af sér sautján kíló fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Grimmd.

„Á þessum tíma var ég 78 kíló og búinn að vera að buffa mig upp í ræktinni. Mér fannst það kannski ekki alveg virka fyrir þessa típu og svo sagði Anton leikstjóri við mig: „Ég vil að þú missir 17 kíló fyrir þetta hlutverk.“ Ég fór bara í það,“ segir leikarinn Pétur Óskar Sigurðsson sem fer með eitt af aðalhlutverkunum í kvikmyndinni Grimmd. Leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar er fyrrnefndur Anton Sigurðsson.

Pétur segir að eftir að þeir Anton hafi sest saman niður, rætt karakterinn og sett saman sögu hans hafi í raun ekki komið mikið annað til greina en að losa sig við vöðvamassann sem hann hafði eytt undanförunum mánuðum í að byggja upp. „Það finnst sem sagt tvær stelpur myndar uppi í Heiðmörk og Andri, sem ég leik flækist inn í það og svo er það bara „down the rabbit hole.“

Rannsóknarlögglumennirnir Edda Davíðsdóttir, sem leikin er af Margréti Vilhjálmsdóttur, og Jóhannes Schram, leikinn af Sveini Ólafi Gunnarssyni, eru kölluð til að rannsaka málið. Í einbeittri rann-

ÞAD VAR HELST KANNSKI FÓLKIÐ Í WORLD CLASS SEM MAÐUR SÁ AÐ HUGSAÐI SVONA: JÁ, ÞESSI GAUR ER KOMINN Í EITTHVERT RUGL.

sókn og leit að sökuðólgnum fléttast saman nokkrar sögur og erfið rannsóknin flækist en frekar. Myndin verður frumsýnd þann 21. október næstkomandi.

Pétur ráðfærði sig við lækinn og söngvara hljómsveitarinnar Diktu, Hauk Heiðar Hauksson, um þyngd- artapið og segist aðallega hafa fókuserað á andlegu hliðina, það hafi nefnilega ekki reynst sérlega erfitt fyrir hann að skafa af sér kílóin. „Ég fór bara á hlaupabrettið og skíðavélina. Byrjaði rólega og setti mér svo markmið að brenna einhverju ákveðnu á dag. Svo fór ég bara að

minnka matinn hægt og rólega og var farinn að borða bara kinóa, salat og hnetur í öll mál og enga próteinsjeika.“

Pétur er nú búinn að þyngja sig aftur, enda filaði hann sig ekki sérlega vel í rúmum sextíu kílóum en þótti það samt nauðsynlegt fyrir hlutverkið. „Allar hreyfingar verða öðruvísi þegar maður er svona léttur og það þurfti að vera þarna.“

Hann tekur þó ekki fyrir það að hann myndi fara í viðlíka aðgerðir fyrir annað hlutverk svo lengi sem það bætti einhverju við hlutverkið og myndi jafnvel bæta á sig 17 kílóum ef svo bæri undir.

Líkt og gefur að skilja hafði kílóamissirinn töluverð áhrif á útlit Péturs og breyttust andlitsdrættir hans töluvert auk útlits líkamans. Hann segir vini og fjölskyldu þó hafa verið meðvitaða um hvers vegna og hvernig hann væri að grenna sig, það hafi aðallega verið fólkíð í ræktinni sem veitti honum athygli. „Það var helst kannski fólkíð í World Class sem maður sá að hugsaði svona: Já, þessi gaur er kominn í eitthvert rugl.“ gydalooa@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hafsteinn Hafsteinsson hafsteinn@365.is, Hjördis Zoëga Hjördis hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI** 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Jóhann Waage johannwaage@365.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@365.is, Ólafur H. Hákonarson olafurh@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsson vera@365.is **RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI** 512-5403: Hrónnar Helgason hroonnar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI** 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

OPIÐ HÚS!

Opið hús í Borgarleikhúsinu í dag frá klukkan 13 til 16.

Skoðunarferðir um húsið, atriði úr MAMMA MIA, innlit á æfingar, Villi vísindamaður, Hannes og Smári taka lagið og Lalli töframaður, Óður og Flexa úr Dansflokknum mæta á svæðið.

Tæknifikt, myndatökur, búningamátun og að sjálfsögðu vöflur og kaffi.

Sjáumst á eftir!



Bakpankar

Óttars Guðmundssonar



Mamma skilur allt

Samskipti ungra karlanna við móður sína hafa löngum verið viðfangsefni skálda og salkönnuða. Sigmundur Freud hélt því fram að margir karlmenn væru ástfangnir af móður sinni og vildu föður sinn feigan. Í Íslendingasögum er fjallað um flók- ið samband Grettis Ásmundssonar við móður sína, Ásdísi á Bjargi. Grettir var ofstopamaður sem allir hræddust en sjálfur óttaðist hann engan nema móður sína. Sama má segja um siðblindingiann Skarp- héðin Njálsson. Gagnvart Berg- þóru móður sinni var hann eins og smátrákur með vonda samvisku. Gunnar á Hlíðarenda var ákaflega taugaóstyrkur í samskiptum við móður sína, Rannveigu. Kannski voru þessir piltar illa haldnir af freudiskri Ódipusarduld sem menn voru ekki farnir að greina.

Á dögnum fagnaði banda- ríski sundmaðurinn Ryan Lochte Ólympíugulli í Río með félögum sínum. Þeir voru ölvaðir og lentu í ryskingum við heimamenn. Lochte sagði eftir á að vopnaðir ræningjar hefðu ráðist á þá og rænt. Þetta vakti gífurlega athygli. Smám saman kom þó ljós að Lochte og félagar lugu upp sögunni. Millirikjakrisa var í upp- siglingu þar til gestgjafarnir voru beðnir afsökunar á lygum þessara þörupilta.

Skýringin er talin sú að Lochte vildi ekki að mamma hans frétti að hann hefði verið fullur að slást við öryggisverði. Hann laug til um atburðarásina til að mamma yrði ekki sár. Freud hefði sennilega sagt að Lochte væri sjúklega hræddur við móður sína og vildi allt til þess vinna að hún tæki hann á kné sér, fyrirgæfi allt, umbæri allt og klapp- aði honum á kollinn. Litlir drengir, sundkappar og íslenskar fornhettur eiga allir þennan draum og eru tilbúnir að ljúga hverju sem er svo að mamma verði ekki reið.

ÓPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

24 TÍMA

Iceland

Endalaust sumar

ENDALAUS GSM

2.990 KR.*

ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG 30 GB GAGNAMAGN*

JAFNLAUNA- VOTTUN VR

*Grett er aukalega fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og upplýsinga- mer. Nánari upplýsingar er að finna í GSM skilmálum á 365.is

*30 GB gagnamagn er innifalið í hverjum mánuði en endalaust gagnamagn fyrir 2.000 krónum bætt við ef farið er umfram 30 GB

1817 | 365.is |



990,-

Nýtt VARDAGEN formkökumót



Nýtt VARDAGEN skál. Ø26cm 985,-



WARDAGEN diskapurkur 990,-/2 í pk.



Nýtt VARDAGEN bökuðiskar Ø11cm 545,-/stk.



WARDAGEN kokkahnifur L20cm 2.390,-

Glerfín hönnun á hverjum degi

Dagleg störf í eldhúsinu – hjarta heimilisins – verða ánægjulegri með réttu hjálparkokkunum. Við hönnun VARDAGEN línunnar var horft bæði til fortíðar og framtíðar. Útlitið er einfalt og sígilt og vekur upp minningar um heimilismat við eldhúsbörðið hjá ömmu, en er á sama tíma stílhreint og hentar til notkunar á hvaða heimili sem er, ár eftir ár. Línan inniheldur tímalausan gæðaborðbúnað og áhöld í nútímaeldhúsið – sem hvert heimili hefur með sínu sniði.



1.450,-

WARDAGEN svunta



685,-

WARDAGEN glas. 20cl



Nýtt VARDAGEN skálar. Ø12cm 285,-/stk.



WARDAGEN krukkur með loki 1,9l 845,- 0,3l 475,-



Nýtt VARDAGEN kaffibolli og undirskál. 14cl 375,-



WARDAGEN skaftpottur með loki. 2l 3.450,-



1.890,-

WARDAGEN kökumót með lausum botni



Nýtt VARDAGEN diskar Ø26cm 485,- Ø21cm 385,-



Nýtt VARDAGEN framreiðslufat B23xL35cm 985,-



WARDAGEN karafla 0,5l 490,-



WARDAGEN pottur með loki. 3l 3.850,-

VEITINGASTAÐURINN

Aðeins í september Lambakótleittur í raspi og meðlæti

995,-



Verzlun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opin 9:30-20:30 - www.IKEA.is

